FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

Black Friday

25% afsláttur af öllum vörum*

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð og ekki af Simba vörum.

Í DAG 29. NÓVEMBER
OPIÐ TIL kl. 22



DORMA

Láttu drauminn rætast

Afgreiðslutími
Föstudagurinn 29. nóvember
opið til kl. 22[00]
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR



Boggie
3ja sæta sófi og stóll

Fáanlegt í nokkrum litum í slitsterku áklæði

Sófi: 186 x 77 x 85 cm.
Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **64.935 kr.**

Fullt verð á stól: 54.900 kr.

Aðeins **35.685 kr.**

BLACK FRIDAY 35% BOMBA

Black Friday

25% afsláttur af öllum vörum*

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð og ekki af Simba vörum.

VEFVERSLUN DORMA
{ALLTAF OPIN}
www.dorma.is

OSLO
vegghilla

Vegghilla með einni skúffu. Hillur hvítar en uppistöður svartar eða eikarlitar. Skúffa í stíl.
B: 55,1 D: 48,1 H: 180,4 cm

Fullt verð: 19.900 kr.



BLACK FRIDAY 40% BOMBA

Aðeins **11.940 kr.**



OSWALD
3ja sæta sófi og stóll



BLACK FRIDAY 60% BOMBA

Slitsterkt, dökkgrátt Malmö áklæði og ljósir viðarfætur

Sófi: 185 x 84 cm. **Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **35.960 kr.**

Stóll: 93 x 84 cm. **Fullt verð: 59.900 kr.**

Aðeins **23.960 kr.**

PURE COMFORT
hvít teygjulök



BLACK FRIDAY 50% BOMBA

Stærðir	Fullt verð	BOMBA
90/100 x 200/220 x 35	3.490 kr.	1.745 kr
120/140 x 200/220 x 35	3.990 kr.	1.995 kr
160 x 200/220 x 35	4.990 kr.	2.495 kr
180/200 x 200/220 x 35	5.490 kr.	2.745 kr

BLACK FRIDAY BOMBA



BLACK FRIDAY 70% BOMBA

CLIPSTON

Skemmtilegt svart, grátt eða hvítt hliðarborð úr málmi.
Þverm. 38,5 cm H: 48 cm

Fullt verð: 5.900 kr.

Aðeins **1.770 kr.**

SIMBA
Charlotte Julien

C&J STILLANLEGT HEILSURÚM
með Simba heilsudýnu



BLACK FRIDAY 29% BOMBA

80 cm C&J stillanlegur botn á 50% Black Friday afslætti ef hann er keyptur með Simba heilsudýnu. Afláttur af heildarverði er því 29%

Fullt verð: 194.990 kr.

Aðeins **137.490 kr.**

Afgreiðslutími
Föstudagurinn 29. nóvember opið til kl. 22[00]
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

279. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 29. NÓVEMBER 2019



Hrímið gefur sölnuðum gróðri frá liðnu sumri ævintýralegan og hátíðlegan blæ. Undanfarna daga hefur verið kalt og stillt í höfuðborginni. Það eru kjöraðstæður fyrir hrímið sem leggst yfir allt. Búast má þó við hlýnandi veðri í borginni næstu daga með hita og rigningu, hiti gæti farið í átta gráður á mánudag. Myndin var tekin við Elliðaárnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hafsjór tækifæra

SJÁVARÚTVEGUR Blága hagkerfið, eða öll starfsemi sem við kemur hafinu í kringum Ísland, getur þrefaldast að umfangi á næstu tveimur áratugum. Í dag byggir blága hagkerfið að mestu á hefðbundnum sjávarútvegi en innan 20 ára mun allt að helmingur veltu byggjast á nýjum atvinnugreinum sem nýta auðlindir hafsins.

Ef svo fer þá kann sjávarútvegur að verða einungis helmingur af veltu haftengdra greina hérlendis innan 20 ára.



Þór Sigfússon, forstöðumaður Sjávarklasans

Þetta er meðal annars það sem kemur fram í nýju riti Íslenska sjávarklasans sem nefnist „Bak við yztu sjónarrönd“ og kemur út innan tíðar.

„Hér felast því mörg tækifæri til að skapa verðmæti og áhugaverð störf til framtíðar,“ segir Þór Sigfússon, annar höfunda ritsins. Hann segir mikinn vöxt geta orðið áfram í tæknifyrirtækjum sem tengjast hafinu, fiskeldi, líftækni og fullvinnslu, þara og þörungum svo eitthvað sé nefnt. „Ef svo fer þá kann sjávarútvegur að verða einungis helmingur af veltu haftengdra greina hérlendis innan 20 ára. Það þýðir að blága hagkerfið gæti farið úr tæplega 400 milljarða veltu í rösklega 1.300 milljarða,“ segir Þór. **– ds / sjá síðu 18**

Mikil óánægja á BUGL

Mikil starfsmannavelta lengir biðina eftir þjónustu Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Meira en hundrað börn bíða nú eftir þjónustu á BUGL.

HEILBRIGÐISMÁL Mikil óánægja er meðal fagfólks sem starfar á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Starfsmannaveltan hefur verið í kringum 45 prósent síðustu ár meðal fagfólks.

„Vel þjálfaðir starfsmenn eru að hverfa til annarra betur launaðra starfa þar sem BUGL þykir ekki samkeppnishæfur vettvangur eða eftirsóknarverður vegna umtalsvert lakari kjara en annars staðar hjá ríki og sveitarfélögum,“ segir Ingibjörg Karlsdóttir, félagsráðgjafi hjá BUGL.

Dæmi eru um að fagfólki hafi verið boðin einfaldari störf hjá heilsugæslustöðvum og félagsþjónustu sveitarfélaga með launahækkun upp á 150 til 200 þúsund krónur á mánuði.

Í dag eru 510 börn í þjónustu hjá BUGL, um er að ræða viðkvæman hóp barna með fjölþættan vanda. Komum á göngudeild hefur fjölgað töluvert á milli ára. Árið 2018 fjölgaði komum um 16 prósent. Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á BUGL, segir að útlit sé fyrir að þeim haldi áfram að fjölga á þessu ári um tæplega 15 prósent.

Í dag er 101 barn á biðlista eftir þjónustu. **– ab / sjá síðu 20**





Hótar að stefna Vigdísi Hauks

REYKJAVÍK Aron Leví Beck, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, krefur Vigdísi Hauksdóttur, oddvita Miðflokksins í Reykjavík, um yfirlýsingu um bætta hegðun ásamt afsökunarbeiðni vegna ásakana um spillingu í garð Arons. Í bréfi sem Vigdísi barst frá lögmanni Arons er henni hótað aðgerðum. Prófessor í sagnfræði segist ekki muna eftir álíka dæmi í seinni tíð.

Málið snýst um ummæli sem Vigdís lét falla á borgarstjórnarfundi 19. nóvember þar sem hún sakaði Aron Leví um spillingu vegna tengsla hans við fyrirhugaða byggingu Biodome í Elliðaárdal. **– ab / sjá síðu 10**




Aron Leví Beck, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Með lausn fyrir dreifingu á áfengi

VIÐSKIPTI Íslandspóstur hefur þróað örugga lausn fyrir dreifingu á áfengi komi til þess að lagaramminn um netverslun með áfengi breytist á næsta ári. Þetta segir Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts, í samtali við Fréttablaðið. Tryggt verður að viðtakandi sé sá sami og sá sem pantar og að hann hafi aldur til kaupa á áfengi. Dómsmálaráðherra hyggst leggja fyrir frumvarp á Alþingi í mars sem heimilar kaup á áfengi í netverslun án aðkomu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. **– þfh / sjá síðu 4**

Veður



V- eða breytileg átt 3-8 m/s. Léttskýjað, en þykknar upp vestan til með deginum. Að mestu skýjað og dálítil él eða slydduél N- og vestan til á morgun, en áfram léttskýjað suðaustanlands. SJÁ SÍÐU 50



Verið var að undirbúa tónleika þegar slysið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sviðsstjóri í mál við Sinfóníuna og Hörpu

DÓMSMÁL Í gær var tekið fyrir mál sviðsstjóra hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands gegn hljómsveitinni og tónleikahúsinu Hörpu. Er það vegna bótakröfu í tengslum við vinnuslys sem varð árið 2013.

Að sögn Einars Gauts Steingrímssonar, lögmanns sviðsstjórans, er Hörpu stefnt sem húseiganda og Sinfóníunni sem vinnuveitanda. Upphaflega var fjármálaráðuneytinu einnig stefnt sem launagreiðanda, en eftir að ljóst var að Sinfónían bæri ábyrgð var fallið frá kröfum á ríkið. Sviðsstjórinn er nú í tímabundnu leyfi frá störfum.

„Þetta er heiðarlegur ágreiningur um bótaskyldu í sjálfu sér," segir Einar Gautur. „Deilt er um hvort öryggismálin hafi verið í lagi hjá atvinnurekanda. Við teljum að svo hafi ekki verið en þau telja að svo hafi verið." Slysið varð þegar verið var að undirbúa tónleika og eru meiðslin varanleg.

Einar segir málið meðal annars snúast um hver sé ábyrgð atvinnurekanda, hver sé ábyrgð húseiganda og hvort þeir beri báðir ábyrgð. Dagsetning aðalmeðferðar hefur ekki verið ákveðin en líkur eru á því að hún verði í febrúar á næsta ári.

Sinfóníuhljómsveit Íslands vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu. Ekki náðist í framkvæmdastjóra Hörpu fyrir vinnslu þessarar fréttar. **– khg**

Atvinnulausir voru 7.400 í októbermáuði

VINNUMARKAÐUR Atvinnulausir voru 7.400 í október eða 3,6 prósent af vinnuafli í landinu. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Atvinnuleysi minnkaði um 0,1 prósent frá september síðastliðnum. Þá jókst atvinnuþátttaka um hálft prósentustig milli mánaða og var 82 prósent í október.

Atvinnuleysi minnkaði um 0,1 prósent frá september síðastliðnum.

Fram kemur að atvinnuþátttaka undanfarna sex mánuði hafi verið nokkuð jöfn. Þá kemur einnig fram að 209.500 manns á aldrinum 16-74 ára hafi að jafnaði verið á vinnumarkaði í október. **– jþ**



Þakkargjörð í Hámu



Í gær var þakkargjörðardagurinn haldinn hátíðlegur í Hámu, veitingastofu stúdenta í Háskóla Íslands, eins og víða annars staðar. Fram var borinn kalkúnn og réttur fyrir grænkera. Kræsingunum voru gerð góð skil og allir voru sáttir, sælir og þakklátir ef að líkum lætur. FRÉTTABLAÐIÐ / ERNIR

Segir nýja auglýsingu fasíska og stalíníska

Auglýsing um stofnfund Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál hefur vakið mikla athygli. Hafa margir bendlað hana við nasisma og karlrembu. Prófessor við Listaháskólann segir myndmálið fasískt og stalínískt.

MENNING Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands og betur þekktur sem Goddur, segir myndmál í auglýsingu um stofnfund Félags sjálfstæðismanna um fullveldismál bæði fasískt og stalínískt. Staða mannsins fyrir miðri myndinni gefi það til kynna. Auglýsingin hefur verið mikið til umræðu og bendluð við kynþáttahyggju og karlrembu.

„Þetta er klassísk staða sem sést í myndum frá árunum 1930 til 1940 og þeim þjóðrembingi sem var á árunum fyrir seinni heimsstyrjöld. Þetta sást til dæmis í Þýskalandi, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Þarna stendur ofurmennið, „Übermensch", fremst. Þetta er fasískt myndmál sem einnig tilheyrir stalínisma. Það er alveg á hreinu," segir Goddur.

Þó að myndin sé fasísk í eðli sínu þá er ekki hægt að sjá í henni beina kynþáttahyggju, eins og nasistar þriðja ríkisins stunduðu. Kynþáttahyggja hafi þó verið undirliggjandi hugmyndafræði á þessum árum. „Ef það væri kynþáttahyggja í þessari mynd þá væri verið að sýna til dæmis blökkufólk á afkáralegan hátt, með bein í nefinu og slíkt," segir Goddur. Vísar hann til skopmynda og bóka á borð við Tíu litla negrastráka í því samhengi.

„Víkingar sem slíkir koma kynþáttahyggju ekki neitt við. En þó má sjá myndir af þeim, til dæmis á plakötum danskra þjóðernissinna frá stríðsárunum, sem börðust gegn bolsévikum, og í pólitískum áróðri þriðja ríkisins."

Myndina sem slíka verði að skoða út frá sögulegu samhengi, til dæmis hvað varðar kynþáttahyggju og karlrembu.



Guðmundur Oddur Magnússon, öðru nafni Goddur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta er klassísk staða sem sést í myndum frá árunum 1930 til 1940 og þeim þjóðrembingi sem var á árunum fyrir seinni heimsstyrjöld

Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við LHÍ

„Þarna er verið að endurvinna myndmál frá ákveðnum tíma og það þýðir ekki að meta fortíðina út frá okkar eigin forsendum í dag, um hvað sé karllægt og kvenlægt," segir Goddur. „Veröldin var karllæg á þessum tíma, öll sömul, og öll tilvísun þar með. Jafnréttisumræðan er seinni tíma mál."

Goddur tekur hins vegar undir að með notkun myndarinnar komi fram fortíðarþrá, það er að hlutirnir hafi verið betri í þá daga.

Upprunalega myndin sem notuð er í auglýsingunni birtist sem forsíðumynd Morgunblaðsins sunnudaginn 5. júlí árið 1942. Þann dag fóru fram alþingiskosningar og ber efni blaðsins það augljóslega með sér. Fjölmargar auglýsingar og greinar um nauðsyn þess að kjósa Sjálfstæðisflokkinn birtust í þessu blaði, og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig fólk ætti að kjósa fulltrúa flokksins.

Á forsíðu blaðsins sést myndin í heild sinni og má þá sjá fjölda fólks í Almannagjá á Þingvöllum, veifandi fánum og með listabókstaf Sjálfstæðisflokksins á skiltum. Myndin er ekki merkt en á þessum árum teiknaði listamaðurinn Stefán Jónsson margar myndir fyrir flokkinn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

BLACKFRIDAY

SPARIÐ ALLT AÐ 70%

ÖLL RÚM OG ALLAR DÝNUR

20-50%

30%

ÖLL LÖK

30%

ALLT GARN

30-70%

ÖLL JÓLA-VARA

50%

ALLAR JÓLA-PEYSUR

70%

ALLAR PURE BAÐ-VÖRUR

20-50%

ALLIR SKRIFBORÐS-STÓLAR

ALLAR MOTTUR

30%

ALLIR LAMPAR OG LOFT-LJÓS

20-50%

OPIÐ Í ÖLLUM BÚÐUM
FRÁ 10-21
OG TIL MIÐNÆTTIS
Á AKUREYRI

25-50%

ALLAR SÆNGUR OG KODDAR

ÖLL SÆNGUR-VER

30%

20-50%

ÖLL HÚS-GÖGN

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR AÐEINS FÖSTUDAGINN 29.11



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Skilur eftir sig fjögur börn sem óska eftir aðstoð Jóna Júlía lést aðeins 45 ára gömul. Hún var einstæð fjögurra barna móðir. Hrundið hefur verið af stað söfnun fyrir börn hennar.

2 Gekk fram á lifandi hnúfubak í fjörunni: „Aldrei hægt að ná honum út“ Jón Halldórsson, landpóstur í Hólmavík, gekk fram á lifandi hnúfubak á Gálmaströnd.

3 Draumur 10 ára barna varð að engu: Sátu heima grátandi „Einu fórnarlömbin í þessu öllu saman eru krakkarnir, sonur minn er grátandi.“

4 Söfnun fyrir Garðar Smára sem missti aleiguna í bruna: „Skelfileg staða“ Hann er 22 ára öryrki vegna einhverfurófs og missti aleiguna í bruna á Akureyri. Stofnaður hefur verið styrktarreikningur fyrir Garðar Smára.

5 Trump birti mynd af sér sem Rocky Enginn virðist vita hvað forseta Bandaríkjanna gengur til með myndbirtingunni en ýmsar kenningar hafa verið viðraðar.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Netáskriftum að sjónvarpi fækkar stöðugt

FJARSKIPTI Síminn og Vodafone eru stærstu fyrirtækin á markaði fyrir heimasíma hér á landi með um 93 prósent hlutdeild. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjum upplýsingum um fjarskiptamarkaðinn frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Dregið hefur úr fjölda áskrifenda með heimasíma milli ára og mínútum fækkaði um 15 prósent frá í fyrra. „Gagnamagn á farsímaneti heldur áfram að aukast en það hefur verið mjög mikil aukning undanfarin ár með innleiðingu á 4G,“ segir í tilkynningu PFS. Þá kemur fram að áskrifendum með sjónvarp yfir netið hafi fækkað um fjögur prósent frá í fyrra, voru 96.160 á miðju ári 2019 en 100.504 á miðju ári 2018. **– gar**



Birgir Jónsson leiðir þessa dagana miklar breytingar á rekstri Íslandspósts. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Íslandspóstur tilbúinn með lausn fyrir dreifingu á áfengi

Íslandspóstur hefur þróað lausn til að dreifa áfengi ef lagaramminn um netverslun með áfengi breytist á næsta ári. Ganga úr skugga um að viðtakandi sé sá sami og panti og að hann sé yfir aldurstakmarki. Allar fjárfestingar fyrirtækisins á næsta ári munu snúast um stafræna þjónustu og þróun.

VIÐSKIPTI Íslandspóstur er tilbúinn með örugga lausn fyrir dreifingu á áfengi ef lagaramminn utan um netverslun með áfengi breytist á næsta ári. Þetta segir Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts, í samtali við Fréttablaðið.

„Þegar við fréttum af áformunum fórum við af stað og teiknuðum upp lausn. Í henni felst að við getum dreift áfengi í gegnum dreifikerfið okkar með skjótum hætti, séð til þess að viðtakandinn sé sá sami og pantaði, og gengið úr skugga um að hann sé yfir aldurstakmarkinu,“ segir Birgir sem tók við sem forstjóri Íslandspósts í byrjun sumars.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hyggst leggja frumvarp fyrir Alþingi í mars á næsta ári sem heimilar kaup á áfengi í netverslunum hér á landi án aðkomu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Samkvæmt núgildandi lögum er fólki einungis heimilt að kaupa áfengi í erlendum netverslunum og þarf þá að greiða virðisaukaskatt og áfengisgjald.

„Við erum tilbúin að ríða á vaðið ef lögin breytast. Það er mikil gróska hér innanhúss og starfsmenn eru að hugsa í lausnum,“ segir Birgir.

Eins og greint var frá í Markaðinum í vikunni er árangurinn af hagræðingu Íslandspósts að koma í ljós. Útlit er fyrir að afkoman verði við núllið á næsta ári eftir stanslaust tap um margra ára skeið. Birgir segir að viðsnúningi hafi verið náð á sama tíma og þjónusta við viðskiptavini hafi verið stóraukin. Íslandspóstur hefur til að mynda þróað ýmsar nýjungar í þjónustu við netverslanir og býður nú upp á heimsendingu samdægurs. Þá hefur verið þróuð lausn til að dreifa matvörum úr verslunum innan nokkurra klukkustunda.

„Það sem við gerðum var að við settumst niður og fórum að hlusta. Við erum búin að vera í miklu samtali við netverslanir og viðskiptavini þeirra á síðustu mánuðum. Það var haldinn góður fundur með um 70 eigendum netverslana og einnig höfum við fylgst með umræðum um þjónustu fyrirtækisins á samfélagsmiðlum. Út úr þessu gátum við greint hvaða þjónustuþætti þyrfti að bæta og með hvaða hætti.“

Íslandspóstur mun setja upp nærri 50 ný póstbox um allt land og hefst uppsetning næsta vor. Þá geta viðskiptavinir valið mun fleiri þjónustustaði en verið hefur. Eins og staðan er í dag er Pósturinn ekki með nein póstbox á landsbyggðinni. Mikil áhersla verður lögð á sjálfsafgreiðslu.

„Lykillinn að þessu eru stafrænar lausnir en allar fjárfestingar okkar á næsta ári munu snúast um stafræna þjónustu og þróun,“ segir Birgir. **thorsteinn@frettabladid.is**

Náðu að besta afhendingu á kvöldin

Íslandspóstur hefur náð miklum árangri í bestun á heimkeyrslu á kvöldin en þar hefur hlutfall pakka sem eru afhentir farið úr 75 prósentum í um 90 prósent. Á sama tíma hefur afhendingarglugginn verið styttur í 60 mínútur en hann var áður 5 klukkutímar. „Þetta var þannig að þú fékkst SMS-um að pakkinn kæmi á milli kl 17-22 og varst í hálfgerðu stofufangelsi. Nú segjum við að glugginn sé klukkutími og ef sá tími hentar illa þá geturðu látið vita og afhendingin tekur þá mið af því.“



30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM

VERSACE

JÓLAKÖSSUM

AÐEINS Í DAG, BLACK FRIDAY

FYRIR HANA



Versace Bright Crystal jólagjafasett fyrir hana
30 ml ilmvatn + 50 ml líkamskrem
Verð nú: 5.810 kr. Verð áður: 8.299 kr.

FYRIR HANN



Versace EAU Fraiche jólagjafasett fyrir hann
30 ml ilmvatn + 50 ml sturtusápa
Verð nú: 5.250 kr. Verð áður: 7.499 kr.



Versace Dylan Blue jólagjafasett fyrir hana
30 ml ilmvatn + 50 ml líkamskrem
Verð nú: 6.020 kr. Verð áður: 8.599 kr.



Versace Dylan Blue jólagjafasett fyrir hann
30 ml ilmvatn + 50 ml sturtusápa
Verð nú: 5.530 kr. Verð áður: 7.899 kr.



Versace EROS jólagjafasett fyrir hana
30 ml ilmvatn + 50 ml líkamskrem
Verð nú: 5.950 kr. Verð áður: 8.499 kr.



Versace EROS Flame jólagjafasett fyrir hann
30 ml ilmvatn + 50 ml sturtusápa
Verð nú: 6.160 kr. Verð áður: 8.799 kr.

JÓLAGJÖFINA

FINNUR ÞÚ HJÁ OKKUR

HAGKAUP
Snurtivara



Lánafyrirtæki auglýsa í tilefni svarts föstudags. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hækka verð til að lækka það á svörtum föstudegi

NEYTENDUR Neytendasamtökunum hafa borist ábendingar um að smávöruverslanir hækki verðið í aðdraganda svarts föstudags, eða Black Friday. Ólíkt því sem gerðist í fyrra hafa lánafyrirtæki í auknum mæli auglýst í tilefni dagsins.

„Við höfum fengið nokkuð margar ábendingar frá einstaklingum um að verslanir hafi verið að hækka verð til þess að lækka þennan dag," segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna. Samtökin fylgdust einnig með í fyrra og var það sama uppi á teningnum þá, það er að verslanir hækki verð nokkrum dögum fyrir svartan föstudag.

Hvetur hann fólk til að tilkynna slíkt til Neytendastofu, enda sé ólöglegt að auglýsa afslætti nema um raunverulega verðlækkun sé að ræða. „Verslun verður að geta sýnt fram á að hafa selt vörur á því verði sem hún segir hið venjulega," segir Breki. Jafn framt má afsláttur ekki vara lengur en sex vikur, heldur er það þá orðið hið nýja verð.

> **Verslun verður að geta sýnt fram á að hafa selt vörur á því verði sem hún segir hið venjulega.**

Breki segir helsta muninn milli ára vera fjölgun auglýsinga frá smálánafyrirtækjum, bæði þeim sem bjóða löglega og ólöglega vexti. „Það sem við viljum koma áleiðis er að þessi svarti föstudagur hefur verið trommaður upp á undanförnum árum sem einn helsti kaupgleðileikur ársins, eins og að verslun sé að fara úr móð," segir hann.

Aðspurður hvort hann telji að neytendur séu að hagnast á þessum degi segir Breki það misjafnt. „Eflaust er hægt að gera góð kaup en fólk þarf að spyrja sig hvort það virkilega vanti þær vörur sem það er að hugsa um að kaupa." Einnig að það kanni verðið, bæði hvernig það var áður en afsláttur var kynntur og hvernig þau er erlendis. – khg





Sigurður Ingi segir að stefnt sé að því að gera heildstæða greiningu á jarðgangakostum á Íslandi . MYND/GÍSLI BERG

Vilja skoða fýsileika Tröllaskagaganga

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar, segir að jarðgöng á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar myndu stórefla atvinnusvæðið á Norðurlandi. Ráðherra gerir fastlega ráð fyrir að göngin verði einn af þeim möguleikum sem skoðaðir verða.

NORÐURLAND Sveitarstjórnir Skagafjarðar og Akureyrarbæjar fólu vegamálastjóra að gera greinargerð um jarðgangakosti á Tröllaskaga, til að stytta vegalengdina á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Var henni skilað í haust og fýsilegasti kosturinn talinn göng á milli Hóla og Barkárdals. Myndi hann stytta leiðina um 30 kílómetra og hringvegurinn færast þá leið.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar, segir að sveitarstjórnirnar hafi ekki frekar aðhafst í málinu að svo stöddu en að til standi að funda með samgöngunefnd Alþingis til að ræða göngin.

„Styttingin er í sjálfu sér ekki mikil en stóra málið er að við myndum losna við erfiðan fjallveg," segir Ásthildur. „Jarðgöngin myndu einnig tengja þessi vaxtarsamfélög betur saman, þannig að þau yrðu að einu atvinnusvæði." Nefnir hún Vaðlaheiðargöngin í þessu samhengi. „Við erum að sjá að með tilkomu þeirra eru Eyjafjörðurinn og Þingeyjasýslurnar að verða eitt atvinnusvæði. Göng yfir í Skagafjörðinn myndu þétta Norðurlandið og það yrði miklu sterkara svæði."

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, segir að stefnt sé að því að gera heildstæða greiningu á jarðgangakostum á Ísland. Þar verði valkostir á einstaka leiðum metnir með tilliti til fýsileika, kostnaðar og félagshagfræðilegs ábata. Á grunni þeirrar greiningar verði hægt að forgangsraða jarðgangnakostum til lengri tíma.

„Göng milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, Tröllaskagagöng, eru einn af þeim gangakostum sem verið hafa í umræðunni sem mögulegir kostir og má því fastlega gera ráð fyrir að þau verði einn af þeim kostum sem skoðaðir verða," segir Sigurður Ingi.

Málið er þegar komið inn á borð Alþingis því að fyrir liggur þingsályktunartillaga Stefáns Vagns Stefánssonar og Bjarna Jónssonar um að hefja vinnu við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni Tröllaskagaganga.

Stefán Vagn, varaþingmaður og sveitarstjórnarmaður Framsóknarflokksins í Skagafirði, er sammála Ásthildi um að Skagafjörðurinn og Eyjafjörðurinn yrðu eitt atvinnusvæði með tilkomu ganga og þjónusta myndi batna. „Hér hafa verið miklar breytingar á sjúkrahúsþjónustu svo að dæmi sé tekið og við erum að leita í meiri mæli inn á Akureyri. Þetta myndi auka öryggi okkar mjög mikið segir," Stefán Vagn.

Nefnir hann einnig umferðaröryggi og að verið sé að skoða Akureyrarflugvöll sem nýtt hlið inn í landið. Myndi bæði hringvegurinn og tengingin við flugvöllinn auka ferðaþjónustu í Skagafirði. „Ég myndi ekki segja að það hái Sauðárkrók að vera ekki hluti af hringveginum, en það myndi styrkja bæinn að vera kominn á Þjóðveg 1," segir hann.

> **Göng milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, Tröllaskagagöng, eru einn af þeim gangakostum sem verið hafa í umræðunni sem mögulegir kostir og má því fastlega gera ráð fyrir að þau verði einn af þeim kostum sem skoðaðir verða.**



Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Þar sem málið er enn á umræðustigi liggja engar tölur fyrir um kostnað eða hagkvæmni ganga. Ljóst er þó að göngin yrðu enginn smábiti, enda allt að 20 kílómetra löng. Til samanburðar eru Vaðlaheiðargöngin 7,4 kílómetrar. Reikna má því með að gögin kosti að minnsta kosti 40 eða 50 milljarða króna. „Við höfum óskað eftir að Vegagerðin skoði þessa kosti, finni bestu veglínuna og reikni kostnaðinn," segir Stefán Vagn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Neyðarstyrkir til sárafátækra

SAMFÉLAG Rauði krossinn vekur athygli á sjóð sem veitir neyðarstyrki til þeirra sem búa við sárafátækt og setur af stað kynningarherferð undir slagorðinu „Ég sé þig, í dag".

„Þetta er tímabundið átaksverkefni sem hófst í vor en við töldum rétt að vekja athygli á því núna fyrir jól og á svörtum föstudegi. Þetta er sérstaklega erfiður tími fyrir þá sem hafa lítið á milli handanna," segir Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins, og bendir á að um sex þúsund manns glími við fátækt hér á landi.

„Þetta er stór hópur fólks. Tekjuviðmiðin eru mjög þröng en mánaðarlegar tekjur einstaklings verða að vera undir 200 þúsund krónum og maður vonaði nú að enginn þyrfti að fá úthlutað úr sjóðnum, en 254 hafa fengið neyðarstyrk," segir hún frá.



Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins.

„Við erum að grípa fólk sem er í millibilsástandi. Stundum lendir fólk í erfiðum aðstæðum, er til dæmis að bíða eftir örorkumati eða eitthvað slíkt. Það er hætta á því að fólk festist í fátækt ef enginn grípur það. Þetta er mikilvægt því að hætta er á að börn sem alast upp við fátækt verði fátæk sjálf."

Brynhildur segir fátækt falinn vanda í íslensku samfélagi. Við viljum varpa ljósi á þá staðreynd að það er stór hópur fólks sem glímir við fátækt og okkur fannst þetta gott umhugsunarefni á svörtum föstudegi." Þeir sem telja sig eiga rétt á neyðarstyrk geta kannað málið á sarafataekt.raudi.krossinn.is. – khg

BYKO

Þú mátt ekki missa af þessu!

SVARTUR FÖSTUDAGUR

frá fimmtudegi til mánudags!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 2. desember eða á meðan birgðir endast.

30% afsláttur

Jólaseríur og jólaskraut • Lemax
Matar- og kaffistell • Glös • Luktir
& kósývara • Búsáhöld • Pottar &
pönnur • Leikföng • Barnabílstólar
Mottur & dreglar • Föndurvörur
Járnhillur • Háþrýstidælur • Allur
Dovre ullarnærfatnaður

Fríar Kópal lita-prufur

Málning *ekki viðarvörn*

20% afsláttur

25% afsláttur

Gæludýrafóður • Harðparket • Baðinnréttingar
Skil rafmagnsverkfæri • Blá Bosch verkfærasett
Allar Cat vörur • Bílafylgihlutir • Bílahreinsivörur

Valdar Snickers vörur

25-70% afsláttur



Viltu vinna?

Skráðu þig á facebook viðburðinn okkar og þú gætir unnið **svarta KitchenAid hrærivél** að verðmæti 79.995. Vinningshafi dreginn út mánudaginn 2. desember

Valin BOSCH, Einhell og Ryobi rafmagnsverkfæri

25-40% afsláttur

Nýtt í BYKO

100stk í boði

Tilboðsverð

Rafmagns-hlaupahjól
XZ1200
29.995
41036746
Almennt verð: 39.995



Þú finnur jólagjöfina hjá okkur

Skoðaðu á byko.is



Fjöldi gjafa-hugmynda á svörtum föstudags-verðum

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

Minni hluti stjórnarmála lagður fram

Innan við helmingur boðaðra þingmála ríkisstjórnarinnar á haustþingi hefur verið lagður fram á Alþingi. Forsætisráðherra segir þingmálaskrána hafa verið metnaðarfulla en ráðherrar verið seinir í gang. Frestur til að leggja fram þingmál rennur út á morgun.

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



STJÓRNMÁL Hátt í sjötíu mál sem ráðherrar hugðust leggja fram á haustþingi ef marka má þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar hafa enn ekki verið lögð fram á Alþingi en samkvæmt starfsáætlun Alþingis rennur frestur til að leggja fram mál á haustþingi út á morgun. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að nokkur mál verði afgreidd úr ríkisstjórn í dag og að hún muni óska eftir framlagningarfundi á Alþingi áður en fresturinn rennur út.

Meðal boðaðra mála sem ekki hafa verið lögð fram eru frumvarp mennta- og menningarmálaráðherra um stuðning við einkarekna fjölmiðla sem áætlað var að leggja fram í september og frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á erfðafjárskatti sem leggja átti fram í október.

Tvísýnt um styrki til fjölmiðla

Lengi hefur legið fyrir að fjölmiðlafrumvarpið hefur mælst misjafnlega fyrir, sérstaklega í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur nú kynnt ný frumvarpsdrög í þingflokkum stjórnarmeirihlutans þar sem lagt er til að styrkirnir verði lægri en fyrri drög gerðu ráð fyrir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir styrkjum fyrir rekstrarárið 2019 og í fjárlögum sem samþykkt voru síðastliðinn miðvikudag er gert ráð fyrir 400 milljónum til að styrkja einkarekna fjölmiðla á grundvelli boðaðra laga.

Frumvarpið hefur hins vegar ekki verið samþykkt í öllum þingflokkum meirihlutans og mjög óvíst hvort það verður lagt fram á þessu þingi. „Það er ekki búið að afgreiða þetta út úr þingflokknum," segir Bryndís Haraldsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins, og bætir við:

„Við ætlum að fá betri kynningu á því hvað nákvæmlega ráðherrann ætlar sér og fara betur yfir þetta. En eins og ég held að öllum sé ljóst þá eru mismunandi hugmyndir uppi um það hver er besta leiðin til að koma til móts við frjálsa fjölmiðla. Þannig að þetta er enn þá á umræðustigi hjá okkur. Ég held að allir séu sammála um að styrkja stöðu frjálsra fjölmiðla en spurningin er hver er besta leiðin og hvort það sé sú sem þarna liggur fyrir." Bryndís segist ekki geta svarað því hve langan tíma þingflokkurinn þurfi til að fara yfir málið. „En ég get sjálf ekki séð fyrir mér að það skipti öllu máli hvort slíkt frumvarp yrði samþykkt fyrir eða eftir jól."

Erfðafjárskatturinn bíður

Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að fyrirhugað frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á fyrirkomulagi erfðafjárskatts mælist mjög misjafnlega fyrir í þingflokki Vinstri grænna.

Auk þessara mála á enn eftir að leggja fram frumvarp félagsmálaráðherra um heimild foreldra til að ákveða skipta búsetu barna, frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun búvörusamninga og frumvarp dómsmálaráðherra um endurupptökudómstól. Stór mál frá samgönguráðherra hafa heldur ekki enn verið lögð fram; þeirra á meðal samgönguáætlun 2020 til 2034 og frumvörp sem lúta að gjaldtöku í umferð og heimild til að fela einkaaðilum fjármögnun, framkvæmd og veghald á tilteknum hluta þjóðvega.

Bótamálið á lokastigi

Auk nýsamþykktra fjárlaga hafa aðeins þrjú stjórnarfrumvörp verið samþykkt á Alþingi það sem af er þessu haustþingi en þó nokkur fjöldi mála er til meðferðar í nefndum þingsins. Þeirra á meðal eru frumvarp til nýrra lyfjalaga, frumvarp til nýrra sviðslistalaga og nýrra laga um menntasjóð námsmanna; frumvörp um neyslurými, um lengingu fæðingarorlofs, um breytingar á lagaumgjörð um æruvernd, um vernd fyrir uppljóstrara, um þjóðarsjóð og um sameiningu Íbúðalánasjóðs og mannvirkjastofnunar í nýja stofnun svo nokkur séu nefnd.

Nokkur mál eru lengra komin og bíða nú þriðju umræðu og lokaafgreiðslu. Þetta eru frumvörp um bætur vegna sýknudóms í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, frumvarp til nýrra laga um skráningu einstaklinga, frumvarp um breytingar á barnabótum og frumvarp um lækkun á bankaskatti.

Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, segist bjartsýnn á að unnt verði að ljúka þingstörfum annan föstudag eins og starfsáætlun þingsins gerir ráð fyrir. Það sé mikið gleðiefni að tekist hafi að ljúka afgreiðslu fjárlaga svona tímanlega en það megi meðal annars þakka breytingum á samkomudegi þingsins fyrr að hausti og nýjum lögum um opinber fjármál.



Tvær vikur eru eftir af þingstörfum þessa haustþings miðað við starfsáætlun Alþingis. Bjartsýni ríkir um jólafrí þingsins á réttum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stjórnarliðar hafi slugsað í allt haust

Við erum auðvitað búin að klára fjárlögin mjög tímanlega núna. En það er ekkert skrýtið við það vegna þess að innan við helmingur boðaðra stjórnarmála sem áttu að koma fram í september og október skilaði sér.

Núna á síðustu dögum hafa verið að koma inn risamál eins og menntasjóður námsmanna, fæðingarorlofsmálið, sameining Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar og úrvinnsla eigna- og skuldasafns Íbúðalánasjóðs. Síðan hafa þau látið glitta í fleiri mál eins og fjölmiðlafrumvarpið.

Með öðrum orðum eru þau búin að slugsa í allt haust og geta bara einfaldlega ekki krafist þess að þessi mál klárist án mikillar umræðu hér í þinginu. Þannig að ég reikna nú ekkert með að við förum neitt sérstaklega tímanlega heim í jólafrí og engin ástæða til. Ef fjaðrirnar fara nú að reytast af stjórnarmeirihlutanum í meiri mæli en orðið hefur í þessari viku, þá fer nú að þyngjast undir fæti.

Hlutfallslega flest mál frá Flokki fólksins

Þingmenn hafa sjálfir lagt fram 177 mál það sem af er þessu haustþingi. Flokkur fólksins á langflest þeirra miðað við höfðatölu en þingmenn flokksins sem eru tveir hafa lagt fram 19 þingmál. Enginn þingflokkur hefur lagt fram fleiri mál en Píratar sem lagt hafa fram 17 frumvörp og 11 þingsályktunartillögur, samtals 28 mál. Það eru 4,7 mál á hvern þingmann flokksins. Þingflokkur Viðreisnar leggur að sama skapi fram mörg mál en fjórir þingmenn flokksins hafa lagt fram samtals 18 mál.



Halldóra Mogensen, þingflokksformaður Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þinginu haldið gangandi með þingmannamálum

Þarna eru auðvitað dagsetningarmál að koma fram rosalega seint eins og fæðingarorlofið til dæmis. Þetta er mjög skrýtið, hér er búið að vera lítið að gera og eiginlega engin ríkisstjórnarmál að koma inn. Búið að setja fullt af þingmannamálum á dagskrá sem er spurning hvort afgreiðist út úr nefndunum. En við erum búin að vera að halda þinginu gangandi með þingmannamálum af því að ríkisstjórnarmálin eru að koma svo seint fram.

Þetta gerist of oft að málin eru að koma mjög seint fram og þá kemur þrýstingur á okkur að afgreiða hlutina fljótt. Það gerir það að verkum að mistök eru gerð og út úr þessu kemur allt of oft óvönduð lagasetning. Það er það sem ég hef mestar áhyggjur af. Þetta eru svo slæm vinnubrögð.

Þetta eru auðvitað ólíkir flokkar í ríkisstjórninni og það er að koma meira og meira í ljós hvað þeir í raun og veru ganga ekki í takt.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Vorum hæg í gang

Það er alveg ljóst að þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar var metnaðarfull og við vorum hæg í gang. Ég er búin að skoða þingmálaskrár aftur í tímann og mér sýnist besti árangurinn hafa verið í fyrra. Við erum ekki að ná því meti núna þótt við höfum tekið verulegan kipp núna síðustu daga. Stór hluti mála er kominn í ferli á Alþingi og starfið í nefndum gengur vel.

SVARTUR FÖSSARI

ALLA HELGINA, Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

A+++ Orkuflokkur | 1400 Snúningar | 9 kg



-40%

AÐEINS 100 STK.

ÁÐUR: 49.995

MATSUI
ÞVOTTAVÉL
M814WM18E

29.995



-25%

AÐEINS 100 STK.

ÁÐUR: 79. 995

ACER
ASPIRE 3 15,6" FARTÖLVA
ACNXHH6ED001

59.995



-33%

AÐEINS 100 STK.

ÁÐUR: 14.995

NUTRIBULLET
BLANDARI
NBR0814

9.995



-50%

AÐEINS 100 STK.

ÁÐUR: 12.995

BEURER
SHIATSU NUDDBELTI M. HITA
BEURMG151

6.495

FYRSTIR KOMA
FYRSTIR FÁ

SJÁÐU
FLEIRI TILBOÐ
Á ELKO.IS



-25%

AÐEINS 150 STK.

ÁÐUR: 79. 995

SAMSUNG
GALAXY A80
SMA805BLA SMA805GOL

59.995



-38%

AÐEINS 100 STK.

ÁÐUR: 7.995

CANON
TS3151 PIXMA FJÖLNOTATÆKI
PIXMATS3151

4.995



-33%

AÐEINS 40 STK.

ÁÐUR: 179.995

SAMSUNG
49" SNJALLSJÓNVARP
22857

119.995



-50%

AÐEINS 70 STK.

ÁÐUR: 59.995

SAMSUNG
HWR560 HLJÓÐSTÖNG
HWR560XE

29.995

ELKO

Krefur Vigdísi um afsökunarbeiðni

Varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar fer fram á að Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, biðjist afsökunar á ásökunum um spillingu. Í bréfi lögmanns er Vigdísi hótað aðgerðum. Prófessor í sagnfræði man varla eftir öðru eins.



Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í Reykjavík, skorar á Aron Leví að stefna henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

REYKJAVÍK Aron Leví Beck, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, krefur Vigdísi Hauksdóttur, oddvita Miðflokksins í Reykjavík, um afsökunarbeiðni og yfirlýsingu um bætta hegðun. Í bréfi sem Páll Bergþórsson, lögmaður Arons Levís, sendi á Vigdísi í síðustu viku er henni veittur þriggja daga frestur til að verða við kröfunni. Kemur fram í bréfinu að orðræða Vigdísar gegn Aroni Leví feli í sér refsiverðar aðdróttanir samkvæmt hegningarlögum. Samkvæmt refsirammanum er þyngsta refsing vegna meiðyrða tveggja ára fangelsi.

Málið snýst um ummæli Vigdísar á borgarstjórnarfundi 19. nóvember síðastliðinn þar sem Vigdís sakaði Aron Leví um spillingu vegna tengsla hans við fyrirhugaða byggingu Aldin Biodome við Stekkjarbakka í útjaðri Elliðaárdalsins.

Fram kemur í bréfinu að Aron Leví hafi árið 2015 sem nemandi í skipulagsfræðum tekið þátt í rannsókn á nýtingarmöguleikum affallsvatns úr Laugardalslaug við upphitun gróðurhvelfinganna, en á þeim tíma voru uppi hugmyndir um að reisa gróðurhvelfingarnar í Laugardal.

Athugasemdir eru gerðar við að Vigdís skuli á borgarstjórnarfundinum hafa lesið upp viðtal við Aron Leví frá árinu 2015 og sagt í kjölfarið: „Svona er spillingin í Reykjavík." Þá ýjaði hún að því að Aron Leví hefði „keyrt verkefnið áfram" og „látið annarlega". Einnig að hann hefði gengið í Samfylkinguna til að tryggja framgang verkefnisins.

„Bio Dome í Elliðaárdal er keyrt áfram með offorsi af meirihlutanum. Nú eru komnar skýringar á því. Einn borgarfulltrúi Samfylkingarinnar ber kápuna á báðum öxlum," segir í bókun Vigdísar. Einnig að með því að víkja af fundum þar sem málið var til umræðu hafi hann gengist við því að tengjast verkefninu. Þar að auki vekur hún athygli á því að Aron Leví var í varastjórn Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins á tímabili og beitti sér fyrir því að Elliðaárdalur yrði ekki friðlýstur. Sambærileg ummæli má finna í útvarpsviðtölum við Vigdísi í síðustu viku.

Lögmaður Arons segir að í stað þess að gagnrýna verkefnið sé Vigdís að draga persónu Arons Levís inn í umræðuna að ósekju. „Þau ummæli sem eru rakin hér að framan beinast að persónu umbjóðanda míns og fara langt yfir öll velsæmismörk. Langsóttar fullyrðingar um tengsl umbjóðanda míns við milljarðauppbyggingu, dylgjur um spillingu og einhvers konar áframkeyrslu verkefnisins innan borgarstjórnar eru augljóslega til þess fallnar að rýra orðspor umbjóðanda míns og vega að starfsheiðri hans," segir í bréfinu til Vigdísar. „Umbjóðandi minn ætlar ekki að sitja undir orðræðu þinni, enda felur hún í sér ólögmæta meingerð og atvinnuróg sem enginn þarf að sæta á opinberum vettvangi, hvorki kjörnir fulltrúar né aðrar opinberar persónur."

Bréfið er dagsett 21. nóvember síðastliðinn. Hafði hún til 24. nóvember til að verða við kröfu um afsökunarbeiðni. „Að öðrum kosti má búast við því að gripið verði til frekari aðgerða til að rétta hlut umbjóðanda míns, eftir atvikum með atbeina sýslumanns. Í því samhengi er áskilinn réttur til að auka við kröfur, breyta þeim og bæta við málsástæður, allt eftir því sem lög leyfa og umbjóðanda mínum hentar hverju sinni."

Vigdís segist í samtali við Fréttablaðið ekki ætla að biðjast afsökunar. „Mitt svar við þessum ofsóknum skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hefur alltaf verið – stefniði mér þá. Þau eru búin að elta mig á siðareglunum og ekkert gengur að ala mig upp," segir Vigdís og hlær. „See you in court! Þetta er þannig mál."

Ekki hefur tíðkast að stjórnmálamenn á Íslandi stefni hverjir öðrum fyrir meiðyrði. Guðmundur Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, man ekki eftir slíku dæmi í seinni tíð. „Það voru heilmikil læti á fjórða áratugnum þar sem menn voru ásakaðir um geðveiki og annað slíkt, en það er ekkert sem ég man eftir nýlega þar sem leitað er til lögmanns," segir Guðmundur. Nærtækasta dæmið væri úrskurður siðanefndar Alþingis í máli Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, þingmanns Pírata, og Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Guðmundur segir að síðustu áratugi hafi stjórnmálaumræðan að mestu verið laus við persónuárásir líkt og tíðkaðist á tímum persónukjörs. Vísar hann þá í Jónas frá Hriflu sem eigi það sameiginlegt með Vigdísi að geta umturnað geðprúðustu mönnum. „Jónas hafði þessi áhrif alls staðar, geðprúðustu menn hreinlega umturnuðust. Vigdís er þannig líka. Mér skilst að það sé erfitt að vera í Ráðhúsinu því að samskiptin séu svo eitruð. Þannig að þetta kemur ekki á óvart."

arib@frettabladid.is

> **Jónas hafði þessi áhrif alls staðar, geðprúðustu menn hreinlega umturnuðust. Vigdís er þannig líka. Mér skilst að það sé erfitt að vera í Ráðhúsinu því að samskiptin séu svo eitruð. Þannig að þetta kemur ekki á óvart.**
>
> Guðmundur Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands



Búa sig undir fjölgun kínverskra ferðamanna með fræðslufundi

VIÐSKIPTI Að mörgu þarf að huga við móttöku kínverskra ferðamanna því að menningarmunurinn getur verið mikill. Af því tilefni mun Íslandsstofa standa fyrir fræðslufundi þann 22. janúar í samvinnu við Ferðamálastofu, kínverska sendiráðið, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustu og Íslenska-kínverska verslunarráðið.

Kínverskum ferðamönnum fjölgar sífellt á Íslandi. Þannig hafa tæplega 100 þúsund Kínverjar heimsótt landið undanfarna tólf mánuði sem er aukning um 14 prósent. Að öllum líkindum munu þessar tölur hækka á næstunni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni mun kínverska flugfélagið Juneyao Air hefja áætlunarflug til Íslands tvisvar í viku næsta vor og fleiri þarlend flugfélög eru með Ísland í skoðun sem áfangastað. Fljótlega á næsta ári verða svo kínverskir raunveruleikaþættir, þar sem Ísland er í stóru hlutverki, sýndir sem verður mikil landkynning.

Að sögn Þorleifs Þórs Jónssonar, verkefnastjóra hjá Íslandsstofu, er áðurnefndur fræðslufundur löngu tímabær. „Meginákersla fundarins verður sú að kynna fyrir framvarðarsveit íslenskrar ferðaþjónustu, til dæmis starfsfólki í móttöku gististaða, rútubílstjórum og leiðsögufólki, ýmis atriði sem geta bætt upplifun kínverskra ferðamanna. Það er talsverður menningarmunur milli þeirra og vestrænna ferðamanna og mikilvægt að upplýsa starfsfólk um þankagang þessara ferðamanna. Það gerir reynslu allra betri," segir Þorleifur.

Hann nefnir sem dæmi það sem slegið er hér upp í fyrirsögn. Kínverskir ferðamenn vilja gott aðgengi að heitu vatni því það kjósa þeir helst að drekka, heilsunnar vegna.

Undirbúningur fyrir fjölgun kínverskra ferðamanna er líka í gangi hjá Isavia. Að sögn Guðjóns Helgasonar, upplýsingafulltrúa Isavia, hefur fyrirtækið á síðustu misserum lagt áherslu á að ná til kínverskra farþega.




Kínverskir ferðamenn eyða mest allra þeirra sem sækja Ísland heim

„Þannig er þegar hægt að greiða fyrir vörur og þjónustu á Keflavíkurflugvelli með Alipay og WeChat Pay sem eru meðal vinsælustu greiðslulausna í Kína. Þá er Keflavíkurflugvöllur á WeChat og DianPing sem eru mikið notaðir samfélagsmiðlar í Kína," segir Guðjón. Þar finni kínverskir ferðalangar helstu þjónustuupplýsingar fyrir Keflavíkurflugvöll. Hann segir einnig að Isavia muni halda áfram að þróa þjónustu fyrir Kínverja í samstarfi við sendiráð landsins. **– þþ**

> **Það er talsverður menningarmunur milli þeirra og vestrænna ferðamanna og mikilvægt að upplýsa starfsfólk um þankagang þessara ferðamanna. Það gerir reynslu allra betri**
>
> Þorleifur Þór Jónsson, verkefnastjóra hjá Íslandsstofu





Endurminningar Helga Magnússonar lýsa miklum átökum að tjaldabaki í íslensku viðskiptalífi og eru jafnframt saga af farsælum viðskiptum þriggja kynslóða í 117 ár. Hér er m.a. fjallað um Hafskipsmálið, átökin í Íslandsbanka fyrir Hrun, uppgjörið við Sjálfstæðisflokkinn þegar Viðreisn var stofnuð, átökin um lífeyrissjóðina o.fl. o.fl.

Bókina prýða nærri 500 myndir.

Björn Jón Bragason, lögfræðingur og sagnfræðingur, skráir endurminningar Helga.

SKRUDDA

Þrefalt hærra verð á Íslandi

VIÐSKIPTI Félag atvinnurekenda (FA) gefur lítið fyrir ákvörðun og rökstuðning ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara fyrir að hafna tollalækkun á innflutning túlípana. Fram kemur í röksemdum nefndarinnar að nú stefni í meiri innlenda framleiðslu á túlípönum en í fyrra og að leiðandi dreifingaraðili eigi birgðir af túlípönum sem hann geti ekki selt.

Við getum hvorki fallist á niðurstöðuna né rökstuðninginn.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



„Þessar röksemdir eru markleysa. Það að það komi túlípanar í verslanir um miðjan desember hefur ekkert að gera með framboðið á markaðnum í nóvember," segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA. Varðandi birgðirnar segir hann það einmitt vegna hárra tolla, verð á búnti á túlípönum sé nærri því 3.000 krónur í Hagkaup sem sé þrefalt dýrara en í mörgum öðrum borgum Evrópu og fimmfalt dýrara en í Hollandi.

„Við getum hvorki fallist á niðurstöðuna né rökstuðninginn. Hvorki innlendir né innfluttir túlípanar hafa fengist í verslunum á hæfilegu verði og hafa ekki gert síðan FA sendi beiðni um niðurfellingu tolla 9. október," segir Ólafur. **– ab**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Kenna lestur með nýrri tækni í grunnskólunum í Breiðholti

Nú í haust tóku allir fimm grunnskólarnir í Breiðholti upp nýja aðferð í lestrarkennslu, PALS. Starfssamningur um innleiðingu hennar var undirritaður í október og er markmið samningsins að mennta sem flesta kennara í aðferðinni. Kennsluaðferðin er sögð veita nemendum öryggi og auka færni þeirra.

MENNTAMÁL „Skólastarfið er þróunarstarf og við erum sífellt að leita leiða til að auka árangur nemenda okkar," segir Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Hólabrekkuskóla.

Skólinn skrifaði nýlega undir starfssamning um innleiðingu nýrrar kennsluaðferðar í lestri ásamt fjórum öðrum grunnskólum hverfisins, Ölduselsskóla, Fellaskóla, Seljaskóla og Breiðholtsskóla. Aðferðin, PALS, hentar að sögn Lovísu Guðrúnar vel í kennslu fjölbreyttra nemendahópa.

„Nemendur vinna saman í pörum og eru paraðir saman út frá lestrarfærni þannig að allir fá lesefni við hæfi sem er lykilforsenda þess að árangur náist," segir Lovísa.

„Nemendur vinna tveir og tveir saman eftir fyrirfram ákveðnu ferli. PALS-aðferðin eða Pör að læra saman, einkennist af skýrri uppbyggingu kennslustunda þar sem áhersla er á virkni nemenda allan tímann," segir hún og bætir við að aðferðin geti veitt nemendum öryggi því hún felur í sér að börnin viti hvernig kennslustundin er uppbyggð.

„Nemendur vita alltaf hvað kemur næst í vinnuferlinu. Það að vita ekki hvað á að gera næst getur orsakað óöryggi hjá sumum nemendum," segir hún.

Kennslan fer þannig fram að þeir nemendur sem paraðir eru saman lesa til skiptis upp hvor fyrir annan og eru leiðréttir af félaga sínum ef þeir lesa rangt orð eða hljóð. Reglulegt hrós er einnig hluti af aðferðinni og er gefið samhliða lestrinum til að hvetja nemendur áfram.

Hulda Karen Daníelsdóttir átti frumkvæði að innleiðingu PALS á Íslandi og segir hún rannsóknir benda til þess að flestir nemendur sem noti aðferðina sýni meiri framfarir í námi en þeir sem ekki nota hana.

Hulda Karen gefur grunnskólum í Breiðholti námskeiðin sem kennararnir sækja í námstækninni en skólarnir greiða sjálfir fyrir námsefnið sem notað er.

Hún segir PALS gagnast vel alls staðar en að Breiðholtið sé góður staður til að byrja á. „Ástæðan fyrir gjöfinni er fyrst og fremst sú að í grunnskólunum í Breiðholtinu stundar einstaklega fjölbreyttur nemendahópur nám og PALS, sem er raunprófuð aðferð, nýtist sérlega vel við þannig aðstæður," segir Hulda.

birnadrofn@frettabladid.is



PALS-lestrartæknin hentar einkar vel þar sem er fjölbreyttur hópur nemenda.

PALS einkennist af skýrri uppbyggingu kennslustunda.

Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, aðstoðarskólastjóri Hólabrekkuskóla



Skila kolefnunum aftur í jarðveginn

UMHVERFISMÁL Björk Brynjarsdóttir, einn af stofnendum Jarðgerðarfélagsins, hefur staðið í ströngu síðustu mánuði við að kynna og kenna jarðgerðaraðferð sem nefnist Bokashi. „Þetta er frekar auðveld og notendavæn leið til að minnka kolefnissporið heiman frá," segir Björk í samtali við Fréttablaðið. Aðferðin er þó ekki aðeins þægileg fyrir notendur heldur einnig ein umhverfisvænasta leiðin til að farga úrgangi.

Það sem aðgreinir Bokashi frá öðrum aðferðum er sjálfbærnin að mati Bjarkar. Lífrænn úrgangur verður ekki að metangasi, líkt og í landfyllingum, og þar sem úrgangurinn er gerjaður við loftfirrtar aðstæður leysir úrgangurinn hvorki kolefni né nitur út í andrúmsloftið líkt og gerist í hefðbundinni moltugerð.

Skref fyrir skref er ferlið nokkuð einfalt. „Fyrst er lífrænn úrgangur settur í Bokashi-tunnu og við hann er blandað örveruklíði. Eftir tvær vikur er úrgangurinn gerjaður og honum blandað við venjulega mold. Tveimur vikum seinna er síðan orðin til kolefnisrík mold sem hægt er að nýta," segir Björk og bætir við að leifar af mat geti enn þá sést. „Sem er allt í lagi því að plöntunum okkar er alveg sama þó þær nýti næringarefni úr einhverju sem lítur smá út eins og banani."

Drulla af guðs náð

Daglega fer mikið af kolefnum úr moldinni út í andrúmsloftið. „Þess vegna er alger snilld að það sé hægt að skila kolefnunum aftur í jarðveginn. Í staðinn fyrir að losunin fari beint út í loftið fer hún aftur til síns heima," segir Björk hreykin.

„Það gleymist oft að þrátt fyrir að okkur finnist jarðvegur bara vera drullan undir fótum okkar þá er hún þriðji stærsti kolefnistankur jarðarinnar." Grjótið og hafið eiga fyrstu tvö sætin. „Sjórinn tekur við rosalega miklu af kolefnum úr andrúmsloftinu sem veldur því að hann er að súrna, sem við viljum ekki."

Annað er uppi á teningnum hjá moldinni. „Við viljum hafa kolefnin í moldinni okkar, það er bara alveg frábært og líka moldinni sjálfri fyrir bestu." Í urðunaraðferðum dagsins í dag er hins vegar ekki lögð mikil áhersla á að halda kolefnum í jarðveginum.



Björk segir fólk taka vel í Bokashi-aðferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áþreifanleg áhrif

Björk kynntist Bokashi-aðferðinni í Danmörku og sá strax tækifæri til að kynna landi og þjóð tæknina. „Mig langaði til að hvetja fólk til að taka til hendinni heima hjá sér."

Í kjölfar vitundarvakningar í samfélaginu séu sífellt fleiri tilbúnir að innleiða umhverfisvæna valkosti í sitt daglega líf. „Fólk hefur tekið mjög vel í þetta og það hefur myndast lítið samfélag í Facebook-hóp Jarðgerðarfélaga þar sem meðlimir spyrja spurninga og deila reynslusögum af úrganginum sínum."

Nú hyggst Jarðgerðarfélagið færa út kvíarnar og hefur hafið samstarf við Sorpstöðina Strönd í Rangárvallasýslu. „Þau eru að vinna að því að endurskoða endurvinnslu í sveitarfélaginu og byrjuðu núna í júlí að sérsafna lífrænum úrgangi frá öllum heimilum í umdæminu."

Árið 2020 mun Jarðgerðarfélagið svo gerja úrganginn með téðri aðferð og nýta hann svo í landgræðslu á svæðinu. „Það verður mjög spennandi að sjá hvort þessi frumraun skili sér í þeim umhverfisáhrifum sem við búumst við."

kristlin@frettabladid.is


Gerðu gæða- og verðsamanburð

FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

10% afsl. af öllu í versluninni

25% afsl. af allri mjúkvöru

30-70% af völdum vörum


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | **Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150 | Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði I Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

JÓLAMATUR Á FRÁBÆRU VERÐI

HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN



Smjörsprautað kalkúnaskip
frosið

2.999 kr/kg
Verð áður 3.599 kr/kg

Tilboð gilda út 1. desember

OKKAR BESTA VERÐ



Rjúpur 375 g

649 kr/stk



Kalkúnasósur og fyllingar í úrvali



Gjafaaskja með vetrarlínu Omnom

3.299 kr/pk



Hátíðakaffi frá Kaffitár

1.099 kr/pk

BAKARÍÐ

Einfalt að baka



NÝJUNG

Smákökudeig með pipar djúpum og með súkkulaðibitum

899 kr/stk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HANN ER MÆTTUR!



Aviko franskar
Steikar franskar og sætar

verð frá **339** krpk

Gerðu einstaka borgara með Spicy mayo eða In Out Hagkaupssósu

349 kr/stk

ALVÖRU BORGARI ÚR ÍSLENSKU RIBEYE ÞARF AÐ SEGJA MEIRA?

2x120 g

1.299 kr/pk



ÞAKKAGJÖRÐAR KALKÚNNINN

Ferskur kalkúnn

1.999 kr/kg



Kjúklingalæri

974 kr/kg

Verð áður 1.299 kr/kg



Kjúklingaleggir

749 kr/kg

Verð áður 999 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Frozen II innblásin af íslenskri náttúru

Disney-teiknimyndin Frozen II sem sýnd er í kvikmyndahúsum víða um heim er innblásin af íslenskri náttúru. Glöggir áhorfendur geta vel séð íslenskt landslag í bakgrunni. Íslandsstofa segir þetta vera verðmæta landkynningu, sérstaklega fyrir fjölskyldufólk.

MENNING Íslensk náttúra kemur nokkuð við sögu í Disney-teiknimyndinni Frozen II sem sýnd er í kvikmyndahúsum víða um heim.

Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu, segir að Disney Media sem framleiðir teiknimyndina hafi haft samband fyrir ári og viljað skoða samstarf þar sem myndin væri innblásin af Íslandi, Finnlandi og Noregi. „Handritshöfundar höfðu farið í reisu um þessi lönd þegar leitað var eftir innblæstri fyrir Frozen II fyrir nokkrum árum og heilluðust af bakgrunnslandslaginu. Þeir vilja þó ekki gefa upp hvaða staðir nákvæmlega veittu þeim innblástur en glöggir áhorfendur geta vel séð innblástur til dæmis frá Svínafellsjökli, Jökulsárlóni, Seljalandsfossi og Reynisfjöru," segir hún.

Inga Hlín segir að ef myndin verður jafnvinsæl og fyrri myndin sé þetta gríðarlega mikil landkynning. „Tengingin er sterk í myndinni. Þú sérð svarta fjöru, jökla, hreindýr, fossa, gljúfur og íshella. Allt eru þetta atriði sem eru mikið tengd landinu okkar. Ég tel þetta mjög dýrmætt fyrir okkur sem stöndum í landkynningu og gefa okkur mörg tækifæri til þess að ná til fjölskyldufólks og gefa því hugmynd að ferð til landsins."

Teiknimyndin Frozen II segir frá því þegar þau Elsa, Anna, Kristoff, Ólafur og hreindýrið Sveinn halda norður á bóginn í leit að uppruna töframáttarins sem Elsa býr yfir.



Glöggir áhorfendur ættu að geta séð í myndinni innblástur til dæmis frá Svínafellsjökli, Jökulsárlóni, Seljalandsfossi og Reynisfjöru. MYND/DISNEY 2019

> **Tengingin er sterk í myndinni. Þú sérð svarta fjöru, jökla, hreindýr, fossa, gljúfur og íshella.**
>
> Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu

Inga Hlín segir að handritshöfundar hafa einnig sagst hafa fengið innblástur frá myrkrinu og hinu dulræna á Íslandi á meðan innblásturinn að Önnu hafi frekar komið frá Noregi. Þeir lýsi Íslandi á þann veg að þeim finnist það notalegt og ævintýralegt.

Inga Hlín segir að í september síðastliðnum hafi framleiðendur og einn handritshöfunda myndarinnar komið til Íslands, ásamt fjórtán blaðamönnum stórra fjölmiðla frá Frakklandi, Hollandi og Belgíu, til að kynna myndina. Íslandsstofa skipulagði fjögurra daga fjölmiðlaferð fyrir hópinn, ásamt Icelandair og Markaðsstofu Suðurlands, þar sem farið var á tökuslóðir, meðal annars í dagsferð upp á Svínafellsjökul.

Þá var íslenskt landslag einnig innblástur fyrir tónlistarmyndband sem tekið var upp hér á landi við titillag teiknimyndarinnar, Into the Unknown, í frönskum búningi en það er sungið af Charlotte Hervieux sem ljær Elsu rödd sína í frönsku útgáfunni. **david@frettabladid.is**

Hundruð tilboða

SVARTUR FÖSTUDAGUR

Opið til kl. 22

Frítt í bílastæðin undir Hafnartorgi frá kl. 16.00

MICHELSEN 1909 GK REYKJAVIK Optical Studio

HAFNARTORG REYKJAVÍK

JOE & THE JUICE COLLECTIONS COS H&M

A4

Svartur föstudagur

60% afsláttur
af völdum vörum

25% afsláttur
af öllu öðru

Gildir 29. nóvember, gildir einnig í vefverslun

WWW.A4.IS

/A4VERSLANIR

KRINGLUNNI
SKEIFUNNI
AKUREYRI
SMÁRALIND
EGILSSTÖÐUM
HAFNARFIRÐI
SELFOSSI



Bláa hagkerfið býður okkur Íslendingum gríðarleg framtíðartækifæri á næstu árum . Til þess að svo megi verða verður Ísland að taka sér stöðu sem forystuland í nýsköpun og umhverfisvernd. Efla þarf rannsóknir og menntun á sviðum haftengdra greina, styrkja samkeppnissjóði, treysta hafréttarlega stöðu landsins og efla nýsköpunarumhverfið hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hafsjór af tækifærum

Bláa hagkerfið, eða öll starfsemi sem við kemur hafinu í kringum Ísland, getur þrefaldast að umfangi á næstu tveimur áratugum. Í dag byggir bláa hagkerfið að mestu á hefðbundnum sjávarútvegi. Innan 20 ára mun allt að helmingur veltu byggjast á nýjum atvinnugreinum sem nýta auðlindir hafsins.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Bláa hagkerfið, eða öll starfsemi sem við kemur hafinu í kringum Ísland, getur þrefaldast að umfangi á næstu tveimur áratugum. Í bláa hagkerfinu felast því mörg tækifæri til að skapa verðmæti og áhugaverð störf til framtíðar. Þetta er m.a. það sem kemur fram í nýju riti Íslenska sjávarklasans sem nefnist „Bak við yztu sjónarrönd“ og kemur út innan tíðar.

„Bróðurpartur veltu bláa hagkerfisins í dag er tengdur hefðbundnum fiskveiðum,“ segir Þór Sigfússon sem er annar höfunda ritsins ásamt Þórlindi Kjartanssyni. „Að mati okkar kann að vera að allt að helmingur veltu bláa hagkerfisins sé lítið eða ekkert tengdur sjávarútvegi innan 20 ára. Nýjar atvinnugreinar, sem nýta auðlindir hafsins, munu skjóta enn frekar rótum og verða fyrirferðarmiklar á komandi árum ef rétt er á málum haldið,“ segir Þór.

„Tækifærin liggja meðal annars í aukinni fiskirækt, líftækni, fullvinnslu aukaafurða, vaxandi stofnum nýrra veiðitegunda við Ísland eins og skelfiski, nýtingu þara og ræktun þörunga svo eitthvað sé nefnt.“ Hann segir ógnanirnar felast fyrst og fremst í aukinni mengun í hafinu í kringum Ísland, hitnun og súrnun sjávar og plastmengun.

Í ritinu eru nefnd nokkur atriði sem leggja ber kapp á til að efla enn frekar bláa hagkerfið. Þar er meðal annars nefnt mikilvægi þess að Íslendingar skynji þau tækifæri sem felast í því að taka sér stöðu sem forystuland í nýsköpun og umhverfisvernd. Þá þarf að efla rannsóknir og menntun á þessum sviðum, styrkja enn frekar samkeppnissjóði, treysta hafréttarlega stöðu Íslands og efla nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfið hérlendis.

Umhverfismál í brennidepli

Spurningar sem settar eru fram í ritinu lúta að því hvernig bláa hagkerfið á Íslandi komi til með að líta út eftir fáeina áratugi. Verða nýjar fisktegundir áberandi, hvaða áhrif hefur aukin súrnun sjávar á hafið okkar, verða þari eða skelfiskur orðnir verðmætari en núverandi sjávarauðlindir? Munum við keppa í auknum mæli við grænkerafisk sem búinn er til á landi? En stærsta spurningin er því hvort við verðum þekkt sem fiskveiðiþjóðin sem býr við ríkar og hreinar sjávarauðlindir eða þjóðin í súra hafinu?

Mark Kurlansky, höfundur „Ævisaga þorsksins; fiskurinn sem breytti heiminum“, er einn af 26 álitsgjöfum sem skrifa í ritið. Mark segir þar meðal annars: „Engir hafa sterkari röksemdir fyrir því að bjarga þorskinum heldur en Íslendingar, þar sem bæði efnahagur og menning eru háð honum. Og ég efast um að nokkur hafi barist harðar fyrir því að bjarga honum. Í dag getum við saknað þeirra tíma þegar ábyrg stjórnun fiskveiða var fullnægjandi. Það er ekki lengur nóg,“ segir Mark. Hann segir að hinn ískyggilegi sannleikur sé að Norður-Atlantshafið geti ekki lengur séð öllum sínum fiski fyrir æti. Þetta muni hafa sérstök áhrif á stærri fiska, eins og þorskinn.

Þrefaldast bláa hagkerfið á næstu 20 árum?


Í ritinu er rætt um líklega þróun í veltu einstakra greina sem tengjast bláa hagkerfinu hérlendis næstu tvo áratugina. Sú spá byggist bæði á áætlunum sem gerðar hafa verið um veltuaukningu þessara atvinnugreina á heimsvísu og á viðtölum við ýmsa frumkvöðla og forsvarsmenn fyrirtækja hérlendis.

„Bláa hagkerfið talið geta þrefaldast á næstu 20 árum, farið úr tæplega 400 milljarða veltu í rösklega 1300 milljarða,“ segir Þór. „Mikill vöxtur er talinn geta orðið áfram í tæknifyrirtækjum sem tengjast hafinu, fiskeldi, líftækni og fullvinnslu, þara og þörungum svo eitthvað sé nefnt. Ef svo fer þá kann sjávarútvegur að verða einungis helmingur af veltu haftengdra greina hérlendis innan 20 ára.“

Þór segir að með útgáfunni sé verið að kynna tugi hugmynda um áhugaverð tækifæri fyrir hugvitsfólk til að hagnýta hafsins gæði og skapa um leið verðmæti og spennandi störf. Þá eru raktar í ritinu mikilvægustu leiðir til að efla Ísland sem leiðandi þjóð í haftengdum greinum.

Áætlaður vöxtur hins bláa hagkerfis Íslendinga næstu 20 árin

Eins og sést á þessari mynd er talið að bláa hagkerfið geti rösklega þrefaldast á næstu 20 árum, farið úr tæplega 400 milljarða veltu í rösklega 1.300 milljarða. Mikill vöxtur er talinn geta orðið áfram í tæknifyrirtækjum sem tengjast hafinu, fiskeldi, líftækni og fullvinnslu, þara og þörungum svo eitthvað sé nefnt. Ef svo fer þá kann sjávarútvegur að verða einungis helmingur af veltu haftengdra greina hérlendis innan 20 ára.



Framtíðartækifæri

Greina má tíu framtíðartækifæri fyrir hið bláa hagkerfi á Íslandi

- Íslensk hátæknifyrirtæki geta verið leiðandi í innleiðingu nýjunga og umbreytingu sjávarútvegs á heimsvísu.
- Framleiðsla á vistvænum fiski með umhverfisvænum aðferðum getur aukist hérlendis.
- Tæknikunnátta Íslendinga við fullnýtingu hliðarafurða fisks getur nýst um allan heim
- Sjávarlíftækni getur orðið stór atvinnugrein á Íslandi.
- Þörungasvifið í sjónum er ein stærsta auðlind landsins og hana má nýta margfalt meira.
- Íslensk fyrirtæki geta leitt þróun í rekjanleika fisks og annarra matvæla á heimsvísu.
- Ísland hefur möguleika á að vera miðstöð flutninga á Norður Atlantshafi.
- Íslendingar geta laðað til sín frumkvöðla með því að bjóða alþjóðlega menntun og gott nýsköpunarumhverfi.
- Aðstæður til ræktunar á ýmsum verðmætum skeldýrum og öðrum lindýrum í sjó og í landstöðvum eru einstaklega góðar á Íslandi.
- Íslendingar geta leitt rafvæðingu fiskiskipa í okkar heimshluta

> **Tækifærin liggja meðal annars í aukinni fiskirækt, líftækni, nýtingu þara og ræktun þörunga.**



Þór Sigfússon
Sjávarklasanum

ANDKÖF & KRAFTUR



KOKKÁLL EFTIR DÓRA DNA

★★★★

„[Dóri DNA] fær lesandann til að taka andköf, tárast úr hlátri, gráta af vanlíðan og yggla sig.“

RAGNHILDUR ÞRASTARDÓTTIR, MORGUNBLAÐINU

„Langt síðan ég hef skemmt mér svona vel yfir íslenskri skáldsögu.“

HALLGRÍMUR HELGASON

★★★½

„Einstaklega vel heppnuð.“

ÓTTAR KOLBEINSSON PROPPÉ, FRÉTTABLAÐINU

„Gat ekki slitið mig frá henni.“

ARI ELDJÁRN


MÁLLEYSINGJARNIR EFTIR PEDRO GUNNLAUG GARCIA

„Sterk saga um einmanaleikann en á sama tíma furðuleg og afskræmd ástarsaga. Ferskasta íslenska skáldsaga sem ég hef lesið í langan tíma.“

TÓMAS ÆVAR ÓLAFSSON,
BÓKSALI Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR

„Hugrekki og frásagnarkraftur í metnaðarfullri fyrstu bók.“

GAUTI KRISTMANNSSON,
VÍÐSJÁ, RÁS 1



BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

Ljósin kveikt í þrítugasta sinn á Cuxhaven-trénu í Hafnarfirði

SAMFÉLAG „Bæirnir eiga sér mjög sérstakt vinabæjarsamstarf sem var stofnað til árið 1988," segir Andri Ómarsson, verkefnastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ.

Hafnarbæirnir Hafnarfjörður og Cuxhaven í Þýskalandi hafa átt í farsælu vinabæjasamstarfi í rúm þrjátíu ár. Ein af elstu hefðum samstarfsins er jólatré sem Cuxhaven færir Hafnarfjarðarbæ á hverju ári.

„Strax á fyrsta ári vinabæjasamstarfsins ákvað Cuxhaven að senda jólatré til Hafnarfjarðar. Upphaflega fóru þau á milli með fiskiskipum en Samskip, sem sigla vikulega milli Íslands og Cuxhaven, hafa undanfarin ár flutt tréð og við kunnum þeim miklar þakkir fyrir," segir Andri.

„Grenitré í Hafnarfirði hafa sennilega ekki verið há í loftinu þegar vinir okkar hófu að senda okkur jólatré fyrir þrjátíu árum en það hefur heldur betur breyst í dag. Öll önnur jólatré sem eru sett upp á opnum svæðum víða um bæinn í ár eru fengin úr görðum bæjarbúa þar sem þau hafa lokið hlutverki sínu," bætir hann við.

Ljósin verða tendruð á Cuxhaven-trénu klukkan 18.30 í kvöld og verður það í þrítugasta skiptið. Jólatréð mun standa í miðju jólaþorpinu sem verður opið allar helgar fram að jólum.

„Í jólaþorpinu í hjarta bæjarins



Andri fyrir framan jólatréð frá vinabæ Hafnarfjaarðar, Cuxhaven, sem kveikt verður á í Jólaþorpinu í Hafnarfirði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

höfum við náð að skapa notalega stemningu þar sem ilmandi jólastemning, ljúfir tónar og freistandi veitingar draga að fjölda gesta. Ég verð að viðurkenna að ég er til dæmis mjög spenntur að smakka upprúllaða hangikjötið frá sauðfjárbúinu á Ytra-Hólmi," segir Andri brosandi.

Von er á tíu manna sendinefnd frá Cuxhaven sem verður viðstödd þegar kveikt verður á trénu og má því segja að mikið liggi við.

„Tilefnið, að þetta sé þrítugasta tréð, er ástæðan fyrir fjölmennu fylgdarliðinu en tíminn verður nýttur vel til þess að skipuleggja þau samstarfsverkefni sem fram undan eru," segir Andri. **– bdj**



Á Djúpavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leita drjúgra styrkja fyrir jarðaskráningu

SAGNFRÆÐI Búnaðarsamband Austurlands leitar nú til sveitarfélaga á svæðinu til að styrkja gerð þriðju útgáfu af ritröðinni Sveitir og jarðir í Múlaþingi. Ætlunin er að færa allar helstu upplýsingar um lögbýli til nútímans.

Fram kemur í styrktarbeiðni BSA að ekki liggi fyrir áætlanir um kostnað. „Þó er nokkuð ljóst að heildarkostnaður verður án vafa öfugum megin við 20 milljónir, segir í bréfinu. Líklega sé um að ræða um fimm hundruð lögbýli og framlag upp á tíu til fimmtán þúsund krónur á hvert þeirra myndi auðvelda að hrinda hugmyndinni í framkvæmd.

„Rökin fyrir því að leita til sveitarfélaga eru einkum þau að um er að ræða heildstæða söfnun upplýsinga sem til framtíðar mun nýtast til að að skrá þennan þátt atvinnu- og byggðasögu á starfssvæði BSA."

Sveitarstjórn Djúpavogs hefur þegar lýst yfir vilja til að taka þátt í að fjármagna útgáfu ritverksins með þeim hætti sem óskað er. **– gar**

SGS fordæmir hækkanir

KJARAMÁL Starfsgreinasambandið (SGS) fordæmir í yfirlýsingu gjaldskrárhækkanir sem víða eru boðaðar hjá sveitarfélögum. Um sé að ræða hækkanir sem jafnvel nemi á annan tug prósenta auk yfirgengilegra hækkana á launum bæjarstjórnarfólks.

Þá eru verulegar hækkanir og breytingar á leigukjörum í félagslegu húsnæði einnig gagnrýndar harðlega.

Telur SGS að hér sé um brot að ræða á yfirlýsingu Sambands sveitarfélaga sem gefin var út í tengslum við lífskjarasamningana. Þar var því beint til sveitarfélaga að hækka ekki gjaldskrár sínar umfram 2,5 prósent á næsta ári.

SGS skorar á sveitarfélög að standa við umræddá yfirlýsingu og axla þannig ábyrgð á því að markmið kjarasamninganna náist. **– sar**



Mikil starfsmannavelta hefur verið meðal fagfólks á Barna- og unglingageðdeild, BUGL, síðastliðin ár eða um 45 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Geta gengið að betri kjörum víða annars staðar í kerfinu

Mikil starfsmannavelta er á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans vegna lélegra launa og álags. Fagfólk segir ástandið ganga í berhögg við vilja stjórnvalda um að bæta þjónustu við börn og unglinga.

HEILBRIGÐISMÁL Síðastliðin ár hafa verið BUGL þung í skauti og hefur starfsmannavelta verið um 45 prósent meðal fagfólks. Á síðustu vikum og mánuðum hefur borið á auknum kvörtunum starfsmanna vegna vaxandi álags. Þar innandyra er mikil umræða um léleg kjör almennt, þá sérstaklega meðal starfsmanna í BHM, sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa. Á það einnig við um hjúkrunarfræðinga og fleiri starfshópa.

Ingi Jón Hauksson, sálfræðingur á göngudeild BUGL, segir starfsfólk geta gengið að mun betri kjörum hjá heilsugæslustöðvum, félagsþjónustu og barnavernd sveitarfélaga. Hann segir starfsemi BUGL mjög sérhæfða og það taki langan tíma að þjálfa starfsfólkið. „Það gefur augaleið að mikil starfsmannavelta er mjög truflandi fyrir starfsemina. Þetta hefur áhrif á gæði þjónustunnar þar sem þjálfun nýrra starfsmanna tekur langan tíma, auk þess sem mikið viðbótarálag fylgir því að vera stöðugt með nýliða í þjálfun, sem hægir á allri starfsemi."

Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á BUGL, tekur í sama streng. „Það er oftast eftirsóknarvert að vinna á BUGL. Fagfólk vill koma hingað til að sækja sér reynslu og þekkingu. Það getur verið erfiðara að halda fólki yfir lengri tíma. Fagfólk nefnir oftast bág kjör og mikið álag sem ástæðu þess að það velur að hætta," segir Guðrún Bryndís.

> **Starfsmenn göngudeildar BUGL eru að öllu jöfnu dagvinnufólk, margir starfsmenn eru í tveimur störfum til að ná endum saman, þrátt fyrir langa skólagöngu og sérhæfingu.**
>
> Ingibjörg Karlsdóttir, félagsráðgjafi hjá BUGL

Hlutverk BUGL er að veita sérfræðiþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra með fjölþættan vanda, þar á meðal geð - og þroskaraskanir. Starfsemin skiptist í göngudeild og legudeild ásamt bráðaþjónustu fyrir börn og unglinga þar sem grunur er um sjálfsvígshættu eða alvarlegri geðræn einkenni. Alls starfa þar um 80 starfsmenn.

Í dag eru 510 börn í þjónustu hjá BUGL. Komum á göngudeild hefur fjölgað töluvert á milli ára. Árið 2018 fjölgaði þeim um 16 prósent. Guðrún Bryndís segir útlit fyrir að þeim haldi áfram að fjölga á þessu ári um tæplega 15 prósent. Í dag er 101 barn á biðlista eftir þjónustu.

Ingibjörg Karlsdóttir félagsráðgjafi segir að launamunurinn sé mikill. „Starfsmenn göngudeildar BUGL eru að öllu jöfnu dagvinnufólk, margir starfsmenn eru í tveimur störfum til að ná endum saman, þrátt fyrir langa skólagöngu og sérhæfingu," segir Ingibjörg.

Ingi Jón segir að fagfólki BUGL hafa verið boðin mun hærri grunnlaun hjá öðrum ríkisstofnunum og sveitarfélögum. „Við erum að tala um mánaðarlega hækkun um 150 þúsund krónur og upp í 200 þúsund."

Þau segja þetta skjóta skökku við í ljósi þess árangurs sem BUGL hefur náð á síðasta áratug. „Við getum nefnt samráðsteymi með heilsugæslu, félags- og skólaþjónustu, í nærumhverfi, bæði á höfuðborgarsvæði og á landsvísu," segir Ingibjörg. Sú aukna sérfræðiþjónusta og samvinna hafi orðið til þess að málin sem fagfólk BUGL er að sinna séu tímafrekari, þyngri og flóknari.

Þá hefur átak Landspítalans við að kosta sérhæfða símenntun starfsmanna til að byggja undir góða og sérhæfða meðferð og þjónustu orðið til þess að starfsmennirnir hafi orðið eftirsóttari annars staðar í kerfinu.

Ingibjörg segir að það þurfi að grípa inn í. „Ríkið þarf að snúa við þessari öfugþróun í kjaramálum Landspítalans með því að tryggja betur samkeppnishæf laun hjá þessum fagstéttum til að BUGL og Landspítalanum haldist betur á sérhæfðu starfsfólki."

Eina krafan sé að gera launin sambærileg þeim sem bjóðast á öðrum stöðum. „Öllum má vera ljóst að krafa um gæðaþjónustu rímar illa við láglaunastefnu sem hefur viðgengist til margra ára og grefur undan allri uppbyggingu sérþekkingar og faglegrar þróunar," segir Ingibjörg. „Þessi láglaunastefna í boði stjórnvalda er í hróplegu ósamræmi við yfirlýsta stefnu Landspítalans og viljayfirlýsingu fimm ráðuneyta og sveitarfélaga um að auka samstarf milli málefnasviða til að bæta þjónustu við börn og unglinga."

arib@frettabladid.is

Kringlan

Fullt hús af allskonar tilboðum

SVÖRT KRINGLA

Komdu og gerðu frábær kaup
fyrir jólin á svörtum föstudegi!

OPIÐ til kl. 21

Þú finnur öll tilboð
dagsins á **kringlan.is**

Náðu þér í **Kringluappið** og hafðu
öll tilboð í hendi þér ásamt korti
sem sýnir staðsetningu verslana



Google play App Store

KONTOR REYKJAVÍK

Kröfur um aukið þátttökulýðræði

Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa, segir ákveðna breytingu eiga sér stað í samskiptum milli almennings og stjórnvalda. Foreldrar barna við Kelduskóla mótmæla fyrirhugaðri lokun, íbúar funda um deiliskipulag og rekstraraðilar gagnrýna skort á samskiptum við Reykjavíkurborg.



Ingi B. segir ákveðna breytingu eiga sér stað í samskiptum almennings og stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

STJÓRNMÁL Mynd lýðræðis er að breytast; almenningur gerir kröfur um aukið þátttökulýðræði í málum sem varða skipulag og þjónustu. Breyting á sér stað í samskiptum milli almennings og kjörinna fulltrúa á sveitarstjórnarstiginu.

„Ég upplifi ákveðna hreyfingu í samfélaginu. Lýðræði er að víkka út og kröfur almennings til stjórnvalda og stjórnsýslunnar eru orðnar meiri. Ég held að þetta fylgi auknum aðgangi að upplýsingum og kröfu um aukið gagnsæi í samfélaginu. Krafan um þéttara samráð, það að borgarbúar fái að segja sína skoðun og hafa aðkomu að ákvörðunum sem varða lífsgæði þeirra, verður sífellt fyrirferðarmeiri," segir Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa, í samtali við Fréttablaðið.

Foreldrar nemenda í Kelduskóla Korpu leita nú réttar síns vegna fyrirhugaðrar lokunar Kelduskóla eftir að borgarstjórn samþykkti tillögu um breytingar á skólahaldi í Grafarvogi, sem mun hafa áhrif á um 820 börn. Ingi staðfestir að hann hafi fengið nokkur erindi vegna skólans.

Ingi finnur fyrir breytingu í samfélaginu og er mál Kelduskóla ekki einstakt. Krafa borgarbúa um aukin samskipti og meira samráð við Reykjavíkurborg er orðin háværari.

„Það sem maður les úr þessu tilteknu máli er að það er orðin hávær krafa um þátttökulýðræði í starfsemi hins opinbera yfirhöfuð, sérstaklega á sveitarstjórnarstiginu," segir Ingi.

Í öðrum sambærilegum málum má einnig sjá þessa breytingu. Í kjölfar ýmissa framkvæmda og umferðarbreytinga í miðbænum hófu gagnrýnisraddir upp raust sína vegna skorts á samskiptum milli rekstraraðila og Reykjavíkurborgar.

Íbúar í Breiðholti og Árbæ vilja jafnframt hafa eitthvað að segja um fyrirhugaðar breytingar á Stekkjarbakka við Elliðaárdal. Borgarbúar eru vel upplýstir og með skoðanir á þjónustu og skipulagi borgarinnar.

„Reykjavíkurborg er líka að hvetja borgarbúa til að taka meiri þátt og hafa skoðanir á þeim ákvörðunum sem eru teknar. Borgarbúum hefur sennilega aldrei áður verið veittur jafn mikill vettvangur til að hafa skoðanir á ákvarðanatöku og geta komið á framfæri athugunum og ábendingum. En því fylgir líka aukin krafa um þátttökulýðræði í fleiri málaflokkum og þannig veltist þessi lýðræðisbolti áfram."

Spurður hvort ekki sé lengur nóg að kjósa fulltrúa til að taka upplýstar ákvarðanir fyrir hönd almennings segir hann:

„Ég held að lýðræðið og hugmyndir okkar um leiðtoga og forystu séu að þróast. Valdið er að færast til og leiðtogar eru orðnir varir við aukið vald kjósenda."

Ingi telur að almenningur sé farinn að rýna betur í ákvarðanir stjórnvalda og sýni frekara aðhald í samhengi við aukið flæði upplýsinga og þekkingu á réttindum.

„Borgarinn hefur aldrei verið jafn upplýstur og núna, af því leiðir að hann hefur tækifæri til að fylgjast betur með því sem kjörnir fulltrúar og stjórnvöld yfirhöfuð gera," segir Ingi.

Þróunin er í samræmi við þær breytingar sem eiga sér stað í lagalegu samhengi. Fyrr á árinu samþykkti Alþingi tvö lagafrumvörp til að auka tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna og upplýsingarétt almennings.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ákvað í kjölfarið að fela Oddi Þorra Viðarssyni, lögfræðingi á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu, að sinna starfi ráðgjafa um upplýsingarétt almennings. Hann hefur það hlutverk að stuðla að bættri upplýsingagjöf hins opinbera. Í ráðgjöf sinni er hann óháður fyrirmælum frá ráðherra og öðrum. **ingunnlara@frettabladid.is**

Jeep®

BLACK FRIDAY

TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGARBÍLUM

JEEP© WRANGLER



RUBICON
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL 11.590.000 KR.
FULLT VERÐ 12.590.000 KR.

JEEP© GRAND CHEROKEE



TRAILHAWK
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL 9.990.000 KR.
FULLT VERÐ 10.990.000 KR.

JEEP© RENEGADE



LIMITED
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL 4.990.000 KR.
FULLT VERÐ 6.170.000 KR.



JEEP© CHEROKEE LONGITUDE OG LIMITED
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
7.490.000 KR. OG 7.990.000 KR.
FULLT VERÐ 8.852.000 KR. OG 10.220.000 KR.



OVERLAND
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL 10.990.000 KR.
FULLT VERÐ 11.990.000 KR.



TRAILHAWK
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL 5.490.000 KR.
FULLT VERÐ 6.642.000 KR.


TÖKUM GAMLA BÍLINN UPP Í NÝJAN

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR •
S. 534 4433 WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

netto


LESUM SAMAN UM JÓLIN!



Útkall - Tifandi tímasprengja
4.549 kr.




Gústi
5.369 kr.



Höpp og glöpp
4.549 kr.



Orri óstöðvandi
2.599 kr.



Tónlist liðinna alda
6.367 kr.




Betra líf fyrir konur á besta aldri
2.924 kr.



Jólasysturnar
2.599 kr.



Vigdís
2.924 kr.



Léttir réttir Frikka
4.549 kr.



Ævintýri Munda lunda
2.599 kr.

Tilboðsverð gilda 29. nóvember - 1. desember

SVARTUR FÖSTUDAGUR



33% afsláttur

Slæmur pabbi
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.499.-



35% afsláttur

Tilfinningabyltingin
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.-



70% afsláttur

Skrímsla og drauga-atlas heimsins
TILBOÐSVERÐ: 1.199.-
Verð áður: 3.999.-

ALLAR BARNA-LITABÆKUR



30% afsláttur

ALLT FRÁ Crayola



30% afsláttur

ALLAR ERLENDAR BÆKUR



30% afsláttur

ALLT JÓLASKRAUT




30% afsláttur



60% afsláttur

Púsluspil Max Turbo (160 bita)
TILBOÐSVERÐ: 8.699.-
Verð áður: 12.999.-

TILBOÐSVERÐ: 2.279.- Verð áður: 3.799.-




Cilka's Journey




TILBOÐSVERÐ: 2.999.- Verð áður: 4.999.-

The Institute



TILBOÐSVERÐ: 2.819.- Verð áður: 4.699.-

World War II Illustrated Atlas



TILBOÐSVERÐ: 3.599.- Verð áður: 5.999.-

Wonders of The World



TILBOÐSVERÐ: 1.679.- Verð áður: 2.799.-

Vegan Snacks

AÐEINS BROT AF GEGGJUÐUM TILBOÐUM

Í VERSLUNUM OKKAR UM LAND ALLT!

ER HAFINN!

35% afsláttur



Sandberg
Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 21.768.-
Verð áður: 33.490.-

40% afsláttur



LEITZ
Þráðlaus hátalari með bluetooth
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 9.999.-

60% afsláttur



maxell
Heyrnartól þráðlaus
TILBOÐSVERÐ: 5.439.-
Verð áður: 13.599.-

ÖLL HNATTLÍKÖN

30% afsláttur



50% afsláttur



Lampi vélmenni
TILBOÐSVERÐ: 6.000.-
Verð áður: 11.999.-

ÖLL TÍMARIT



30% afsláttur

50% afsláttur



Spil - Jibber Jabber
TILBOÐSVERÐ: 2.500.-
Verð áður: 4.999.-

ALLAR CLOUD FERÐATÖSKUR

GABOL



40% afsláttur

ALLAR FERÐATÖSKUR

30% afsláttur



*Gildir til og með 2. des.

60% afsláttur



Kubbaklukka bleik
TILBOÐSVERÐ: 3.280.-
Verð áður: 8.199.-

*Gildir til og með 2. des.

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 29. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Tiltektar þörf



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Ólíkt því sem efnahagsspár hagfræðinga gera almennt ráð fyrir þá vara efnahagssveiflur ekki að eilífu. Í kjölfar áfalla í ferðaþjónustu var fyrirsjáanlegt að áhrifin á ríkissjóð yrðu veruleg og að fjármálaáætlun stjórnvalda um áframhaldandi afgang myndi ekki ganga eftir. Ríkissjóður verður rekinn með um tíu milljarða halla á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það er enginn heimsendir og margar Evrópuþjóðir líta vafalaust stöðu ríkisfjármála hér á landi, á þessum stað í hagsveiflunni, öfundaraugum. Skuldir ríkissjóðs hafa minnkað um liðlega 600 milljarða frá 2015 og skuldahlutfallið lækkað úr 70 prósentum í 30 prósent.

Fjárlögin eru ekki alslæm. Slakað er á aðhaldi í ríkisfjármálum, sem er réttlætanlegt til að sporna gegn efnahagssamdrættinum, sem birtist meðal annars í að tekjuskattur einstaklinga er lækkaður hraðar og opinber fjárfesting aukin enda þótt ganga hefði mátt enn lengra. Litlar breytingar voru gerðar á fjárlagafrumvarpinu í meðferð þingsins, til hækkunar eða lækkunar útgjalda, sem er til marks um meiri festu og fyrirsjáanleika í ríkisfjármálunum en áður.

Við eyddum engu að síður of miklu í góðærinu. Ríkisútgjöldin hafa aukist um liðlega fimmtíu prósent, eða sem nemur um 300 milljörðum, á aðeins fimm árum. Samtímis fordæmalausum uppgangstímum hafa tekjur ríkissjóðs stóraukist og í stað þess að leita allra leiða til að ná fram meiri hagræðingu og skilvirkni í rekstri hins opinbera, sem er nauðsynlegt, hafa tekjustofnarnir verið þandir til hins ýtrasta. Tímabundnar aðgerðir eftir fjármálaáfallið, einkum og sér í lagi hækkun tryggingagjalds og sértækra skatta á fjármálafyrirtæki, skila orðið það miklum tekjum í ríkiskassann – samanlagt vel á annað hundrað milljörðum króna – að það hefur reynst stjórnvöldum ómögulegt að standa við fyrri loforð um að afnema þær skattahækkanir sökum þess hversu mikil áhrif það hefði á fjárlögin hverju sinni.

Undantekningar finnast sem betur fer. Eftir stanslausan taprekstur er Íslandspóstur, sem er í eigu ríkisins, að komast á réttan kjöl. Með tilkomu nýs forstjóra í sumar, sem hefur ráðist í stórfelldar hagræðingaraðgerðir, er útlit fyrir að afkoman verði brátt við núllið. Þær hafa ekki verið sársaukalausar. Búið er að fækka stöðugildum um 15 prósent, framkvæmdastjórum og millistjórnendum hefur verið sagt upp og starfsemin flutt í minna og ódýrara húsnæði. Öllum má vera ljóst að Íslandspóstur er ekki eina opinbera fyrirtækið eða stofnunin þar sem þörf er á sambærilegri tiltekt.

Stanslaus útgjaldaþensla, á öllum sviðum hins opinbera, á ekki – og má ekki – verða að náttúrulögmáli. Þjóðin eldist hratt sem kallar á gríðarlega útgjaldaaukningu en útlit er fyrir að útgjöld til heilbrigðismála eigi eftir að tvöfaldast fram til ársins 2060 og verða um 14 prósent af landsframleiðslu. Ísland er fyrir háskattaríki og þeir fjármunir verða því ekki sóttir með enn meiri skattlagningu á fyrirtæki og heimili. Pólitísk hugmyndafræði, einkum á vinstrivængnum sem leyfir ekki umræðu um hvernig nýta megi betur fjármuni hins opinbera, þarf að víkja fyrir reynslurökum og heilbrigðri skynsemi. Við höfum ekki efni á öðru.

> Stanslaus útgjaldaþensla, á öllum sviðum hins opinbera, á ekki – og má ekki – verða að náttúrulögmáli.



Halldór



Frá degi til dags

Djúpa Tinderlaugin

Þau góðu tíðindi bárust nýlega að nýr stefnumótaþáttur, Tinderlaugin, hefji brátt göngu sína á Instagram. Óneitanlega tengja flestir lesendur við ljúfar minningar um Djúpu laugina sálugu enda hápunktur íslenskrar dagskrárgerðar. Mengi hugsanlegra þátttakenda er þó ekkert mjög stórt. Djúpa laugin fjaraði því nokkuð hratt út. Stærsta stund þáttanna var þegar ung dama spurði þrjá karlkyns þátttakendur: „Hvernig get ég komið þér á óvart í rúminu?“ Eftir skuggalega stuttan umhugsunartíma svaraði einn með óbirtingarhæfu svari sem tengdist hægðum. Þættirnir lögðust af skömmu síðar.

Vélbyssukjafturinn Vigdís

Eins og kemur fram á öðrum stað í blaðinu hefur borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, Aron Leví Beck, hótað að kæra Vigdísi Hauksdóttur, borgarfulltrúa Miðflokksins, fyrir ærumeiðingar vegna ummæla sem hún lét falla á borgarstjórnarfundi. Sakaði Vigdís Aron Leví um spillingu vegna fyrirhugaðra bygginga í Elliðaárdal. Aron Leví byrjar því með talsverðum látum í borgarstjórn. Að sjálfsögðu verða menn að leita réttar síns ef þeir telja að einhver hafi brotið á þeim en það er spurning hvort það sé skynsamleg vegferð að eltast við ummæli sem vélbyssukjafturinn Vigdís lætur falla. bjornth@frettabladid.is

Fyrstu aðgerðir nýsköpunarstefnu



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
nýsköpunarráðherra

Við upphaf umróts fjórðu iðnbyltingarinnar stöndum við á tímamótum þar sem miklu skiptir að marka afgerandi stefnu í þágu nýsköpunar og fylgja henni markvisst eftir með aðgerðum.

Í gær kynnti ég fyrstu aðgerðirnar í þágu hinnar nýju og metnaðarfullu nýsköpunarstefnu fyrir Ísland sem var kynnt fyrir fáeinum vikum.

Viðamesta aðgerðin er stofnun hvatasjóðs til þátttöku í því sem á ensku er kallað „VC“ fjárfestingar (fyrir „venture capital“) og ég hef leyft mér að leggja til að verði á íslensku kallað „vísifjárfestingar“, enda snúast þær um að styðja við ung fyrirtæki sem eru efnilegur vísir að einhverju meira. Fjármögnun af þessu tagi er mjög þýðingarmikil á vaxtarskeiði nýsköpunarfyrirtækja en hún hefur verið af skornum skammti hér á landi.

Vert er að hafa í huga að vísisjóðir koma ekki bara með fjármagn inn í fyrirtæki heldur líka þekkingu, reynslu og tengsl sem geta oft ráðið úrslitum. Þess vegna er skynsamlegt að greiða götu þeirra. Við Íslendingar erum dugleg að unga út efnilegum fyrirtækjum en þurfum að fjölga þeim sem ná flugi.

Ég sagði einnig frá öðrum mikilvægum aðgerðum. Heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í vísisjóðum verða rýmkaðar. Alvöru þrýstingur verður settur á opinberar stofnanir um að leita nýskapandi lausna og verður fyrsta skrefið stigið hjá stofnunum sem heyra undir mig sem ráðherra. Aðgengi að gögnum hins opinbera verður aukið og þar verður fyrsta skrefið stigið hjá Orkustofnun. Þá hef ég ákveðið að setja á fót hugveitu með framúrskarandi frumkvöðlum sem getur óhindrað og milliliðalaust beint ábendingum og tillögum til ráðherra.

Ég hlakka til að fylgja þessum aðgerðum eftir og fleirum sem verða kynntar síðar. Nýsköpunarlandið þarf að verða að veruleika, við erum komin vel á veg og það er í okkar höndum að ná takmarkinu.

> Við Íslendingar erum dugleg að unga út efnilegum fyrirtækjum en þurfum að fjölga þeim sem ná flugi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*,
MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



Að skapa eða taka

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Frægt er hversu illa lottóvinningshöfum gengur oft að haldast á því ríkidæmi sem þeim áskotnast í sviphendingu þegar tölurnar þeirra sogast upp í plaströr í sjónvarpinu. Algengt er að jafnvel fólk sem vinnur tugi og hundruð milljóna sólundi því öllu á undraskömmum tíma og standi eftir jafn slyppt og snautt og það var áður. Eins eru mörg dæmi um samfélög þar sem verðmætar auðlindir uppgötvast en happafengurinn snýst á örstuttum tíma upp í sannkallaða hefndargjöf.

Peningar og ríkidæmi

Það er ágætt kappsmál hjá bæði einstaklingum og þjóðum að öðlast efnahagslegt sjálfstæði og jafnvel ríkidæmi. En hvort sem litið er til einstaklinga eða samfélaga, þá skiptir ekki bara máli hvort það tekst að verða auðugur. Það skiptir líka máli hvernig það er gert. Það eru ýmsar leiðir sem þjóðir geta farið til þess að öðlast efnahagslega velsæld; þá sem mælist í landsframleiðslu á mann og ýmsum öðrum þjóðhagslegum útreiknistærðum. Samkvæmt slíkum tölum eru olíuríki lönd við Persaflóa meðal þeirra allra auðugustu en líka ýmis smáríki sem eru þekktari fyrir að bjóða upp á ýmiss konar siðferðislega vafasama fjármálaþjónustu.

En þessi samfélög eru ekki endilega „rík“ þótt þar sé mikið af peningum.

Í hagfræðinni er gjarnan talað um „hollensku veikina“ sem lagst getur á samfélög sem skyndilega komast yfir mikil efnahagsleg verðmæti. Þegar það gerist þá dregur mjög úr hvatanum til þess að skapa nýjungar, beita hugviti og sköpunargáfu. Þá er nefnilega hægt að græða miklu meira á því að koma sér í góða aðstöðu til að hafa aðgang að peningum heldur en að búa til eitthvað sjálfur. Sem sagt, það verður miklu meira upp úr því að hafa að reyna að ná til sín verðmætum heldur en að skapa þau. Þetta hefur margháttuð áhrif á samfélög; og allflest mjög neikvæð. Ýmiss konar spilling er líkleg til þess að byrja að grassera í þannig samfélögum; og ekki einungis sú sem felst í ólöglegum og siðlausum athöfnum heldur er hætta á því að samfélögin verði máttlaus og fólkið sjálft framtakslítið, hikandi og hrætt.

2000 bólan og bankabólan

Í framúrskarandi grein eftir Rögnvald J. Sæmundsson og Örn D. Jónsson í Tímariti um viðskipti og efnahagsmál árið 2010 er fjallað á einstaklega aðgengilegan hátt um stöðu frumkvöðla á Íslandi. Í greininni benda þeir á að í kringum aldamótin 2000 hafi á Íslandi orðið til vísir að viðskiptaumhverfi þar sem fólk með nýjar hugmyndir og djarfar áætlanir hafi fengið tækifæri til þess að fylgja úr hlaði nýsköpunardrifnum frumkvöðlahugmyndum.

Bankabólan sem varð til fljótlega upp úr aldamótum var hins vegar þess eðlis að hún snerist ekki um að skapa raunverulegt verðmæti heldur einmitt að ná þeim til sín. Því má segja að ein af afleiðingum hennar hafi verið að stífla farveg raunverulega gagnlegrar nýsköpunar. Og það er staðreynd að enn er staðan þannig á Íslandi að bestu dæmin um alþjóðlega samkeppnishæfa nýsköpun eru fyrirtæki sem eru orðin að minnsta kosti 30 til 40 ára; og langflest stærstu fyrirtæki landsins eru miklu eldri en það. Hér á landi þurfum við líka að vera mjög á varðbergi gagnvart þeim hættum sem fylgt geta ríkulegum náttúruauðlindum; því af þeim eigum við sannarlega nóg.

Sem betur fer eru til fjölmörg dæmi um samfélög sem hefur tekist að halda hvoru tveggja í blóma—nýtingu auðlinda og hugvits. Það má ekki bregðast hér á landi.

Vandmeðfarið vald


Íslenskur sjávarútvegur er vissulega starfsemi sem byggist á nýtingu auðlindar, en það er þó blessun Íslendinga að nýting auðlindarinnar krefst mikillar hugvitssemi, þekkingar og sköpunargáfu. Og enn meiri lukka (eða forsjálni) gerði það að verkum að á tuttugustu öldinni stóð Ísland mjög framarlega í hvers kyns nýsköpun sem tengist sjávarútvegi, og enn í dag njótum við góðs af því. En jafnvel þrátt fyrir þetta þá hefur íslenska hagkerfið mikil, og kannski vaxandi, einkenni auðlindahagkerfis um þessar mundir. Á áratugnum frá hruni hefur orðið mikil auðs- og valdasöfnun á höndum öflugustu útgerðarfyrirtækjanna. Slíkt vald er mjög vandmeðfarið og getur verið hættulegt bæði þeim sem með það fara og hinum sem fyrir því verða.

Ein mesta hættan sem fylgt getur auðsöfnun sem byggist á nýtingu auðlinda er þó líklega sú að svigrúmið til nýsköpunarstarfsemi getur þrengst. Til þess að sporna við því þarf að hlúa sérstaklega að umhverfi nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi. Sem betur fer eru til fjölmörg dæmi um samfélög sem hefur tekist að halda hvoru tveggja í blóma—nýtingu auðlinda og hugvits. Það má ekki bregðast hér á landi.

Fleiri tækifæri

Hér á landi þarf að standa vörð um jákvætt hugarfar í garð frumkvöðla, tryggja fjárhagslega innviði nýsköpunar, byggja upp þolinmæði gagnvart áhættu, beina fjármunum frekar í átt að sköpun verðmæta heldur en gjörnýtingu auðlinda, og gæta þess að Íslendingar eigi þess kost að taka óhindrað þátt í alþjóðlegum viðskiptum.

Velmegun og lífsgæði á Íslandi á næstu árum og áratugum mun ekki byggjast á því að veiða fleiri fiska, virkja fleiri fallvötn eða traðka niður fleiri stíga í viðkvæmri náttúru. Hér á landi þurfa að verða til fleiri ný fyrirtæki sem hafa tækifæri til þess að gera stóra hluti á alþjóðlegum markaði og veita fleira fólki tækifæri til þess að starfa í spennandi og skapandi umhverfi.



Höldum lestrinum áfram



Arnór Guðmundsson
forstjóri Menntamálastofnunar

Niðurstöður úr nýlegri könnun um bóklestur Íslendinga og fregnir um aukinn fjölda útgefinna bóka eru fagnaðarefni. Könnun Miðstöðvar íslenskra bókmennta sýnir að bóklestur hefur aukist frá því 2017 sem hlýtur að teljast stórmerkilegt þegar haft er í huga að framboð á öðru efni hefur aldrei verið meira en nú. Aukinn lestur samfara meira framboði á efni á íslensku stuðlar að því að dýpka orðaforða og skilning með íslensku sem miðil. Í þessu samhengi er ákaflega ánægjulegt að sjá að barnafjölskyldur eru afkastamestu lesararnir. Börn sem fá gott málatlæti og læsisuppeldi eru líklegri til að ná góðum námsárangri sem aftur leiðir til aukinna tækifæra og bættra lífsgæða.

Nú er hvatningin að lesa til að njóta og getur öll fjölskyldan tekið þátt í lestrinum ef áhugi er fyrir hendi.

Hvers vegna lesa Íslendingar meira núna?

Íslendingar lesa e.t.v. meira núna vegna þess að margir einstaklingar og stofnanir hafa lagt hönd á plóg til að auka veg bókarinnar, lestrar, læsis og þar með íslenskunnar. Niðurstöður úr PISA-könnun Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sýna að á árunum 2000-2015 hrakaði læsi íslenskra nemenda í 10. bekk. Þetta hafa margir tekið til sín og hafa í kjölfarið brugðist við með fjölbreyttum aðgerðum til að bæta læsi, að auka almennan lestur og stuðla að aukinni bókaútgáfu. Þar má nefna Þjóðarsáttmála um læsi en með honum tók mennta- og menningarmálaráðuneyti höndum saman með öllum sveitarfélögum í landinu ásamt samtökum foreldra og kennara um að efla lestur. Liður í sáttmálanum, sem Menntamálastofnun hefur unnið að, er að auka vitund almennings um mikilvægi lestrar. Hefur náðst gott samstarf við ýmsa aðila, s.s. RÚV og bókasöfn, um þessa vitundarvakningu. Mikilvægt er að allar þessar aðgerðir verði varanlegur og órjúfanlegur hluti af umgjörð lestrarmenningar okkar en ekki einungis tímabundnar aðgerðir sem hafa áhrif til skamms tíma.

Nú eru að koma jól!

Á Íslandi er löng hefð fyrir því að gefa bækur í jólagjöf og lesa meira en ella yfir jólin. Í krafti þess að Íslendingar eru farnir að lesa meira er ástæða til að hvetja enn fleiri til að taka sér bók í hönd og halda á vit ævintýranna í skammdeginu og kuldanum. Menntamálastofnun, Heimili og skóli, Samtök forstöðumanna á almenningsbókasöfnum og Félag fagfólks á skólasöfnum gefa nú í þriðja sinn út Jólasveinalestur í samstarfi við KrakkaRÚV en hann er með örlítið breyttu sniði þetta árið. Nú er hvatningin að lesa til að njóta og getur öll fjölskyldan tekið þátt í lestrinum ef áhugi er fyrir hendi. Efnið má finna á heimasíðum Menntamálastofnunar og Heimilis og skóla.

Gleðilegan jólalestur!

Mútur – gamalt fyrirbæri í mannlegu samfélagi



Tryggvi Gíslason
fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri



Vegna umræðu síðustu daga og vikur um mútugreiðslur má nefna, að orðið „múta“ eða „mútur“ hefur fylgt þessari þjóð langan aldur og kemur víða fyrir í fornu máli íslensku, s.s. í heilagra manna sögum, í Stjórn, gamalli þýðingu á upphafi Biblíunnar, og í Alexanders sögu, sögu Alexanders mikla sem uppi var 300 árum fyrir Krists burð. Þá kemur orðið einnig fyrir kvæðinu „Heimsómi“, er Skáld-Sveinn orti á 15. öld, þar sem segir:

Hvert skal lýðurinn lúta?
Lögin kann enginn fá,
nema baugum býti til.
Tekst inn tollur og múta,
taka þeir klausu þá
sem hinum er helst í vil.
Vesöl og snauð er veröld af þessu klandri,
völdin efla flokkadrátt í landi,
harkamálin hyljast mold og sandi,
hamingjan bannar að þetta óhóf standi.

Í þessu erindi spyr Skáld-Sveinn, hvaða lögum almenningur eigi að lúta, af því að enginn fái réttláta meðferð nema greiða valdsmönnum mútur til þess að valdsmenn noti þau ákvæði laga, sem eru mútugjafanum til hagsældar. En af þessum svikum verður veröldin fátækari og svikin auka flokkadrátt í landinu, og svikin – harkamálin – gleymast, fara í gröfina með þeim sem sviknir eru, svo og með þeim sem svíkja. Að lokum er í erindinu borin fram sú ósk, að hamingjan komi í veg fyrir þetta óréttlæti – þetta óhóf. Mútur eru því ekki nýtt fyrirbæri í mannlegu samfélagi, eins og sumir virðast halda.

Íslenska nafnorðið múta merkir í nútímamáli „peningagreiðsla til þess að hafa áhrif á gang mála“. Í dönsku og norsku er nú notað orðið bestikkelse, en í sænsku er notað orðið muta eða mutor, sem á rætur að rekja til grísku gyðjunnar.

Þá er fróðlegt að hafa í huga, að gyðja þagnarinnar í hinni forngrísku goðatrú heitir Muta, en það orð merkir „hin mállausa“. Gyðjan Muta var þekkt fyrir fegurð, en einnig fyrir málæði og hún gat ekki þagað yfir leyndarmálum. Sagði hún frá framhjáhaldi Júpíters, sem var æðstur guðanna. Fyrir vikið skar Júpíter tunguna úr henni. Var Merkúr, guð verslunar og ferðalaga, falið að fara með hina fögru gyðju niður í undirheimana, en hann hreifst af fegurð hennar og hafði kynmök við hana á leið þeirra niður og barnaði hana.

Íslenska nafnorðið múta merkir í nútímamáli „peningagreiðsla til þess að hafa áhrif á gang mála“. Í dönsku og norsku er nú notað orðið bestikkelse, en í sænsku er notað orðið muta eða mutor, sem á rætur að rekja til grísku gyðjunnar. Í þýsku er notað orðið Schmiergelder, í ensku orðið bribery um mútur, en upphaflega var orðið notað um „theft, robbery, swindling, pilfering“, komið af franska orðinu briberie, sem og var þar notað um það þegar embættismenn tóku fé fyrir sviksamlegt athæfi. Allt er þetta því af sömu rót runnið og mútur alþekktar um allan hinn vestræna heim – um aldir alda.

Stundum vindhani – stundum ábyrgur



Björn Gíslason
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Það er fjarstæða að halda því fram að það sé eitthvað sérstakt mál Sjálfstæðisflokksins að krefjast þess að kosið verði um framtíð Elliðaárdalsins. Að baki tillögunni um íbúakosningu á fundi borgarstjórnar hinn 19. nóvember síðastliðinn stóðu fjórir flokkar, Sjálfstæðisflokkur, Miðflokkur, Sósíalistaflokkur og Flokkur fólksins. Eins hafa samtök eins og Hollvinasamtök Elliðaárdalsins krafist þess að kosið verði um framtíð dalsins í íbúakosningu. Þess utan hafa bæði Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun talið að þær framkvæmdir sem ráðgert er að ráðast í geti skaðað lífríki Elliðaárdalsins. Auk þess gera Landvernd og Stangaveiðifélag Reykjavíkur alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Það er ekki óþekkt með öllu, þó það sé heldur ekki algengt, að kosið sé um umdeild umhverfis- og skipulagsmál. Á síðustu árum er að finna þrjú dæmi þess að sveitarstjórnir hafi sett þrjú slík mál í íbúakosningu. Kosið var um stækkun álversins í Straumsvík, iðnaðaruppbyggingu í Helguvík og um skipulag nýs miðbæjar á Selfossi. Það væri því ekki um einsdæmi að ræða þó íbúakosning færi fram um framtíð Elliðaárdals.

Má því segja að Elliðárdalurinn sé að skreppa saman, enda munu framkvæmdirnar þrengja verulega að dalnum. Hver veit nema það þrengist enn frekar að Elliðaárdalnum, reki á fjörur meirihlutans fleiri óþekkta fjárfesta?

Elliðaárdalurinn skreppur saman

Það er ekki lengra síðan en árið 2016, að það svæði sem nú á að leggja undir gróðurhvelfingu Aldin Biodome var skilgreint í skýrslunni „Sjálfbær Elliðaárdalur – Stefna Reykjavíkur“ sem hluti Elliðaárdals. Sama ár voru þó kynnt áform um úthlutun 5.000 fermetra lóðar á svæðinu með 1.500 fermetra byggingarmagni. Nú þremur árum síðar er lóðin, sem stendur til að úthluta Aldin Biodome, orðin 12.500 fermetrar og byggingarmagnið þrefaldað eða 4.500 fermetrar. Auk þess hafa borgaryfirvöld á þessum þremur árum breytt umræddu svæði frá því að vera hluti dalsins yfir í að vera það sem kallað er jaðar dalsins. Má því segja að Elliðaárdalurinn sé að skreppa saman, enda munu framkvæmdirnar þrengja verulega að dalnum.

Hver veit nema það þrengist enn frekar að Elliðaárdalnum, reki á fjörur meirihlutans fleiri óþekkta fjárfesta?

Samtals er fyrirhugað að úthluta 45 þúsund fermetrum í dalnum undir lóðir, mestmegnis undir atvinnustarfsemi, eins og t.d. Garðheima. Nafn Garðheima er þó nýtt í þessu sambandi, enda kom það fyrst fram í viðtali við Pawel Bartozsek, forseta borgarstjórnar og borgarfulltrúa Viðreisnar, í þættinum í Bítið á Bylgjunni hinn 25. nóvember. Það eru þó engin tíðindi að fulltrúar meirihlutans missi út úr sér í fjölmiðlum eitthvað um áform sín áður en þau eru kynnt fyrir ráðum og nefndum borgarinnar eða öðrum hagsmunaaðilum.

Í áðurnefndu viðtali í útvarpsþættinum Í bítið á Bylgjunni sagði Pawel Bartozsek það vera skyldu sína sem kjörins fulltrúa að taka ákvörðun um hvort ráðist yrði í svona framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í Elliðaárdalnum og að hann gæti ekki stöðugt verið að hlaupa um eins og pólitískur vindhani eftir skoðunum annarra.

Þessi sami borgarfulltrúi virðist þó ekki treysta sér til þess að ráðstafa 400 milljónum af viðhaldsfé borgarinnar til lögbundinna verkefna og blæs því árlega til rándýrra íbúakosninga um hvar framkvæma skuli almennt viðhald á leiktækjum, göngustígum o.fl. Það sér það hver vitiborin manneskja að lýðræðisástin er ekki mikil þegar lýðræðið hentar bara fyrir sjálfsögð smáverkefni en ekki umdeildar stórframkvæmdir.

BLACK FRIDAY

40%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM

TILBOÐIN GILDA LÍKA Á LEGOBUDIN.IS

Gildir 29. nóvember, gildir einnig í vefverslun

LEGO®

Legobúðin | Smáralind

Jafnréttið er að hraða þróun fyrirtækisins



Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar

Við hjá Landsvirkjun erum þakklát fyrir þá viðurkenningu sem við hlutum á dögunum, þegar okkur voru veitt Hvatningarverðlaun jafnréttismála. Verðlaunin eru okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut, því jafnréttismál eru ekki tímabundið átak heldur eiga þau að vera eðlilegur hluti af starfsemi fyrirtækja, alltaf. Þótt við höfum náð árangri að undanförnu erum við þó ekki enn orðin „góð í jafnrétti“. Enn er verk að vinna, en við vitum hvert við ætlum að komast.

Algjört jafnrétti er ekki bara æskilegt. Það er nauðsynlegt. Um það er sem betur fer ekki lengur deilt í samfélaginu. Í orði kveðnu er það löngu afgreitt mál að við eigum öll að sitja við sama borð, hvort sem við erum konur, karlar eða tilheyrum öðrum kynjum. Jafnrétti er orðið sjálfsagt mál.

En þótt tíðarandinn hafi breyst með þessum jákvæða hætti hafa raunverulegar breytingar víða látið standa á sér. Við hjá Landsvirkjun áttuðum okkur á því að við þyrftum að gera miklu betur, þegar við skoðuðum stöðu jafnréttismála hjá okkur með gagnrýnum augum árið 2017. Grasrótin í fyrirtækinu hvatti okkur til dáða – myndast hafði hópur kvenna sem voru ekki nægjanlega ánægðar með stöðu jafnréttismála hjá okkur.

Frá orðum til aðgerða

Við ákváðum þess vegna að gera eitthvað í málunum. Við gerðum jafnrétti að einni af aðaláherslum Landsvirkjunar. Forstjóri fyrirtækisins, undirritaður, gerðist eigandi áhersluverkefnisins innan fyrirtækisins og tók við formennsku í jafnréttisnefnd, auk þess sem við fengum forstöðumann á starfsmannasviði til þess að leiða jafnréttisvinnuna.

> **Við víkkuðum út sjóndeildarhringinn og fórum að horfa á þætti eins og menningu, samskipti og vinnuumhverfi – tókum upp eins konar 360° nálgun á jafnrétti í fyrirtækinu.**

Fram að þessu höfðum við haft frekar þröngt sjónarhorn á jafnrétti og einblínt á kynjahlutföll og laun. Við víkkuðum út sjóndeildarhringinn og fórum að horfa á þætti eins og menningu, samskipti og vinnuumhverfi – tókum upp eins konar 360° nálgun á jafnrétti í fyrirtækinu. Við réðumst í umfangsmikið jafnréttisverkefni með Capacent – Jafnréttisvísinn – og gerðum heildstæða úttekt á stöðu jafnréttismála innan Landsvirkjunar. Við fengum allt starfsfólkið með okkur í vegferðina, héldum starfsdag í Hörpu og þangað mætti nánast allt starfsfólk fyrirtækisins, um 300 talsins.

Aðgerðaáætlun jafnréttismála

Í kjölfar starfsdagsins voru umbótatillögur starfsfólks flokkaðar og þeim forgangsraðað. Úr varð aðgerðaáætlun jafnréttismála til þriggja ára, með skýrum markmiðum, mælikvörðum og umbótaverkefnum.

Ávinningur verkefnanna er nú þegar orðinn áþreifanlegur. Meðal annars hefur verið farið yfir starfsheiti út frá kynjasjónarmiðum, farið hefur verið yfir kynningarefni fyrirtækisins með jafnrétti í huga, innleitt hefur verið nýtt ráðningarferli sem hannað er til að stuðla að jöfnum kynjahlutföllum, innleitt nýtt ferli um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni, kynjahlutföll eru höfð til hliðsjónar við skipulagningu opinna funda, stofnaður hefur verið verkefnahópur sem horfir á vinnuumhverfi með tilliti til jafnréttis og svo má lengi áfram telja.

Í ár hefur áhersla verið lögð á menningu, enda var ljóst að fara þyrfti betur í saumana á henni, greina hana og breyta ákveðnum þáttum hennar, ef við ætluðum að ná markmiðum okkar í jafnréttismálum.

Jafnrétti er ekki átak

Það er mikilvægt að hafa í huga að jafnrétti er ekki átak. Jafnrétti á að vera ástand. Við tölum ekki um jafnréttisátak hjá Landsvirkjun, heldur jafnréttisvegferð, sem heldur áfram. Við höfum þó bætt okkur mikið og erum meðvituð um að við þurfum áfram að halda vel á spöðunum. Við vitum hvar við erum og hvert við viljum komast. Það er forsenda þess að ná árangri í jafnréttismálum.

Ég er hakkaþonráðgjafi, en þú?



Kristjana Björk Barðdal
framkvæmdastjóri Reboot Hack

Eftir að ég varð atvinnulaus í sumar sótti ég ekki um önnur störf. Í sumar þurfti ég að segja starfinu mínu upp þar sem ekki voru nægir peningar í verkefninu til að borga mér laun en ég tala meira um það hér. Það fyrsta sem ég gerði var að meta stöðuna og reyna komast að því hvað mig langaði að gera - vegna þess að ekkert fyrirtæki kallaði til mín. Í staðinn ákvað ég að vinna að verkefninu Reboot Hack sem ég hafði stofnaði ári áður ásamt skólasystrum mínum. Reboot Hack er hakkaþon fyrir háskólanema en hakkaþon er nýsköpunarkeppni sem fer fram á 24 tímum þar sem fyrirfram ákveðnar áskoranir frá íslenskum fyrirtækjum eru lagðar fyrir sem þátttakendur þurfa svo að þróa og að lokum kynna hugmyndir sínar að lausnum.

Eftir að hafa lokið fyrsta fjármögnunarfasa Reboot Hack í byrjun september komust við að því að jarðvegurinn er grýttari en við höfðum talið og mér ljóst að ég gæti ekki fengið greitt fyrir vinnuna mín hjá Reboot Hack. Ég opnaði því fyrir það að taka að mér auka verkefni til að halda mér uppi.

Fyrsta verkefnið sem ég tók að mér var í gegnum fyrri samstarfsaðila Reboot Hack 2019. Verkefnið fólst í því að vera ráðgjafi við framkvæmd hakkaþons á vegum Snjallborgarinnar, verkefnis á vegum Reykjavíkurborgar. Þar gat ég nýtt þá þekkingu og færni sem ég hef öðlast í gegnum störf mín við hakkaþon ásamt færni mína í samskiptum og viðburðarstjórnun. Það fréttist út og stuttu seinna fékk ég annað hakkaþons verkefni í hendurnar en í það skipti var mér falið að sjá um alla framkvæmd hakkaþonsins. Þegar á leið það verkefni kom í ljós að ekki var til nægt fjármagn ásamt því að ekki var nægjanlegur tími til stefnu til þess að klára allt sem þurfti. Því var ákveðið að hætta við framkvæmdina. Þá sömu viku kom upp í hendurnar á mér annað hakkaþon - í þetta skipti fyrir Tónlistarborgina Reykjavík en hakkaþonið fór fram undir leiðsögn MIT Bootcamps sem byggir á hugmyndafræði frá sérfræðingum við MIT-háskólann og einblínir á hvernig á að leiða hópa í hugmyndavinnu.

Starf mitt síðustu mánuði hefur því þróast í það að vera hakkaþonráðgjafi, sem er blanda af verkefnastjórnun, viðburðarstjórnun, markaðsstörfum og almannatengslum. Ég hef þróað með mér enn betri færni til þess að vinna sjálfstætt sem og hæfileikann til þess að koma inn í í teymi og vinna samhliða þeim á mest krefjandi tímum verkefnisins. Starfið felur í sér að geta haldið mörgum boltum á lofti frá mismunandi verkefnum. Það felur í sér mikið skipulag og úthald þar sem fjöldi funda er mikill þegar nær líður hakkaþonunum sjálfum, sem og hakkaþonin sjálf krefjast mikillar viðveru þegar að þeim loksins kemur. Ég hef kynnst fjölmörgu fólki innan nýsköpunarsenunnar ásamt því að hafa myndað tengsl milli þeirra verkefna sem finna má í mínu umhverfi og hvatt fólk til þess að taka þátt í gegnum það sterka tengslanet sem ég hef þróað í gegnum störf mín. Það skiptir mig miklu máli að tengja þessi verkefni saman og hakkaþonáhugafólk ætti að geta sótt öll þau hakkaþon sem eru í boði á Íslandi.

Þegar ég var yngri dreymdi mig alltaf um að vinna við eitthvað sem hafði ekki enn verið fundið upp. Síðustu ár hef ég síðan stefnt að því að vinna við krefjandi og síbreytilegt starf sem krefst þess að ég leggi mig stöðugt fram um að læra nýja hluti. Að geta fylgt þessu eftir, uppfylla markmiðin og hafa skapað mér mín eigin tækifæri hefur verið gríðarlega lærdómsríkt. Í dag er ég gríðarlega stolt af því að hafa tekist að skapa mér tímabundna atvinnu sem hakkaþonráðgjafi. Ef þú hefur áhuga á því að halda hakkaþon, kynnast hugmyndafræðinni betur eða taka þátt í Reboot Hack ekki hika við að hafa samband.

> **Þegar ég var yngri dreymdi mig alltaf um að vinna við eitthvað sem hafði ekki enn verið fundið upp. Síðustu ár hef ég síðan stefnt að því að vinna við krefjandi og síbreytilegt starf sem krefst þess að ég leggi mig stöðugt fram um að læra nýja hluti.**

Black Friday

Black Friday Tilboð 2.190.000
SUBARU Forester premium. Árgerð 2017, ekinn 155 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Black Friday Tilboð 2.190.000.** Rnr.213940.

Black Friday Tilboð 3.250.000
KIA Sportage ex. Árgerð 2018, ekinn 123 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Black Friday Tilboð 3.250.000.** Rnr.213939.

Black Friday Tilboð 7.990.000
MERCEDES-BENZ Gle 250 d 4matic. Árgerð 2018, ekinn 67 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. **Black Friday Tilboð 7.990.000.** Rnr.117103.

Black Friday Tilboð 1.790.000
KIA Soul ex. Árgerð 2017, ekinn 101 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **Black Friday Tilboð 1.790.000.** Rnr.213783.

Black Friday Tilboð 4.690.000
KIA Sorento ex 7manna. Árgerð 2018, ekinn 108 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Black Friday Tilboð 4.690.000.** Rnr.213918.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165
REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR

Black Friday Tilboð 7.990.000
BMW X6 xdrive30d m-tech. Árgerð 2015, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Black Friday Tilboð 7.990.000.** Rnr.115421.

Black Friday Tilboð 2.390.000
TOYOTA Hilux double cab sr5. Árgerð 2008, ekinn 188 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. **Black Friday Tilboð 2.390.000.** Rnr.213898.

Black Friday Tilboð 1.190.000
SKI-DOO Summit sp 154. Árgerð 2014, ekinn 4100 .KM, bensín, sjálfskiptur. **Black Friday Tilboð 1.190.000.** Rnr.114170.

Milwaukee®

SVARTUR FÖSTUDAGUR

ALVÖRU TILBOÐ

ALVÖRU VERKFÆRI

vfs.is

M12

Borvél og fjölnotahjólsög eða hnoðbyssa

+ *2 rafhl. 4,0 og 2,0 Ah, hleðslut. og taska*

TILBOÐ 69.900 KR.

Vnr. MW 4933471681 eða 4933471682

+ eða:

Fjarstýrður Milwaukee jeppi fylgir 25 fyrstu kaupunum

M12

Borvél m/höggi

M12 BPD-202X 32Nm

+ *Tvær 2,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska*

TILBOÐ 24.900 KR.

Vnr. MW 4933446045

Fjarstýrður Milwaukee jeppi fylgir 25 fyrstu kaupunum

M18

Borvél m/höggi

M18 CBLPD-202C 60Nm

+ *Tvær 2,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska*

TILBOÐ 39.900 KR.

Vnr. MW 4933464320

Fjarstýrður Milwaukee jeppi fylgir 25 fyrstu kaupunum

M18

Borvél og útvarp

M18 CBLPD-402C 60Nm

+ *Tvær 4,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska*

TILBOÐ 69.900 KR.

Vnr. MW 8990006703

Fjarstýrður Milwaukee jeppi fylgir 25 fyrstu kaupunum

M18

Borvél og herslulykill

M18 BPPO-502X

+ *Tvær 5,0 Ah rafhlöður hleðslut. og taska*

TILBOÐ 54.900 KR.

Vnr. MW 4933464023

Fjarstýrður Milwaukee jeppi fylgir 25 fyrstu kaupunum

M12

VELDU ÞÉR TÆKI Á AÐEINS 15.900 KR.

M18

VELDU ÞÉR TÆKI Á AÐEINS 26.900 KR.

- A **Sverðsög** *MW 4933411925*
- B **Flöskufræs** *MW 4933427183*
- C **Loftdæla** *MW 4933464124*
- D **Vinkilborvél** *MW 4933416900*
- E **Skrúfvél** *MW 4933441910*
- F **Vinkilskrúfvél** *MW 4933451247*
- G **Fjölnotavél** *MW 4933427180*
- H **Ljós** *MW 4933451394*
- I **Útvarp** *MW 4933416365*
- J **Skrúfvél m/högg** *MW 4933441955*
- K **Herslulykill** *MW 4933447134*
- L **Ljós** *MW 4933451899*
- M **Handryksuga** *MW 4933448390*
- N **Skrúfvél** *MW 4933447135*
- O **Lóðbolti** *MW 4933459760*
- P **Ljós** *MW 4933451261*
- Q **Herslulykill** *MW 4933441985*
- R **Hátalari** *MW 4933448380*
- S **2 rafhl. + hleðslutæki** *MW 4932430554-1*

Kauptu 3 tæki og þá fylgir 4,0 Ah rafhlaða*

Kauptu 3 tæki og þá fylgir 4,0 Ah rafhlaða*

*100 fyrstu kaupum.

- A **Slípirokkur** *MW 4933441502*
- B **Sverðsög** *MW 4933416785*
- C **Hleðslustöð** *MW 4932430086*
- D **Herslulykill** *MW 4933443590*
- E **Sverðsög** *MW 4933447275*
- F **Fjölnotavél** *MW 4933446203*
- G **Höggborvél** *MW 4933443320*
- H **Hjólsög** *MW 4933419134*
- I **Vinkilborvél** *MW 4933427189*
- J **Útvarp** *MW 4933451250*
- K **Stingsög** *MW 4933451391*
- L **Hjámiðjurokkur** *MW 4933464228*
- M **Ljós** *MW 4933464134*
- N **Handryksuga** *MW 4933459204*
- O **Hitabyssa** *MW 4933459771*
- P **Höggskrúfvél** *MW 4933464476*
- Q **Borvél** *MW 4933464319*
- R **2 rafhl. + hleðslutæki** *MW 4933459215*

Borasett SDS+ MX4 sett 7stk
8.900 KR.
MW 4932451464

Borasett HSSG 19stk.
5.490 KR.
MW 4932352374

Bitasett Stórt 62stk
7.990 KR.
MW 4932464168

Bitasett með toppum 31stk
6.990 KR.
MW 4932464170

Bitasett 32stk Shockwave
3.590 KR.
MW 4932464240

Sverð-sagarblöð sett 10stk
4.900 KR.
MW 49222211

Vinkildrif Shockwave
4.990 KR.
MW 4932471274

Hallamál slim box, sett 60, 120 og 200cm
9.900 KR.
MW 4932459618

Holusagasett 10 stk
14.900 KR.
MW 49224201

Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 12.900 kr. og þá fylgir fjarstýrður Milwaukee jeppi á meðan birgðir endast

VERKFÆRA SALAN


Tilboð gilda aðeins föstudaginn 29. nóvember
Opið 7:00-18:00

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Hverfa bankarnir?



Ólafur Arnarson
hagfræðingur og fyrrverandi formaður Neytenda-samtakanna



Á næstu örfáum misserum mun íslenskt bankakerfi umturnast. Eftir 3-4 ár verða íslensk fyrirtæki og neytendur í fjármálaumhverfi, sem á fátt líkt með því sem þekkist í dag. Ástæðan er sú að allar leikreglur á bankamarkaði eru að breytast. Markaðurinn er alþjóðlegri en nokkru sinni fyrr. Feitar mjólkurkýr hins hefðbundna bankakerfis eru leiddar í sláturhús hver af annarri. Allt er þetta gert í þágu neytenda og samkeppni.

Hér á landi sjáum við þegar merki um breytta tíma. Mörg hundruð bankastarfsmenn hafa misst vinnuna á þessu ári og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Arion banki, eini stóri íslenski bankinn í eigu einkaaðila, hefur gengið fram fyrir skjöldu og leiðir aðlögun íslensku bankanna að breyttum tímum á fjármálamarkaði.

Breytingarnar á alþjóðamarkaði eru að verulegu leyti drifnar áfram af breyttum verslunarháttum. Hefðbundnar verslanir eiga undir högg að sækja og neytendur versla í síauknum mæli við alþjóðlegar netverslanir. Þessir breyttu verslunarhættir hafa kallað á breytta greiðslumiðlun. Nú eru greiðslumiðlar á borð við Alipay og Apple Pay orðnir fyrirferðarmiklir. Þeir hafa ekki einungis haslað sér völl í netverslun heldur líka í margvíslegum almennum og daglegum viðskiptum.

Nýju greiðslumiðlarnir hafa í för með sér að þörfin fyrir gömlu greiðslumiðlana á borð við Visa og MasterCard fer minnkandi. Fyrir örfáum árum var keppst um að ná yfirráðum yfir kortafyrirtækjum, sem voru mjólkurkýr þess tíma. Nú eru mjólkurkýrnar ekki svipur hjá sjón og margar hverjar steingeldar.

Í Evrópu eru þessar breytingar drifnar áfram af tilskipun ESB um greiðslumiðlun, PSD2, sem verið er að innleiða á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ísland sér á parti

Íslenskir bankar búa við umhverfi sem um margt er frábrugðið því umhverfi sem þekkist í nágrannalöndum okkar:

Kröfur um eigið fé eru miklum mun hærri en annars staðar. Íslenski bankaskatturinn, sem lagður er á lánsfjármögnun banka, þekkist ekki annars staðar. Íslenska krónan er örgjaldmiðill, sem hvergi er gjaldgengur annars staðar en á Íslandi

Fyrir vikið eru íslensku bankarnir ekki samkeppnishæfir við fjármálastofnanir í öðrum löndum og dregur það dilk á eftir sér um allt íslenska hagkerfið. Íslensk fyrirtæki eru ekki samkeppnisfær við fyrirtæki, sem búa við hagstæðara fjármálaumhverfi. Til lengri tíma kemur þetta niður á lífskjörum allrar þjóðarinnar.

Því þarf engan að undra að íslensku bankarnir gangi nú í gegnum endurskipulagningu, og raunar endurskilgreiningu, þótt á mismiklum hraða sé.

Á dögunum birtust fréttir um að Arion og Íslandsbanki séu farnir að nýta sér vaxtabreytingardaga gagnvart fyrirtækjum, sem hafi leitt til þess að vaxtaálag hafi hækkað um heilt prósentustig og jafnvel tvö prósentustig í einhverjum tilfellum. Reikna má með að Landsbanki sé í sama ferli.

Rökin fyrir þessu eru þau að undirliggjandi arðsemi starfsemi bankanna sé of lítil. Búið er að færa upp verðmæti eignasafnanna, sem runnu á um eða innan við hálfvirði inn í bankana frá gömlu bönkunum. Þá séu kröfur um eigið fé og bankaskattur íþyngjandi.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, kynnti skipulagsbreytingar á svipuðum tíma og fjöldauppsagnir fóru fram í bankanum fyrir tæpum tveimur mánuðum. Þá sagði hann nýtt skipulag bankans horfa til bandarískra banka. Í því fælist að bankinn myndi miða við að leiða saman fjárfesta og lántakendur fremur en að nýta eigin efnahagsreikning til beinna útlána á fyrirtækjamarkaði. Vísaði hann m.a. til nýlegs skuldabréfaútboðs Haga, þar sem lífeyrissjóðir komu sterkir inn.

Bankinn verður framvegis fremur milliliður, miðlari, en lánastofnun. Þá mun þjónusta við meðalstór fyrirtæki færast inn í viðskiptabankasvið, sem væntanlega mun áfram bjóða útlán af efnahagsreikningi sem í framhaldinu yrði líklega pakkað inn í eins konar vafninga og boðið til sölu á markaði. Auðvelt er að sjá fyrir sér sams konar útfærslu á húsnæðislánum. Sennilega verður þó bið á því þar sem húsnæðislán eru að færast að verulegu leyti til lífeyrissjóðanna, sem bjóða betri kjör en bankarnir, enda þurfa lífeyrissjóðirnir ekki að borga bankaskattinn.

Í stórum dráttum verður breytingin hjá Arion banka sú að útlán bankans verða seld út af efnahagsreikningi bankans annaðhvort í pökkum (vafningum) eða í sérstökum útboðum, þegar um stærri aðila er að ræða.

Af þessu leiðir að stærð efnahagsreiknings bankans dregst verulega saman og hægt verður að lækka eigið fé bankans. Þar með lækkar mjög bankaskatturinn, sem bankinn verður að greiða til ríkisins og arðsemi eigin fjár eykst.

Í stað þess að tekjur bankans byggist að verulegu leyti á innheimtu vaxta munu þær byggjast á þóknunum. Bankinn mun ekki eiga lánin sem hann veitir, heldur selja þau frá sér og taka þóknun fyrir.

Dregur úr áhættu banka en sveiflur aukast

Áhætta bankans vegna útlána dregst saman þar sem bankinn liggur ekki með útlánin á sínum efnahagsreikningi heldur selur þau áfram til fjárfesta. Á undanförnum misserum hefur Arion banki orðið fyrir nokkrum skakkaföllum vegna útlánatapa. Má þar nefna United Silicon, Primera og WOW. Eftir hinu nýja viðskiptalíkani bankans hefðu þessi áföll ekki dunið á bankanum þar sem bankinn hefði selt lánin áfram til fjárfesta.

En ameríska módelið hefur fleira í för með sér en að áhætta sé flutt frá bönkum til fjárfesta. Bandarískir bankar, og raunar líka evrópskir, hafa verið mun sneggri en íslenskir til að færa niður verðmæti eigna þegar markaðsaðstæður kalla á slíkt. Óhugsandi er að í Bandaríkjunum hefði komið upp sú staða sem kom upp hér eftir bankahrun, þegar bankar og aðrar fjármálastofnanir leystu til sín gríðarlegt magn eigna, þ.m.t. fyrirtæki og fasteignir, og héldu inni á efnahagsreikningi sínum misserum og jafnvel árum saman á allt of háu verðmati miðað við markaðsaðstæður.

Þessi stefnubreyting Arion mun því líkast til hafa mikil áhrif á íslenskan fjármálamarkað, þegar horft er til framtíðar. Líklegt er að verðsveiflur á markaði fyrir íslensk fyrirtæki og atvinnuhúsnæði muni framvegis líkjast því sem þekkist erlendis, þar sem framboð og eftirspurn ræður verði en bankar og fjármálafyrirtæki halda ekki uppi verði eigna til að verja efnahagsreikning sinn, eins og verið hefur á Íslandi.

Íslandsbanki og Landsbanki munu fylgja Arion og draga úr kostnaði og áhættu með því að minnka efnahagsreikninga sína og gerast miðlarar fremur en hefðbundnar lánastofnanir.

Dregur úr samkeppnishæfni minni fyrirtækja

Á því lokaða gjaldmiðilssvæði, sem við búum við hér á Íslandi, er nokkuð ljóst að brugðið getur til beggja vona fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki, sem eiga sína fjármögnun undir bönkunum en geta ekki ráðist í skuldabréfaútboð eins og Hagar og stærri fyrirtæki. Þeir sem taka lán í bönkum þurfa að borga kostnaðinn við bankaskattinn og háa eiginfjárkröfu bankanna. Því geta þessar breytingar dregið úr samkeppnishæfni minni og meðalstórra fyrirtækja gagnvart stærri fyrirtækjum hér á landi og gagnvart erlendri samkeppni. Vert er að minna á að flest ferðaþjónustufyrirtæki landsins teljast lítil eða meðalstór. Sama á við um iðn- og verslunarfyrirtæki.

Þá eru ótalin áhrifin á ríkiskassann. Stjórnvöld hafa, þrátt fyrir loforð um annað, þráast við að lækka eða afnema bankaskattinn, enda skilar hann hátt í tíu milljörðum í ríkiskassann á ári hverju. Minni efnahagsreikningur banka þýðir hins vegar að skattstofninn minnkar. Ekki er óvarlegt að áætla að tekjur ríkisins af bankaskatti helmingist á næstu örfáum árum vegna þessarar stefnubreytingar íslensku bankanna.

Þá er ósvarað þeirri spurningu hvort þessar aðgerðir bankanna muni duga til að bjarga þeim og snúa við ósjálfbærum undirliggjandi rekstri þeirra. Algerlega er óvíst að hagkerfi og atvinnulíf framtíðarinnar hafi not fyrir banka til að geyma peninga og færa þá á milli aðila. Mögulega geta netið og snjalltæki komið í stað marmarahallanna. Greiðslumiðlunin er í öllu falli ekki lengur háð bönkum og hefðbundnum greiðsluleiðum.

Skógrækt – hvert stefnir?



Úrsúla Jünemann
kennari á eftirlaunum og náttúruvinur

Ég heiti Úrsúla og nafnið þýðir „litla birna“. Og ég hef svo sannarlega verið skógarbirna allt mitt líf. Á bernskuárunum mínum í Þýskalandi dvaldi ég í mörg ár í sumarfríinu hjá afa mínum. Hann var skógarvörður og bjó í húsi úti í skógi. Þar lærði ég margt um lífríkið í kringum mig sem ég hef seinna meir kunnað að meta. Í Þýskalandi eru stór og falleg skóglendi sem ég naut í frítímanum því ég elska að stunda útivist.

Svo heillaðist ég af þessari eyju sem ég hef búið á í bráðum 40 ár. Ósnortin víðerni, fossar, óbeislaðar ár, auðnir og algjör þögn. Andstæða við það sem ég ólst upp við. En á mínum hálendisferðum sem ég fór oft gangandi og stundum ein með sjálfri mér opnuðust smám saman augu mín fyrir þessum gríðarstóra vanda sem Íslendingar þurfa að glíma við.

Gróðureyðingin er skelfileg, jarðvegurinn fýkur á haf út í miklu magni. Það er næstum enginn gróður til að hefta þessa þróun. Hefðbundin sauðfjárrækt þar sem skepnurnar eru reknar upp á fjall og oft á viðkvæm svæði bætir ekki úr og fáránlegt er að það er offramleiðsla á kindakjöti. Sem betur fer hefur verið unnið á móti þessu upp á síðkastið.

Við vitum miklu meira nú en fyrir hálfri öld. Tegundir eins og alaskalúpínan hafa gert mikið gagn þegar leitað var að plöntum sem munu vaxa á flestöllum stöðum, dreifa sér hratt og bæta jarðveginn. Lúpínan stóð sína plikt sem landgræðslujurt á örfoka svæðum. Ekkert er þó gott með öllu. Þessi duglega planta óð yfir landsvæði þar sem við viljum ekki hafa hana, hún er ágeng tegund. Þannig að Landgræðslan hefur ákveðið nýlega að hún skuli einungis nota innlendar plöntur í sínu starfi.

Það þarf líka að gera greinarmun á skógrækt til timburframleiðslu og skógrækt til að búa til aðlaðandi útivistarsvæði.

Menn verða að skilja mun á markmiðum skógræktar og landgræðslu. Í báðum tilfellum er verið að leitast við að bæta gróðurfarið og festa jarðveginn á gróðursnauða landinu okkar. Og ekki síst að binda kolefnið. Áhugamenn hafa kannski farið offari í að dreifa fræjum af ágengum tegundum hér og þar í þeirri góðu trú að þeir séu að bæta landið. Það þarf að huga betur að útbreiðslu birkiskóga sem hafa þakið hér þriðjung af landinu við landnám. Birkið er duglegt að dreifa sér við erfiðar aðstæður eins og dæmi á Skeiðarársandi sýnir. Þar er að vaxa upp af sjálfsdáðum stærsti birkiskógur á landinu.

Það þarf líka að gera greinarmun á skógrækt til timburframleiðslu og skógrækt til að búa til aðlaðandi útivistarsvæði. Það síðarnefnda er yfirleitt það sem skógræktarfélögin eru búin að gera og oft nálægt byggð, íbúum til yndis og heilsubótar. Þar vaxa mismunandi tegundir, einnig „útlendingar“ sem auka fjölbreytileikann. Fólk sem á garð eða sumarbústaðaland vill líka oft rækta fjölbreyttan trjá- og runnagróður.

En ræktun á skógum til timburframleiðslu er tengd landbúnaði og akuryrkju. Við vitum nú að hér geta vaxið trjátegundir sem munu skila af sér afurðum eftir nokkra áratugi. Þessar tegundir eru innfluttar, ösp, greni, lerki og fura, en með ræktun þeirra gætum við skapað mikil verðmæti á vel völdum stöðum. Alaskaösp og sitkagreni vaxa hraðast og binda mest af kolefni.

Ef við skoðum timburskógrækt hér á landi þá er hún greinilega þáttur í því að stuðla að sjálfbærni. Þetta mun skapa atvinnu á landsbyggðinni (félagslegi þátturinn). Hægt er að búa til verðmæti langt fram í tímann. Við gætum margfaldað timburframleiðslu, eftirspurn er mikil (efnahagslegi þátturinn). Og það mun binda mikið af kolefni fyrir utan það að flutningur af timbri hingað utan frá með tilheyrandi mengun mun minnka (umhverfislegi þátturinn).

Skógrækt og landgræðsla eiga að vinna saman að því markmiði að bæta landið, vinna á móti gróðureyðingu, skapa skjól, binda kolefni og byggja upp fagurt land sem getur varðveitt sín fjölbreytilegu vistkerfi. Það á alveg að vera hægt með góðu og faglegu skipulagi.

BLACK FRIDAY

ALVÖRU VERKFÆRI

OPIÐ FRÁ 07:00 TIL 20:00

*ALLAR VÖRUR 20% afsláttur

FJÖLDI BLACK FRIDAY TILBOÐA ÁSAMT ÖÐRUM VÖRUM Á 20% AFSLÆTTI.

TOPPLYKLASETT 200 HLUTA

KRAFTWERK
FAVORITE TOOLS SINCE 1979



BLACK FRIDAY 12.900
Fullt verð 19.250 kr.

AÐEINS 92 STK.

KW1037

HLEÐSLUSETT TVÆR VÉLAR 10,8V



BLACK FRIDAY 29.900
Fullt verð 46.056 kr.

AÐEINS 27 STK.

94DCK211D2T

SEX VÉLA SETT

Ný gerð af vinsæla 6 hluta settinu.
Öll verkfæri kolalaus.
Fjölnota sög
Hjólsög
Slípirokkur
Borvél
SDS+ Borvél
Skrúfvél

BLACK FRIDAY 165.900



DEWALT

AÐEINS 110 STK.

94DCK685P3T

*20% afsláttur gildir ekki á black friday vörum né öðrum tilboðsvörum.
Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

Jólafasta – græn jól?



Halldór Reynisson
prestur og verkefnisstjóri umhverfismála kirkjunnar

Hver hefur ekki lent í því að fara á hlaðborð rétt fyrir jól og éta á sig gat, jafnvel drekka úr hófi, velta svo út um dyrnar hugsandi: „Þetta geri ég aldrei aftur.“ Hugsa svo með hryllingi til stórsteikur sem býður innan seilingar á aðfangadagskvöld …

… eða að vera fastur í umferðinni á Þorláksmessu, bölvandi aulanum í bílnum á undan sem getur ekki drattast yfir götuljósin þótt komið sé gult, - svo maður geti smeygt sér á eftir …

… nú, eða vera í vandræðum rétt fyrir jól og tíu gjafir ókeyptar. Spreða svo peningum á aðfangadagsmorgun í allar áttir í taugaveiklun að klára jólagjafainnkaupin.

Ég kannast a.m.k. við einn. Aðventan og jólin virðast hafa tekið á sig ásýnd fjöldageðveiki sem dregur mann í sig eins og svarthol, þrátt fyrir góðan ásetning um að halda sér utan við eitthvað sem maður upplifir sem idíótahátt. Maður getur ekki einu sinni flúið á gömlu Gufuna fyrir vopnaglamrinu. Þú! Komdu! Ódýrt!

Sú var tíðin að menn kölluðu aðventuna „jóla-föstu“ en það er langt síðan. Þá var til siðs að borða og drekka lítið, enda oft lítið til skiptanna, til að gera jólahátíðina meira sérstaka þegar hún rann loks upp. Samfara föstum átti fólk að hugleiða söguna um barnið sem fæddist í Palestínu.

Það má vera að færri hugsi um sögu en áður, hvað þá að neita sér um nautnir til að ígrunda eitthvað barnslegt, jafnvel barnalegt.

Þó vill svo til að nú er komin upp alveg ný staða, ný lífsskilyrði fyrir tegundina sem við tilheyrum. Við erum búin að eyða, eta og drekka um efni fram. Við erum að taka út á krít, en framtíðin á að borga, börnin okkar og barnabörn. Dálítið svipað og henti okkur 2007 nema að nú stefnir hrunið í að verða margfalt stærra.

Við drekkum, étum, ferðumst og kaupum of mikið. Ef allir jarðarbúar væru eins neyslufrekir og við Íslendingar þyrfti a.m.k. 5-6 jarðir til að standa undir ballinu. Mesta neyslusukkið virðist vera á þeim tíma sem öldum saman var þó kallaður jólafasta.

Jólafasta?

Kannski ættum við að blása rykinu af þessu gamla orði, ef ekki sjálfra okkar vegna eða barnsins þarna forðum, þá vegna barnanna okkar – og barnabarnanna.


Getum við byrjað að breyta um lífsstíl fyrir þessi jól? Verða „mínímalísk“? Halda „græn jól“?

Borða minna kjöt. Drekka minna. Aka minna. Ferðast minna. Þurfum við endilega að fljúga utan til að kaupa jólagjafir? Endurnýta – gefa eitthvað af öllu dótinu sem við eigum? Láta börnin, barnabörnin skiptast á gömlu dóti (sem oft er eins og nýtt).

Ég á gamla jólaseríu sem er jafngömul sjálfum mér og þó er ég bráðum löggilt gamalmenni. Hún er enn í lagi. Ég ætla að láta hana lýsa mér meðan við bæði endumst. Talandi um ljós – eitt lítið jólaljóð eftir Einar Braga:

Árdagsljós
um lágan kofa
leiftri slær.
Blika augu
blá og skær.
Vekja fögnuð
veikra handa
fálm:
Lífsins rós
og lögð að vanda
í hálm.

Hlutfall landsmanna sem búa við skólphreinsun



Fráveitan er málið



Páll Erland
framkvæmdastjóri Samorku

Fráveitumál eru eitt mikilvægasta umhverfismálið og snúa bæði að lýðheilsu og góðri umgengni um náttúruna. Á undanförnum áratugum hafa sveitarfélög og veitufyrirtæki í þeirra eigu lyft grettistaki í að bæta fráveitukerfi og fjölga skólphreinsistöðvum víða um land. Á árunum 1992-2005 fór hlutfall landsmanna sem búa við skólphreinsun úr 6% í 68%. Árið 2018 var hlutfallið komið í 79%, þegar uppbyggingu skólphreinsunar lauk á Akranesi og í Borgarnesi og hefur hlutfallið haldist nær óbreytt síðan.

Þrátt fyrir úrbætur síðustu ára þarf enn að gera betur í fráveitumálum víða. Í skýrslu Samtaka iðnaðarins um stöðu innviða í landinu, sem kom út í október 2017, kom fram að fjárfestinga væri hvað sárast þörf í fráveitu- og vegakerfi. Bæta þurfi ástand fráveitulagna, koma upp skólphreinsun og styrkja kerfin til að draga úr flóðahættu. Þetta kosti á bilinu 50-80 milljarða. Þar af kostar aukin skólphreinsun til samræmis við núgildandi reglur um 20 milljarða.

Stórar framkvæmdir í fráveitum eru þung fjárhagsleg byrði fyrir sveitarfélög og er það steinn í götu þess að allir landsmenn búi við góða fráveitu. Samorka hefur bent á að skoða þurfi aðkomu ríkisins að kostnaði við fráveituframkvæmdir, til dæmis með því að taka upp að nýju endurgreiðslu virðisaukaskatts við slíkar framkvæmdir. Mikið hefur áunnist á síðustu áratugum í uppbyggingu fráveitna og urðu framfarir mestar á þeim tíma sem slíkt endurgreiðslukerfi var í gildi, frá árinu 1995 til 2008.

Á Alþingi hefur nú verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt til þess að styðja við úrbætur í þessum mikilvæga málaflokki. Einnig er starfshópur ráðuneyta umhverfis-, fjármála-, og sveitarstjórnarmála að skoða mögulegar leiðir til frekari stuðnings við fráveituframkvæmdir. Samorka hvetur alþingismenn til að styðja við hið nýja frumvarp og aðrar aðgerðir sem stuðla að uppbyggingu hreinsimannvirkja og úrbótum í fráveitumálum um allt land. Verkefnið er brýnt og snýst um að koma hlutfallinu úr 79% í 100% – í þágu umhverfisins og allra landsmanna.

Vinnuumhverfi án áreitni og ofbeldis



Katrín Björg Ríkarðsdóttir
framkvæmdastjóri jafnréttisstofu



Kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum komst heldur betur í kastljósið fyrir tveimur árum þegar #metoo byltingin skall á okkur eins og flóðbylgja. Þessi óásættanlega hegðun var loksins dregin fram úr skúmaskotunum. Þúsundir kvenna stigu fram og kröfðust breytinga enda með öllu óheimilt að leggja samstarfsfólk sitt í einelti, áreita það kynferðislega, áreita það á grundvelli kyns eða beita ofbeldi á vinnustað.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 leggja þá skyldu á atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. Þau fyrirtæki eða stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn skulu í lögbundnum jafnréttisáætlunum sínum m.a. kveða á um hvernig þau tryggja starfsfólki sínu vinnuumhverfi af þessu tagi.

Auk þess er í gildi reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015 sem hefur það að markmiði að tryggja starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt henni skulu vinnustaðir hafa skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem kveður á um aðgerðir sem grípa skal til komi upp mál er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi. Atvinnurekandi á að bregðast við eins fljótt og kostur er þegar honum berst kvörtun eða ábending um slíka hegðun eða ef hann verður var við hana. Skyldur atvinnurekenda eru því gríðarlega miklar og þær skyldur verður að taka alvarlega.

Vinnuveitendur og starfsfólk þarf því að axla saman ábyrgð á heilbrigðu starfsumhverfi sem laust er við einelti, áreitni og ofbeldi af öllu tagi.

Félagsmálaráðuneytið kynnti á haustdögum nýja rannsókn sem kallast Valdbeiting á vinnustað – Rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði. Samkvæmt rannsókninni er töluvert verk að vinna hjá íslenskum fyrirtækjum hvað varðar framfylgd jafnréttisáætlana, gerð áhættumats, fræðslu um félagslega þætti á vinnustað, forvarnir varðandi einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi. Stór hluti stjórnenda sem rannsóknin náði til taldi hins vegar starfsfólk sitt vera vel upplýst um hvernig stuðla ætti að góðum samskiptum og hverjir væru helstu áhættuþættir.

Áreitni og einelti eru vandamál á íslenskum vinnumarkaði skv. niðurstöðum rannsóknarinnar. Viðbrögðum er oft ábótavant og þolendur fá ekki nauðsynlegan stuðning. Þá er bent á að skýrara verklag þurfi sem og fleiri úrræði. Þá sýnir rannsóknin að fólk af erlendum uppruna, fatlað fólk og fólk með skerðingar er í sérstakri áhættu.

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla „….er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.“ Á Íslandi er atvinnuþátttaka kvenna og karla mjög mikil og við verjum stórum hluta vökutímans í vinnunni. Vinnuveitendur og starfsfólk þarf því að axla saman ábyrgð á heilbrigðu starfsumhverfi sem laust er við einelti, áreitni og ofbeldi af öllu tagi.

Má ekkert vera í friði, kæri heilbrigðisráðherra?



Karen Elísabet Halldórsdóttir
varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi og bæjarfulltrúi í Kópavogi

Undanfarin ár hefur Krabbameinsfélagið séð um fyrstu skimanir fyrir brjósta- og leghálskrabbameini kvenna. Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að því er virðist einhliða að endurnýja ekki samning ráðuneytisins við Krabbameinsfélagið um þessa þjónustu og það þvert á ráðleggingar skimunarráðs. Stefnubreytingin er sú að þessar skimanir færist á tvo aðra staði. Brjóstaskimun skal færast á Landspítalann og Sjúkrahúsið á Akureyri og leghálsskimunin á heilsugæslustöðvar eða að konur framkvæmi þetta sjálfar heima. Það líður ekki langt á milli frétta af of miklu álagi á Landspítalann og nú þegar er biðtími eftir framhaldsbrjóstamyndatöku á Landspítalanum sjö sinnum lengri heldur en alþjóðleg viðmið segja til um. Hvernig getum við réttlætt 35 daga biðtíma eftir myndatöku ef fyrsta skimunarmyndataka bendir til meinvarps?

Það er búið að vera með ólíkindum að fylgjast með stefnu heilbrigðisráðherra er varðar t.d. liðskiptaaðgerðir. Þar sem það sé talið skynsamlegra að senda sjúklinga til Svíþjóðar frekar en að heimila aðgerðir hér á landi á einkastofum. Þess í stað eru sjúklingar sendir utan, með ferðafélaga að eigin vali, og settir undir hnífinn jafnvel hjá íslenskum læknum á einkastofum sem taka á móti þeim þar. Það er auðvitað ekki heil brú í svona ákvörðunum sem kosta skattgreiðendur mun hærri fjárhæðir heldur en nauðsynlegar eru.


Nú fáum við konur að kenna á undarlegri heilbrigðisstefnu, þar sem leggja á niður þjónustu sem við langflestar erum þakklátar fyrir. Að koma á leitarstöðina í þessum erindagjörðum er ekki tilhlökkunarefni en móttökurnar og umhverfið bæta þessar heimsóknir töluvert. Þarna taka konur á móti konum í þægilegu og skilningsríku umhverfi. Rökin, sem notuð eru, eru þau að þátttaka í skimunum sé ekki nægileg í ákveðnum aldursflokkum og ekkert hefur verið ákveðið með gjaldtöku.

Á að telja okkur trú um að það að mæta á heilsugæslustöðvar eða sjúkrahús muni auka líkurnar á því að konur fari í þessar skimanir? Má ekkert vera í friði í heilbrigðiskerfinu sem minnir á einkarekstur og ætlum við að sitja þegjandi undir því? Krabbameinsfélagið hefur einnig greitt með þessari vanfjármögnuðu þjónustu tugi milljóna undanfarin ár ásamt gjafafé frá Bleiku slaufunni og fjölmörgum öðrum styrktaraðilum. Gjaldið fyrir hverja heimsókn er því niðurgreitt af gjafafé þeirra sem telja þessa þjónustu mikilvæga í baráttunni við krabbamein kvenna.

Það er talið skipta höfuðmáli að þessi þjónusta sé gjaldfrjáls til þess að fjölga heimsóknum. Ef svo er, ætti ekki heilbrigðisráðherra að bregðast við því í samstarfi við Leitarstöðina áður en þessi þjónusta er lögð niður í þeirri mynd sem hún hefur fengið að vera í undanfarin ár? Væri það ekki skynsamlegra áður en farið er í fjöldauppsagnir innan Leitarstöðvarinnar, starfsemin brotin upp og áður en skimunarkerfið er stokkað tilviljanakennt upp milli stofnana sem þegar hafa nóg á sinni könnu?

netto

BÓKAJÓLIN BYRJA Í NETTÓ!




Aðferðir til að lifa af
4.549 kr.



Friðbergur forseti
3.249 kr.



Halaveðrið mikla
4.549 kr.




Innflytjandinn
4.549 kr.



Tími til að tengja
4.549 kr.




Vængjaþytur vonarinnar
4.874 kr.



Kokkáll
4.549 kr.



Þögn
4.549 kr.



Stöngin út
4.874 kr.



Hvítidauði
4.549 kr.

Tilboðsverð gilda 29. nóvember - 1. desember

Fæddist Jesús árið 6 fyrir Krist?



Þórhallur Heimisson
prestur og fararstjóri

Þá styttist í jólin og því ekki úr vegi að rifja upp heimildirnar um fæðingu Jesú, en jólin, eða Kristsmessa eins og hátíðin heitir upp á ensku, er fæðingarhátíð hans. Það eru tveir guðspjallamenn sem geyma heimildirnar um fæðingu hans í Betlehem, þeir Matteus og Lúkas. Samkvæmt Biblíunni fæddist Jesús á meðan Heródes mikli var leppkonungur Rómverja í Ísrael. Nú er það svo að Heródes dó árið fjögur fyrir Krist. Matteus segir svo frá að Heródes hafi sent hermenn til Betlehem til að myrða öll sveinbörn tveggja ára og yngri, eftir að hann hafði fengið fréttina af fæðingu meistarans. Þess vegna hlýtur Jesús að hafa fæðst að minnsta kosti 5-6 árum fyrir tímatal okkar, 5-6 árum fyrir fæðingu sína. „Fæðing Jesú“ er hugtak sem er notað í sambandi við tímatal. Við teljum frá fæðingu Jesú, „á því Herrans ári“ eins og sagt er. Þetta hugtak er ekki sagnfræðilegt heldur tilbúið, tímapunktur sem menn ákváðu í byrjun 6. aldar. Þá misreiknuðu menn fæðingu Jesú um 5- 6 ár. Dionysius Exiguus hét sá er var falið þetta reiknihlutverk. Hann bjó í Róm. Áður höfðu Rómverjar gefið árunum tölu og heiti miðað við upphaf Rómaborgar eða heiti rómversku keisaranna. Eftir árið 500 var miðað við fæðingu Jesú. En fæðingarár hans var fest við árið 754 frá upphafi Rómaborgar – sem er sem sagt nokkrum árum of seint.

Guðspjallamaðurinn Lúkas segir að Jesús hafi fæðst árið sem Kýreníus var landstjóri í Sýrlandi og kallaði alla til skráningar fyrir hönd Ágústusar keisara. Eitthvað ruglar Lúkas þar saman árum, því Kýreníus varð fyrst landstjóri í Sýrlandi árið 6 eftir Krist. Líklegast hefur

Rök kirkjunnar fyrir að helga þann dag fæðingunni voru þau, að Jesús hafi verið fullkominn maður og því hlyti hann að hafa verið getinn á fullkomnum degi. 25. mars var talinn fullkomnasti dagur ársins í Rómaveldi, því þá var álitið að heimurinn hefði verið skapaður. Jesús hlaut því að hafa verið getinn þann dag. Sögðu kirkjubændur.

Jesús þá verið orðinn 12 ára gamall.


Svo aftur sé nú vikið að guðspjöllunum tveimur eftir þá Matteus og Lúkas, þá ber frásögnum þeirra af fæðingu Jesú og uppruna hans á engan hátt saman. Það eina sem þeir virðast vera sammála um er að María hafi verið meyja, trúlofuð Jósef, sem var ekki líffræðilegur faðir barnsins – og að Jesús hafi fæðst í Betlehem. Matteus lætur til dæmis fjölskyldu Jesú koma frá Betlehem. Hvergi minnist Matteus á fjárhús eða skráningu skattayfirvalda. Þegar stjörnuspekingarnir hans koma til Betlehem til að heiðra barnið, ganga þeir beint „inn í húsið“ (Matt. 2:11). Stjörnuspekingarnir (vitringarnir) og sér í lagi stjarnan sem þeir fylgdu, hafa reyndar verið tilefni mikilla vangaveltna í gegnum aldirnar. Hvað var eiginlega þessi stjarna, jólastjarnan sem blikar yfir Betlehem? Það er ekki gott að segja, en hitt er staðreynd að halastjarna sást á himninum um tveggja mánaða skeið árið 5 fyrir Krist – eða með öðrum orðum um það leyti sem Matteus segir frá að Jesús hafi fæðst. Samkvæmt kínverskum stjörnuspekingum var ferill hennar skráður að vori, í mars til apríl – en á þeim tíma hefur Jesús þá líklegast fæðst.

Sögunum um fæðingu Jesú í guðspjöllunum er þannig ekki ætlað að flytja sagnfræðilega annála, heldur leiða okkur í sannleikann um að Jesús sé Frelsarinn, Kristur og Drottinn. Líklegast fæddist Jesús í Nasaret. Pabbi hans hét ef til vill Jósef. Móðir Jesú hét María – eða Mirjam – líklega fæddist Jesús árið 6-4 fyrir Krist. Að vori. Alla vega örugglega ekki 25. desember. Annað vitum við ekki um fyrstu æviár Jesú, bernsku og æsku – í raun og veru – ekki fyrr en hann kemur til Jóhannesar skírara fullorðinn maður og lætur skírast í ánni Jórdan. En þar hefst einmitt Jóhannesarguðspjall.

En 25. desember var ákveðinn fæðingarhátíð Krists samkvæmt kirkjunni í hinu gamla rómverska ríki. Sú kirkja varð seinna rómversk-kaþólska kirkjan og lútersku kirkjurnar, þar með íslenska þjóðkirkjan, eru sprottnar frá henni. 25. desember hafði verið hátíð hinnar miklu sólar í hinni fornu Róm fyrir daga Jesú. Rök kirkjunnar fyrir að helga þann dag fæðingunni voru þau, að Jesús hafi verið fullkominn maður og því hlyti hann að hafa verið getinn á fullkomnum degi. 25. mars var talinn fullkomnasti dagur ársins í Rómaveldi, því þá var álitið að heimurinn hefði verið skapaður. Jesús hlaut því að hafa verið getinn þann dag. Sögðu kirkjubændur. Sem þýddi að hann hlaut að hafa fæðst 9 mánuðum síðar, 25. desember. Auk þess er Jesús hin nýja sól heimsins og því vel við hæfi að fagna honum á hinum forna hátíðisdegi sólarinnar.

Aðfangadagur, 24. desember, verður dagur fæðingarhátíðarinnar hjá okkur því það er eini dagur ársins þar sem miðað er við hið forna dagatal Gyðinga. Samkvæmt Gyðingum byrjar nýr dagur kl. 18.00 að kveldi. Þannig hefst 25. desember kl. 18.00 þann 24. desember – en einmitt þá hringjum við jólin inn á Íslandi! Gleðileg jól!

„LESTRARNAUTN.“
EGILL HELGASON / KILJAN



Leiftrandi skemmtileg og listavel skrifuð örlagasaga eftir Sigrúnu Pálsdóttur.

„Þrælspennandi og tilvalin jólanæturbók.“
ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Þessi saga hittir okkur beint í hjartastað.“
STEFÁN PÁLSSON

„Stóð mig að því að vilja spara mér lesturinn.“
VERA KNÚTSDÓTTIR / BÓKMENNTABORGIN.IS

„Afbragsgóð og afar forvitnileg skáldsaga.“
BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSSON / VÍÐSJÁ

„Skrifuð af sjaldséðu listfengi.“
GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–16

Borgarafundur og hvað svo?



Þorgerður M. Þorbjarnardóttir
gjaldkeri Ungra umhverfissinna og einn af skipuleggjendum loftslagsverkfallsins alla föstudaga

Þegar haldinn er borgarafundur þá hlýtur markmiðið að hafa einhvern ávinning í för með sér. Umræðan er enn á þeim stað að við þurfum að vekja athygli á málaflokknum. Ýmsar raddir koma fram og þar sem við búum í lýðræðislegu samfélagi er eðlilegt að alls kyns spurningar vakni í kjölfar upplýsinga og það er í okkar verkahring að svara þeim mótrökum sem við höfum mætt.

Kynslóðin sem lætur skutla sér

Þetta er ekki í fyrsta og ekki í síðasta sinn sem reynt er að grafa undan gagnrýni einstaklinga á samfélagið með þeim rökum að þeir séu partur af samfélaginu. Hver er ábyrgur fyrir skutlinu? Eru það börnin? Hver er ábyrgur fyrir því að eðlilegt þyki að fara til útlanda oft á ári? Samfélagið nokkuð sem við gerum komi nokkurn tímann til að hafa einhver áhrif þar sem orsakasamhengið er ekki beint sýnilegt.

Það er sama hvora leiðina við förum, það breytir engu um útkomuna. Ekkert breytist nema að okkur líður illa. Lausnin á þessu er sú að við hættum að vorkenna okkur sjálfum á þennan hátt og lítum á okkar daglegu athafnir og hvers við erum megnug að breyta til hins betra. Það er ekki hægt að setja sömu pressu á alla. Aðgerð sem er einum auðveld getur verið öðrum nánast óhugsandi.



Við þurfum að hugsa í lausnum á þeim þremur vettvöngum þar sem við getum beitt okkur: Í neyslu, samgöngum og umræðu. Það skiptir líka máli hvaða kröfur við sem einstaklingar setjum á fyrirtækin sem við erum í viðskiptum við. Þetta snýst nefnilega ekki um að örfáir einstaklingar taki til í lífsstíl sínum og geri allt fullkomlega. Við þurfum öll að taka okkur á smátt og smátt. Þannig komumst við svo langt.

Samfélagið breytist ekki með því að einblína á einstaklinga sem gagnrýna kerfið og ætlast til þess að þeir séu fullkomnir. Það er enginn fullkominn. Samfélagið breytist með hugarfarsbreytingu styrktri af regluverki stjórnvalda. Eða öfugt. Regluverk stjórnvalda breytist með hugarfarsbreytingu í samfélaginu.

breytist ekki með því að einblína á einstaklinga sem gagnrýna kerfið og ætlast til þess að þeir séu fullkomnir. Það er enginn fullkominn. Samfélagið breytist með hugarfarsbreytingu styrktri af regluverki stjórnvalda. Eða öfugt. Regluverk stjórnvalda breytist með hugarfarsbreytingu í samfélaginu.

Þess vegna er ekki nóg að benda bara á stóru fyrirtækin og hvað þau menga mikið. Þau munu ekki draga úr losun sinni fyrr en fólkið sem vinnur hjá fyrirtækjunum setur minnkun losunar í forgang. Það fólk gerir það ekki í vinnunni fyrr en það er farið að gera það í sínu einkalífi. Alþingismenn setja ekki afgerandi lög sem stuðla að minnkun losunar fyrr en allir í samfélaginu eru að gera það sama heima hjá sér.

Það er einn galli á núverandi fyrirkomulagi. Við erum öll farin að skammast okkar svo mikið fyrir lifnaðarhætti okkar að annaðhvort þjáumst við af brennandi samviskubiti yfir öllu sem við gerum og börnin okkar öskra á okkur að þau muni deyja eftir 15 ár í aftursætinu á dísildrifna fjölskyldubílnum. Eða við afneitum þeirri hugmynd að

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



RÝMINGARSALA

YFIR 300 FARTÖLVUR • MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



13" FHD IPS
Nær rammalaus skjár
Intel i5-8250U
3.4GHz Turbo Quad Core
8GB minni
DDR4 2133MHz
512GB SSD
NVMe diskur

30.000 Afsláttur
Aðeins 20 stk
1 stk á mann

Lenovo

40.000 Afsláttur
Aðeins 50 stk
1 stk á mann

13" FHD IPS
1920x1080 snertiskjár
Intel i5-8265U
3.9GHz Turbo Quad Core
16GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
NVMe diskur



Lenovo

50.000 Afsláttur
Aðeins 50 stk
1 stk á mann

13" FHD IPS
1920x1080 snertiskjár
Intel i7-8565U
4.6GHz Turbo Quad Core
16GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
NVMe diskur

Ideapad S530
Lúxus fartölva með nær rammalausum IPS skjá, Harman Dolby hljóðkerfi, örþunn og aðeins 1,25kg.
99.990
VERÐ ÁÐUR 129.990

YOGA 730
Lúxus Yoga fartölva með 360° Dolby Atmos hljóm fingrafaraskanna, fislétt og nett aðeins 1,12kg.
129.990
VERÐ ÁÐUR 169.990

YOGA 730
Lúxus Yoga fartölva með 360° Dolby Atmos hljóm fingrafaraskanna, fislétt og nett aðeins 1,12kg.
149.990
VERÐ ÁÐUR 199.990



10.000 Afsláttur
Aðeins 30 stk
1 stk á mann!

15" HD LED
1366x768 Antiglare
Intel 3867U
1.8GHz Turbo Dual Core
4GB minni
DDR4 2400MHz
128GB SSD
M.2 diskur

RÝMINGARSALA
Meðan birgðir endast



30.000 Afsláttur
Aðeins 15 stk
1 stk á mann!

GTX 1650
4GB leikjaskjákort
Intel i5 9300H
4 kjarna 4.1GHz Turbo
8GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
NVMe diskur

RÝMINGARSALA
Meðan birgðir endast



30.000 Afsláttur
Aðeins 30 stk
1 stk á mann!

GTX 1060
6GB VR Ready leikjaskjákort
Intel i5 8400
6 kjarna 4.0GHz Turbo
8GB minni
DDR4 2666MHz
256GB SSD
og 1TB harðdiskur

RÝMINGARSALA
Meðan birgðir endast

LENOVO V130
Áreiðanleg og traust fartölva frá Lenovo á frábæru verði!
39.990
VERÐ ÁÐUR 49.990

ACER NITRO 5
144Hz IPS leikjaskjár og vandað baklýst lyklaborð
149.990
VERÐ ÁÐUR 179.990

LEGION C530
Fullkominn leikjaturn með LED lýsingu og handfangi
119.990
VERÐ ÁÐUR 149.990



Allt að **50.000 Afsláttur**
Af yfir 300 fartölvum



Allt að **30.000 Afsláttur**
Af yfir 100 All in One tölvum



Allt að **50.000 Afsláttur**
Af yfir 100 leikjaturnum



Allt að **40% Afsláttur**
Af af tölvuskjám



Allt að **90% Afsláttur**
Af töskum og bakpokum

TÖLVUTEK FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ • FJÖLDI TILBOÐA

20.000 Afsláttur
Aðeins 50 stk
1 stk á mann

PS4 SLIM 500GB
Á BLACK FRIDAY TILBOÐI
29.990
VERÐ ÁÐUR 49.990

20.000 Afsláttur
Aðeins 50 stk
1 stk á mann

PS4 PRO 1TB
Á BLACK FRIDAY TILBOÐI
43.990
VERÐ ÁÐUR 63.990

20.000 Afsláttur
Aðeins 50 stk
1 stk á mann

PS4 1TB+3 LEIKIR
Á BLACK FRIDAY TILBOÐI
39.990
VERÐ ÁÐUR 59.990

GJAFA POKI
Fyrstu 100 viðskiptvinir dagsins fá óvæntan glaðning;)

Black FRIDAY
ÚTSÖLUVIKA
25.-30. nóvember

Allt að 90% Afsláttur
Af yfir 1000 vörum

LOKADAGAR ÚTSÖLU
OPIÐ 10-18 Í DAG OG Á MORGUN

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró
4,98% lántökugjald og 995 kr. jólareikningsgjald

TÖLVUTEK

BLACK FRIDAY!
Mánudag til Laugardags
Opnunartímar
10:00 - 18:00

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

29. nóvember 2019 • Black Friday tilboð gilda 25-30. nóvember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

Ísland – Namibía



Arnar Atlason
formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda

Leiddar hafa verið líkur að stórkostlegum skattaundanskotum Samherja í Namibíu í þeirri umræðu sem farið hefur fram undanfarna daga.

Er hugsanlegt að eitthvað svipað sé í gangi hér heima?

Í áraraðir hafa fyrirtæki innan raða SFÚ, sem eru fiskvinnslufyrirtæki sem sérhæfa sig í vinnslu fisks en eru ekki í útgerð, bent á að hætta geti verið á slíku.

Á hverju byggist þessi skoðun? Jú, á Íslandi ríkir tvöföld verðmyndun á hráefninu fiski. Þessi tvöfalda verðmyndun leiðir af sér þá áhættu að nákvæmlega það sama eigi sér stað á Íslandi og í Namibíu. Þ.e. að undirverðlagning eigi sér stað í viðskiptum fyrirtækja og íslenskir sjómenn, íslenskar hafnir og íslenska ríkið í heild séu snuðuð um milljarða.

Virðiskeðjan, sem svo fjálglega hefur verið rætt um í hinum lóðrétt samþættu sjávarútvegsfyrirtækjum, sé þannig fullkomið verkfæri til undirverðlagningar, þar sem sömu aðilar haldi á öllum liðum keðjunnar, frá veiðum að sölu. Hagnaðurinn komi svo mögulega fram hjá tengdu fyrirtæki í einu af skattaskjólum heimsins. Hér skal ekki fullyrt að svo sé, en kerfið í núverandi mynd býður upp á freistingar.

Það hefur margítrekað komið fram að þessi fyrirtæki í skattaskjólum, ýmist dótturfyrirtæki, tengd fyrirtæki eða sölufyrirtæki í eigu sömu aðila, eru til. Það væri að æra óstöðugan að telja þau dæmi upp.

Tökum nokkur dæmi um þessa tvöföldu verðlagningu. Sumir kjósa að kalla þetta félagsleg undirboð, aðrir kalla þetta skattaflótta en á erlendu fagmáli er þetta oftast nefnt „transfer pricing“.

Dæmin hér til hliðar byggjast á meðalverði októbermánuðar á öllum fiskmörkuðum landsins annars vegar og hins vegar á viðmiðunarverði Verðlagsstofu fyrir sama tímabil.

Til útskýringar er verð á fiskmörkuðum það verð sem myndast á frjálsum markaði. Hins vegar er viðmiðunarverð Verðlagsstofu það verð sem oftast er notað hjá útgerðum sem ekki landa á fiskmörkuðum landsins heldur ýmist hjá sjálfum sér eða öðrum fiskkaupendum.

Til útskýringar á orsakasamhenginu, þá reiknast laun sjómanna og afleiddir skattar út frá þessu verði, sem og hafnargjöld. Talan aftast í töflunni er mögulegur verðmunur í krónum sem kalla mætti mögulega undirverðlagningu, byggt á gefnum forsendum.

Í töflunni má sjá að möguleg undirverðlagning er á bilinu 16-46%.

Freistnivandi sjávarútvegsins kristallast í þessum mun. Verkefni ráðamanna þjóðarinnar endurspeglast að sama skapi í nákvæmlega sama viðfangsefni. Að tryggja að sama verð gildi í viðskiptum og félagsleg undirboð séu ekki möguleg.

Það er yfirlýst skoðun Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda, að með því að ráðast að rótum freistnivandans sem hér hefur verið nefndur megi auka stórkostlega arðsemi auðlindar þjóðarinnar.

Kerfinu þarf ekki að kollvarpa, það er útúrsnúningur. Laga þarf gallana. Það hlýtur að vera vilji ráðamanna að þjóðin fái sem mestan arð af auðlindinni.

Þennan hluta kerfisins þarf að endurskrifa þannig að það stuðli að því að útgerðarmenn auki virði auðlindarinnar, í stað þess að tala hana niður.

Hvort Kristján Þór Júlíusson hæstvirtur sjávarútvegsráðherra sé rétti maðurinn í verkið skal ósagt látið.

Fisktegund	Verð á fiskmörkuðum	Verðlagsstofa	Möguleg undirverðl.
Slægður þorskur 8 kg	539 kr.	309 kr.	43 % (230 kr.)
Slægður þorskur 4 kg	432 kr.	281 kr.	35 % (151 kr.)
Slægður þorskur 2 kg	344 kr.	219 kr.	36 % (125 kr.)
Óslægður þorskur 8 kg	520 kr.	297 kr.	43 % (223 kr.)
Óslægður þorskur 4 kg	404 kr.	256 kr.	37 % (148 kr.)
Óslægður þorskur 2 kg	300 kr.	191 kr.	36 % (109 kr.)
Slægð ýsa 2 kg	306 kr.	198 kr.	35 % (108 kr.)
Slægð ýsa 1 kg	243 kr.	131 kr.	46 % (112 kr.)
Óslægð ýsa 2 kg	305 kr.	189 kr.	38 % (116 kr.)
Óslægð ýsa 1 kg	210 kr.	124 kr.	41 % (86 kr.)
Óslægður karfi 2 kg	245 kr.	192 kr.	22 % (53 kr.)
Óslægður karfi 1 kg	244 kr.	169 kr.	31 % (75 kr.)
Slægður ufsi 8 kg	199 kr.	149 kr.	25 % (50 kr.)
Slægður ufsi 2 kg	181 kr.	135 kr.	25 % (46 kr.)
Óslægður ufsi 8 kg	199 kr.	125 kr.	37 % (74 kr.)
Óslægður ufsi 2 kg	134 kr.	113 kr.	16 % (21 kr.)

Upplýsingar koma af eftirfarandi heimasíðum: rsf.is og verdlagsstofa.is.
Valdar tegundir eru þær tegundir sem Verðlagsstofa birtir viðmiðunarverð fyrir.

Þurfum við að hlaupa hraðar? Lean aðferðir við styttingu vinnuvikunnar



Guðmundur Ingi Þorsteinsson
eigandi Lean ráðgjafar



Ágústa Sigrún Ágústsdóttir
ACC markþjálfi og mannauðsráðgjafi

Því hvetjum við vinnuveitendur til að nota tækifærið og taka skrefið í átt að bættu vinnuskipulagi um leið og stytting vinnuvikunnar verður að veruleika.

Byggt á reynslu okkar af því að vinna með fyrirtækjum af ólíkum stærðum og gerðum þá er mikið vinnuálag á starfsfólki frekar regla en undantekning. Á síðustu árum hefur orðið vitundarvakning þar sem mikið vinnuálag og áreiti er talin ein af megin ástæðum kulnunar í starfi. Mörg fyrirtæki hafa brugðist við með því að bjóða starfsfólki meðferðarúrræði en sjaldgæfara er að fyrirtæki ráðist í markvissar aðgerðir til að ráðast að rótum vandans. Á sama tíma er krafa í samfélaginu um styttingu vinnuvikunnar og í síðustu kjarasamningum var stigið fyrsta markvissa skrefið í þá átt.

En hvað gerist ef við styttum vinnuvikuna? Bíða þá ekki verkefnin bara næsta dags og hlaðast upp?

Breytt vinnuskipulag og innleiðing lean vinnukerfis geta verið gagnlegar leiðir við styttingu vinnuvikunnar. Dreifing og forgangsröðun daglegra verkefna er miklu skilvirkari með lean verklagi og styður teymi og deildir við að halda betur utan um sína vinnu og deila upplýsingum. Einnig er gagnlegt að skoða fyrirtækið í heild sinni þar sem óskilvirk ferli milli deilda skapa oft óþarfa en um leið ósýnilega vinnu.

Þessa dagana eru mörg fyrirtæki að finna leiðir til að útfæra styttingu vinnuvikunnar og því nauðsynlegt að skoða verklag og dreifingu verkefna í leiðinni. Stytting vinnuvikunnar má ekki verða til þess að auka álag í vinnunni með því að fólk þurfi að hlaupa hraðar. Ávinningurinn þarf að skila sér að fullu og styðja við frekari styttingu vinnuvikunnar og fyrirbyggja kulnun á komandi árum. Því hvetjum við vinnuveitendur til að nota tækifærið og taka skrefið í átt að bættu vinnuskipulagi um leið og stytting vinnuvikunnar verður að veruleika.

Höfundar hafa sérhæft sig í að hjálpa fyrirtækjum við ofangreint.

Að standa við stefnu



Friðjón Guðjohnsen
kerfisfræðingur

Þótt gagnsæi sé öflugasta aflið gegn spillingu er íslenskt stjórnkerfi yfirleitt andsnúið gagnsæi. Embættismenn eru oft tregir til að láta frá sér gögn, íslensk stjórnsýsla er frekar ljósfælin. Samt gilda hér upplýsingalög með þeirri meginreglu að almenningur á rétt á aðgangi að öllum gögnum stjórnvalda.

Gagnsæi er versti óvinur spillingar. Fréttir af háum mútugreiðslum Samherja til namibískra ráðherra vekja almenna hneykslun þegar fólk heyrir af þeim. Nýlega var einnig gefin út ákæra í milljóna mútumáli hjá Isavia.

Þrífst svona spilling hjá opinberum aðilum á Íslandi? Í ljósi nýlegra frétta væri barnaskapur að halda að Ísland sé algerlega laust við slíka spillingu. Hér hafa heyrst sögusagnir um spillingu tengda skipulagsmálum enda vélað um tuga eða hundraða milljóna króna hagsmuni.

Þótt gagnsæi sé öflugasta aflið gegn spillingu er íslenskt stjórnkerfi yfirleitt andsnúið gagnsæi. Embættismenn eru oft tregir til að láta frá sér gögn, íslensk stjórnsýsla er frekar ljósfælin. Samt gilda hér upplýsingalög með þeirri meginreglu að almenningur á rétt á aðgangi að öllum gögnum stjórnvalda. Stjórnkerfið beitir oft undantekningarákvæðum laganna, það getur tekið marga mánuði eða jafnvel ár að fá gögn afhent.

Árið 2015 tók Reykjavíkurborg það jákvæða skref að setja sér mjög metnaðarfulla upplýsingastefnu. Samkvæmt henni áttu almenningur og aðrir hagsmunaaðilar að geta verið vel upplýstir um forsendur ákvarðana borgarinnar. Markmið Reykjavíkurborgar var sagt fullt gagnsæi og því átti ákvarðanataka að vera gagnsæ og rekjanleg. Borgin markaði sér þarna stefnu sem gengur lengra en lagaskylda, beinlínis til þess að auka gegnsæi.

Því miður er eitt að setja sér stefnu og annað að standa við hana. Þegar á reynir hefur Reykjavíkurborg nefnilega ekki farið eftir þessari upplýsingastefnu sinni. Í nóvember 2016 keypti Reykjavíkurborg byggingarrétt af verktakafyrirtæki í eigu dæmds kókaínsmyglara á 63 milljónir. Greiðslan var aldrei skráð í bókhald Reykjavíkurborgar á netinu og þrátt fyrir ábendingar hefur það ekki verið lagfært. Afar óljóst er um ástæður þess að borgin greiddi þessar 63 milljónir.

Þegar málið var kannað kom í ljós að borgin hafði óskað sérstaklega eftir áliti borgarlögmanns á málinu. Borgarlögmaður skrifaði sérstakt minnisblað um málið og eru vísbendingar um að þar hafi alfarið verið lagst gegn kaupum. Engin lagaskylda hvíldi á borginni til slíks og mun borgarlögmaður hafa rökstutt það í minnisblaðinu. Þrátt fyrir það ákvað Reykjavíkurborg samt að kaupa byggingarréttinn fyrir 63 milljónir.

Þegar eftir því var óskað neitaði Reykjavíkurborg að afhenda þetta minnisblað borgarlögmanns. Þessu neitaði borgin þrátt fyrir að minnisblaðið hafi verið afhent m.a. formanni og varaformanni skipulagsráðs borgarinnar. Borgin gaf þá skýringu að þótt heimilt væri að láta minnisblaðið af hendi væri það ekki skylt. Ákvörðunin var kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem tók „aðeins“ 8 mánuði að úrskurða. Niðurstaðan var að borginni væri ótvírætt heimilt að afhenda minnisblaðið en væri það ekki skylt.

Ég leitaði því til hins unga embættis umboðsmanns borgarbúa sem skoðaði málið. Niðurstaða hans var að neitunin væri „ekki fyllilega í samræmi“ við upplýsingastefnu borgarinnar. Einnig benti umboðsmaður borgaryfirvöldum á að setja sér verklagsreglur þegar neitað er að afhenda gögn. Á þetta var ekki hlustað, Reykjavíkurborg tekur álíka mikið mark á umboðsmanni borgarbúa og þessari upplýsingastefnu sinni. Enn þann dag í dag hefur Reykjavíkurborg ekki séð sér fært að gera umrætt minnisblað opinbert.

Gagnsæi er ekki aðeins aflið sem vinnur gegn spillingu, gagnsæi dregur úr tortryggni. Auðvitað geta verið eðlilegar skýringar á því að Reykjavíkurborg greiði verktakafyrirtæki í eigu dæmds kókaínsmyglara 63 milljónir. En þá er líka mikilvægt að allt sé uppi á borðinu. Þegar Reykjavíkurborg gengur gegn upplýsingastefnu sinni og neitar að upplýsa um forsendur ákvörðunarinnar verður málið afar tortryggilegt. Hafi Reykjavíkurborg skipt um skoðun og telji leyndarhyggju betri en gagnsæi þá væri heiðarlegra að afturkalla upplýsingastefnuna. Annað gefur væntingar um eitthvað sem ekki er innistæða fyrir.

FÓLK
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 29. NÓVEMBER 2019



Svefn barna brýnt viðfangsefni

Eyrún Eggertsdóttir er önnum kafin kona en samhliða frumkvöðlastarfi er hún þriggja barna móðir. Hún stofnaði fyrirtækið Róró í kjölfar efnahagshrunsins. →2

Eyrún Eggertsdóttir frumkvöðull segir mikilvægt að huga að hvíld barna. Hér er hún ásamt Lúllu dúkkunni sem slegið hefur í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



~ Velkomin í hlíjuna ~

AÐVENTUGLEÐI Í VERSLUN OKKAR SNORRABRAUT
FÖSTUDAG 29. NÓVEMBER · FRÁ 10-18
LAUGARDAG 30. NÓVEMBER · FRÁ 11-18

LÉTTAR VEIGAR · AFSLÁTTUR OG ÝMIS TILBOÐ

FELDUR
VERKSTÆÐI

VERSLUN SNORRABRAUT 56 · 105 REYKJAVÍK · FELDUR.IS



Eyrún Eggertsdóttir segir það geta verið krefjandi að reka fyrirtæki samhliða móðurhlutverkinu þar sem ein vaktin taki við af annarri en hún á þrjú börn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Framhald af forsíðu

Ég er með BS-próf í sálfræði frá Háskóla Íslands og er búsett í Hlíðunum ásamt manninum mínum og börnum. Hann er lærður grafískur hönnuður en starfar sem ráðgjafi fyrir fólk með geðræna erfiðleika," segir Eyrún. Hún býr yfir dýrmætri reynslu úr umönnunarstörfum sem hún segir hafa nýst sér á frumkvöðlabrautinni. „Áður en ég stofnaði Róró vann ég með fólki á öllum stigum. Ég hef unnið með börnum, á elliheimili, með fötluðum og í leikskólum."

„Róró framleiðir og selur Lúllu, dúkkuna sem hjálpar börnum að upplifa ró og ná betri svefni með því að spila upptöku af hjartslætti og andardrætti. Hún spilar í 12 klukkustundir í senn og getur því „sofið" með barninu alla nóttina. Virknin er byggð á fjölda rannsókna á jákvæðum áhrifum hjartsláttar og andardráttar," útskýrir Eyrún. „Ég hef mikinn áhuga á vellíðan og hvatningu og trúi að það sé gríðarlega mikilvægt alhliða heilsu okkar að slaka á og líða vel."

Hófst í kringum hrunið

„Ég leiddist út í þetta frumkvöðlastarf meðan ég var í fæðingarorlofi með annað barnið mitt. Það var í lok árs 2010 og mikil gróska í frumkvöðlaheiminum rétt eftir hrun. Það skipti miklu máli fyrir mig að geta sótt þekkingu og félagsskap í það samfélag á fyrstu stigunum. Bæði til að fá ráð og hvatningu og sjá aðrar fyrirmyndir sem voru komin skrefinu lengra en ég.

Mér leið stundum eins og ég væri orðin rugluð þegar ég var búin að vera of lengi ein að vinna með dúkkuna mína og hugsaði með mér hvað ég væri að vesenast og hvort ég ætlaði ekkert að fara aftur að vinna. Kannski vegna þess að ég var ekki með neinn bakgrunn í rekstri, markaðssetningu eða vöruþróun. Ég reyndi að feta mig áfram með þá þekkingu og hæfileika sem ég hafði og finna fólk til að aðstoða mig við það sem vantaði upp á. Á byrjunarstigum þegar maður hefur ekkert fjármagn og er með lítið barn á arminum þá þarf að grípa til hugvitsins."

Eftir að hafa hlotið verðlaun fyrir hugmyndina hófst vegferðin af krafti og þá varð ekki aftur snúið. „Hugmyndin að Lúllu hlaut Gulleggið 2011 og í kjölfarið fékk ég styrk frá Tækniþróunarsjóð til vöruþróunar. Ef ég hefði ekki fengið hann þá held ég Lúlla hefði ekki orðið að veruleika," segir Eyrún.

„Ferðalagið frá hugmynd að veruleika var miklu lengra en ég hélt í fyrstu. Það er kannski eins gott að maður viti ekki leiðina til að byrja með. Ég reyni að taka einn dag í einu og njóta ferðarinnar. Það getur tekið á taugarnar að vera með eigin rekstur en ég held að ég hafi komist langt á blöndu af þrjósku, jafnaðargeði og jákvæðni. Ég vinn einnig með frábæru teymi af fólki og margir hafa hjálpað til að koma Lúllu á þann stað sem hún er í dag. Ég hefði aldrei getað gert þetta ein."

Margþætt áhrif svefnleysis

Eyrún sótti efnivið og innblástur í niðurstöður sálfræðirannsókna. „Hugmyndin er sprottin úr rannsóknum sem ég las í sálfræði um jákvæð áhrif nærveru við foreldra fyrir börn, en rannsóknir gefa til kynna að þegar börn heyra í hjartslætti og andardrætti þá byrja þau að fylgja taktinum og þeirra eigin andardráttur og hjartsláttur verður stöðugri. Þetta leiðir til þess að þau upplifa meiri ró, ná að sofna, sofa lengur í senn og upplifa meiri vellíðan. Það hefur einnig verið sýnt fram á aukinn taugaþroska, meiri þyngdaraukningu og minni magakveisu. Þarna er gott

> **Mér leið stundum eins og ég væri orðin rugluð þegar ég var búin að vera of lengi ein að vinna með dúkkuna mína og hugsaði með mér hvað ég væri að vesenast og hvort ég ætlaði ekkert að fara aftur að vinna.**

dæmi um mikilvægi góðrar líðanar og þessi jákvæðu snjóboltaáhrif sem er hrundið af stað og geta skipt miklu máli fyrir ung börn."

Áhrifin af svefnleysi barna eru margþætt. „Vellíðan barna hefur einnig mikil áhrif á líðan fjölskyldna þeirra. Á þessum tíma fer boltinn oft að rúlla í vitlausa átt, barnið er í ójafnvægi, það sofnar seint og vaknar oft, aukin streituhormón gera þau viðkvæm, þau fá í magann, þau veikjast frekar, þau sofa enn verr, mamman og pabbinn sofa lítið sem ekkert og þar fram eftir götunum. Það getur haft margvísleg neikvæð áhrif á líðan þeirra og heilsu en áhrif svefnskerðingar eru talin kosta samfélagið hundruð milljóna á ári hverju. Það er því til mikils að vinna. Vellíðan og svefn eru mikilvægt og háalvarlegt mál.

Ég hafði lesið mér til um þetta en hugmyndin að Lúllu kom fullmótuð til mín þegar neyðin bankaði upp á, eins og hugmyndir gera svo oft. Góð vinkona mín sem átti stúlku fyrir tímann þurfti að skilja hana eftir á næturnar á Vökudeildinni í nokkrar vikur. Þegar hún var skilin eftir á nóttunni þá tók hún hlé í öndun og var í ójafnvægi. Þarna mundi ég eftir því sem ég hafði lesið og fór að leita á netinu að einhverju sem gæti hjálpað henni með því að líkja eftir nærveru. Þá kom í ljós að það er ekkert til á markaðnum, aðeins dót sem að spilar vélrænan „hjartslátt" í stuttan tíma í senn. Það var þá sem hugmyndin kom til mín og ég tók ákvörðun um að búa Lúllu til."

Mikilvægt að njóta

Móðurhlutverkið og frumkvöðlastarfið getur verið krefjandi blanda. „Það getur verið erfitt og það er að mörgu að hyggja með þrjú börn. Það tekur ein vakt við af annarri. Ég dett stundum í það að vera meðvituð um allt sem ég gæti gert ef ég færi af fullum krafti í annað hvort hlutverkið og fæ oft þá tilfinningu að vera ekki að gera neitt nógu vel, hvort sem ég er heima eða í vinnunni. Mér finnst ég stundum vera með hausinn fullan af hlutum sem mig langar að gera, elda meira frá grunni, stunda útivist og hreyfingu með fjölskyldunni, hitta vinkonur, komast á deit oftar en tvisvar á ári, fara á fleiri ráðstefnur, sækja námskeið, vinna fleiri tíma og svo framvegis. En að endingu snýst þetta um að finna jafnvægi og passa að vera góður við sjálfan sig. Ég þarf oft að minna mig á að það er mikilvægt að hvíla sig og að njóta tímans."

Eyrún segir nóg um að vera í aðdraganda Svarta föstudagsins, en hún hefur mikla reynslu af því að stunda viðskipti í gegnum netið. „Við nýttum okkur hópfjármögnun við fyrstu framleiðsluna. Okkar stærsti markaður er í Bandaríkjunum og við seljum allt sjálf þar í netsölu, bæði á okkar síðu og í gegnum Amazon en við erum með vöruhúsið okkar þar. Við erum að taka þátt í Black Friday og Cyber Monday á netsölunni okkar í annað sinn en hún hefur mikið vaxið á síðustu árum. Í fyrra tókum við þátt um helgina en í ár er það heil vika, Black Friday Week."




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Bók er gjöf sem hægt er að opna aftur og aftur og svo aftur og þar á eftir aftur.




tilboðsverð kr. 3.690
fullt verð kr.5.190



tilboðsverð kr. 4.890
fullt verð kr. 6.690




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr.6.999



tilboðsverð kr. 1.999
fullt verð kr. 2.890




tilboðsverð kr. 3.499
fullt verð kr.4.999



tilboðsverð kr. 3.890
fullt verð kr. 5.499



tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999




tilboðsverð kr. 6.999
fullt verð kr. 9.999



tilboðsverð kr. 2.990
fullt verð kr.4.299



tilboðsverð kr. 2.390
fullt verð kr. 3.390



tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999



tilboðsverð kr. 5.599
fullt verð kr. 7.999

tilboðsverð gilda til 06. des.



BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

Dagurinn þegar allt verður brjálað

Svartur föstudagur eða „Black Friday“ á sér langa sögu í Bandaríkjunum en tiltölulega stutt er síðan sá siður verslunareigenda að bjóða mikinn afslátt þennan dag náði fótfestu hér á landi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Svartur föstudagur hefur markað upphaf jólaverslunar í Bandaríkjunum frá árinu 1951. Dagurinn er alltaf fjórði föstudagur í nóvember og miðast við þakkargjörðarhátíðina sem er fjórða fimmtudag í nóvember. Verslunareigendur í Bandaríkjunum hafa haft þann sið að opna búðir sínar eldsnemma daginn eftir „Thanksgiving“ og fólk hefur ekki hikað við að mæta snemma í röð þann dag til að ná í góðar vörur með miklum afslætti. Sumir viðskiptavinir láta sig hafa það að gista í tjöldum fyrir framan verslanir til að komast sem fyrst inn þegar opnað er. Sömuleiðis hefur það færst í vöxt að verslanir séu opnaðar strax að kvöldi þakkargjörðarhátíðarinnar.



Svartur föstudagur hefur nú fest sig í sessi víða um heim og á mörgum stöðum er hægt að gera mjög góð kaup. NORDICPHOTOS/GETTY



Í Bandaríkjunum eru miklir afslættir á þessum degi og geta farið upp í allt að 70-80%. Það er því hægt að gera góð kaup fyrir jólin.

Þessi bandaríski siður hefur færst til annarra landa og stærstu verslanakeðjur í Englandi, Frakklandi, á Ítalíu og víða í Evrópu hafa tekið hann upp. Verslanir á Norðurlöndum eru þar engin undantekning. Ástæðan er gríðargóður afsláttur og tilboð sem gilda aðeins þennan dag. Sögulega þótti ekki við hæfi að auglýsa jólavarning fyrr en eftir að þakkargjörðarhátíðinni í Bandaríkjunum, sem sameinar alla Bandaríkjamenn, var lokið og er þessi tilboðsdagur viðbragð kaupmanna til þess að koma jólaversluninni af stað af krafti.

Rauðar eða svartar tölur

Svarta viðurnefnið á deginum á sér ýmsar skýringar. Ein er sú að á þessum degi breyttust hagnaðartölur verslana úr rauðu sem þýðir mínus yfir í svart sem þýðir að þær séu í plús og önnur eldri skýring segir að liturinn vísi til þess að verkamenn hafi stundað að tilkynna veikindi þennan dag til að ná sér í fjögurra daga helgi en föstudagurinn eftir þakkargjörðardaginn er ekki opinber frídagur og þar af leiðandi ekki rauður dagur í dagatalinu heldur svartur.

Aðrir segja að það vísi í umferðaröngþveitið sem skapast þegar allir flykkjast í verslanir til að ná sér í jólagjafir á góðu verði. Árið 1966 sást þetta nafn, „Black Friday“, fyrst á prenti og varð þekkt eftir það. Lögreglumenn í Philadelphiu notuðu hugtakið til að vara við umferðaröngþveiti. Bandaríkjamenn flykkjast á heimaslóðir á þakkargjörðarhátíðinni og mikil umferð verður að jafnaði daginn eftir þegar allir halda heim á leið aftur eða í verslanir til að gera góð kaup. „Black Friday“ markar í dag upphaf jólaverslunar víða um heim. Jólaverslunin hefst ekki fyrr en fimm vikum fyrir jól í Bandaríkjunum en þá spýtir fólk líka heldur betur í lófana.

Ódýri mánudagurinn

Með breyttum áherslum í verslun sem hefur verið að færast mikið inn á netið hefur stór kúfur færst frá svarta föstudeginum yfir í netverslun mánudaginn á eftir sem hefur fengið nafnið „Cyber Monday“. Netmánudagurinn er svar minni seljenda við föstudeginum svarta og er mest keypt af fatnaði og tískuvörum þann dag og mun meira en á föstudeginum. Bent hefur verið á að eins og með aðra afslætti borgi sig ávallt að athuga hversu mikill afsláttur er í raun og veru með því að bera saman fyrra verð á vörum og verð með afslætti á stórtilboðsdögum og ekki láta glepjast af smitandi kaupgleðinni. Hérlendis hefur svartur föstudagur eða „Black Friday“ náð æ meiri fótfestu og má nú sjá hans stað í ýmsum vörutegundum eins og húsgagna- og raftækjaverslunum, bókabúðum, verkfærabúðum, blómabúðum og fataverslunum svo eitthvað sé nefnt.

Glæsilegar skrúðgöngur

Stórverslanir í Kanada og Bandaríkjunum hafa skapað sér ákveðna siði í kringum þakkargjörðardaginn. Árið 1905 efndi kanadíska stórverslunin Eaton til skrúðgöngu um miðborg Toronto þar sem jólasveinn kom akandi á sleða. Skrúðgangan varð árlegur viðburður og árið 1913 drógu átta lifandi hreindýr sleða jólasveinsins.

Árið 1924 varð skrúðganga Eaton stórversluninni Macy's í New York innblástur til að gera slíkt hið saman. Macy's skrúðgangan er núna orðin ein sú stærsta og flottasta í heiminum, mikill íburður í vögnunum og frægustu Hollywood-stjörnur taka þátt. Margir koma til New York um þakkargjörðarhátíðina til að horfa á skrúðgönguna og versla síðan á „Black Friday“.

Alltaf fjórða fimmtudag

Árið 1939 í kreppunni miklu í Bandaríkjunum kom þakkargjörðardagurinn upp í fimmtu viku nóvember. Verslunareigendur báðu Fraklin D. Roosevelt forseta um að flytja daginn til fimmtudagsins á undan því þeir voru hræddir um að jólaverslunartímabilið yrði of stutt. Beiðnin kom frá forsetanum í lok október sem var of seint því flestir höfðu þegar gert áætlanir fyrir hátíðina. Fólk varð bálreitt og kallaði daginn „Franksgiving“. Aðeins 25 ríki Bandaríkjanna ákváðu að færa daginn en Texas og Colorado héldu tvo hátíðisdaga sem neyddu fyrirtæki til að gefa starfsmönnum tvo frídaga í staðinn fyrir einn. Árið 1941 voru samþykkt lög um að þakkargjörðardagurinn yrði alltaf fjórði fimmtudagur í nóvember og þannig hefur það haldist.

Milljónir kalkúna

Í gær fögnuðu Bandaríkjamenn hátíðinni en hefð er fyrir því að borða kalkún á þessum degi. Kannanir sýna að um 46 milljónir kalkúna séu borðaðir þennan dag og hver þeirra vegur um það bil 13 kíló. Þá eru ótaldar kartöflur, sætar kartöflur og trönuberjasósa sem fylgir ávallt með. Flestir Bandaríkjamenn borða graskersböku í eftirrétt og í öðru sæti er eplabaka eða pekanbaka.



Skrúðganga er ávallt farin um þetta leyti frá Macy's stórversluninni í New York. Mikið er lagt í gönguna sem dregur að sér mikinn fjölda áhorfenda.



BLACK
IS WHITE



35%
AFSLÁTTUR

GILDIR 29. NÓVEMBER 2019

SVARTUR FÖSTUDAGUR

CURAPROX BLACK IS WHITE
TANNHVÍTTUNARTANNKREM
OG TANNBURSTI CS 5460

SVART TANNKREM MEÐ ACTIVE CARBON, KORNASTÆRÐ MINNI EN Í MÖRGUM HEFÐBUNDNUM TANNKREMUM, SEM HVÍTTAR TENNUR.
TANNBURSTI CS 5460 FÍNGERÐARI OG FLEIRI HÁR, ÁHRIFARÍKARI HREINSUN.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!



KOL SVARTUR
FÖSTUDAGUR

HVÍTAR INNIHURÐIR VERÐ FRÁ 29.990 KR.

*AFSLÁTTUR VEITTUR AF FULLU VERÐI

40%
AFSLÁTTUR AF HARÐ-PARKETI, UNDIRLAGI OG LISTUM*

40%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU KÄHRS PARKETI*

30-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM*

Birgisson®

Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Jólaspilin 2019

Bönn eiga það til að snúast upp í andhverfu sína. Áður fyrr var bannað að spila á jólunum, því skrattinn gæti komið upp í spilunum. Nú hafa bábiljur vikið og jólin eru mesti spilatími ársins enda sá tími þegar fjölskyldur koma saman.



Borðspil eru til að mynda einn algengasta möndlugjöfin og eftir að pakkabrjálæðið er búið á aðfangadagskvöld er gjarnan spilað fram á rauðanótt. Hér eru nokkur af helstu jólaspilunum árið 2019.

Azul

Nordic Games,
2-4 leikmenn,
45 mínútur



Þema Azul gæti vart verið undarlegra, en í því taka leikmenn að sér hlutverk portúgalskra flísalagningamanna. En sjálfsagt hafa margir ekki haft trú á tölvuleiknum Super Mario Bros þegar hann kom út í ljósi þess að hann fjallar um ítalska pípulagningamenn. Azul sló rækilega í gegn þegar það kom upprunalega út, árið 2017 og ári síðar hlaut það þýsku verðlaunin Spiel des Jahres, sem eru nokkurs konar Óskarsverðlaun spilaheimsins.

Azul er gullfallegt spil, eins og djásn á borðinu og flísarnar sjálfar líta út eins og litríkir brjóstsykursmolar. Það er hreinn unaður að handleika þær. En það sem meira máli skiptir er hversu gott gangverkið sjálft er.

Í spilinu taka leikmenn hópa af flísum til að fylla raðir, til þess að búa til aðrar raðir og skora fyrir þær stig. Leikmenn mega ekki vera of djúpt niðursokknir í eigin leikborð heldur verða að vera vakandi fyrir því sem aðrir eru að gera á sínum. Ef græðgin heltekur mann, missir maður flísarnar og þær brotna með tilheyrandi stigamissi.

»» Sjálfsagt hafa ekki margir haft trú á Super Mario Bros þegar hann kom út í ljósi þess að hann fjallar um ítalska pípulagningamenn.

Little Town

Nordic Games,
2-4 leikmenn, 60 mínútur

Gangverk sem kallast á ensku „worker placement“ hefur notið mikilla vinsælda á undanförnum árum. Það snýst um að leikmenn helga sér staði með peðum sem leyfa ákveðna hluti. Má sjá þetta í Agricola, Stone Age, Lords of Waterdeep og Champions of Midgard.

Little Town er eins og einföld útgáfa af spilum sem þessum. Það eru engar byltingarkenndar hugmyndir á bak við Little Town, sem fjallar um að byggja upp bæ. Rétt eins og í Lords of Waterdeep er hægt að leigja út hús til annarra leikmanna og rétt eins og í Agricola er nauðsynlegt að fæða peðin. Þá hefur hver leikmaður sín eigin takmörk eins og sjá má í mörgum spilum.

Þó að fullorðnir geti vel spilað Little Town er það augljóslega hugsað fyrir yngri hóp. Borðið sjálft minnir einnig töluvert á tölvuleiki sem spilaðir eru á síma eða spjaldtölvu. Little Town hentar því vel sem inngangsspil fyrir börn og þá sem þekkja ekki gangverkið.



Íslenska spurningaspilið

Myndform,
2-6 leikmenn, 45 mínútur

Úr ranni finnsku útgáfunnar Tactic kemur spurningaspil heimfært yfir á Ísland af sjálfum spurningakóngi Íslands, sagnfræðingnum Stefáni Pálssyni. Áður hefur Tactic fært okkur spilið Ég veit, annað einfalt spurningaspil sem sló í gegn.

Íslenska spurningaspilið er ekki það fyrsta sinnar tegundar sem byggist á spurningum um Ísland en það sem gerir það sniðugt er að allir gera á sama tíma, alltaf. Það kemur því aldrei „dauður tími“ fyrir neinn.

Spurningarnar eru í sex flokkum. Fimm nokkuð hefðbundnum, sögu, menningu, náttúru og vísindum, landafræði og íþróttum. Síðan er flokkurinn ýmislegt, sem er óumdeilanlega skemmtilegasti flokkurinn og þar sem búast má við hverju sem er frá Stefáni.

Aðeins er um valkostaspurningar að ræða, með fjórum svarmöguleikum. Rétt eins og með Ég veit, er engin skylda að spila eftir reglunum. Hægt er að nota spurningarnar sem slíkar til að fleygja á milli

Panic Tower

Nordic Games,
2-8 leikmenn, 20 mínútur

Í Panic Tower skiptir lagni öllu máli. Ef þú ert mjög skjálfhentur áttu eftir að tapa. Spilið er einfalt og minnir bæði á Jenga og Twister.

Leikmenn skiptast á að stafla misháum trékubbum á litaða reiti eftir fyrirmælum á spilum. Spilin geta einnig gefið önnur fyrirmæli, eins og til dæmis að færa stafla milli reita og þá reynir virkilega á lagnina.

Panic Tower er útsláttarspil, tekur ekki langan tíma en er mjög hávært. Spilið er ætlað fyrir yngri kynslóðina, enda hægt að nota kubbana án þess að spila eftir reglum.

Ishtar

Nordic Games,
2-4 leikmenn, 45 mínútur



Ishtar er glænýtt spil frá franska meistaranum Bruno Cathala (Shadows Over Camelot, Five Tribes, Kingdomino). Rétt eins og flest önnur spil frá honum er Ishtar gullfallegt á að líta, bæði kassinn og spilið sjálft eins og málverk.

Spilið er dæmigert Euro-spil, það er heppninni er haldið í lágmarki og taktík í hámarki. Takmarkið er að safna stigum og ótal leiðir eru til að fá þau. Í Eurospilum eru þemun oftast meinlaus, og Ishtar gæti vart verið betra dæmi um það en leikmenn taka að sér hlutverk garðyrkjumanna í hinni fornu Babýlon.

Ishtar snýst um að leggja niður garða í eyðimörkina, sem er breytilegt borð. Í upphafi virðist þetta auðvelt en þegar líður á fækkar möguleikunum hratt. Spilið er því að nokkru leyti eins og hið vinsæla Carcassonne nema á mjög þröngu svæði. Ishtar er hvorki flókið né langt en þarfnast töluverðra heilabrota.



Um 500 verslanir, veitingastaðir og kaffihús. >>> Velkomin í bæinn! >>> midborgin.is

sótsvartur föstudagur

...laugardagur og mánudagur

icebreaker® MERINO



Barna Oasis bolur
fullt verð 6.990 kr.
Sótsvart verð: 5.592 kr.



Barna Oasis leggings
fullt verð 6.990 kr.
Sótsvart verð: 5.592 kr.



Tech bolur barna
fullt verð 7.990 kr.
Sótsvart verð: 6.392 kr.



Tech leggings barna
fullt verð 7.590 kr.
Sótsvart verð: 6.072 kr.



Tech Lite herra
fullt verð 9.990 kr.
Sótsvart verð: 7.992 kr.



Sphere bolur dömu
fullt verð 9.990 kr.
Sótsvart verð: 7.992 kr.



Oasis Crewe herra
fullt verð 13.990 kr.
Sótsvart verð: 11.192 kr.



Descender rennd herra
fullt verð 27.990 kr.
Sótsvart verð: 22.392 kr.



Oasis hálfrennd dömu
fullt verð 14.990 kr.
Sótsvart verð: 11.992 kr.

Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir



Helix pils
fullt verð 14.990 kr.
Sótsvart verð: 11.992 kr.

20% afsláttur af öllum Icebreaker vörum



Hanskar fyrir snertiskjá
fullt verð 5.900 kr.
Sótsvart verð: 4.720 kr.



Anatomica Boxers herra
fullt verð 6.590 kr.
Sótsvart verð: 5.272 kr.



Siren Tank
fullt verð 7.590 kr.
Sótsvart verð: 6.072 kr.



Yanni kjóll
fullt verð 14.990 kr.
Sótsvart verð: 11.992 kr.



Descender rennd dömu
fullt verð 27.990 kr.
Sótsvart verð: 22.392 kr.



Helix jakki
fullt verð 34.990 kr.
Sótsvart verð: 27.992 kr.



Everyday leggings herra og dömu fullt verð 11.990 kr.
Sótsvart verð: 9.592 kr.



Everyday Crewe dömu
fullt verð 11.990 kr.
Sótsvart verð: 9.592 kr.



Everyday hálfrennd herra
fullt verð 12.990 kr.
Sótsvart verð: 10.392 kr.



Vertex hálfrennd peysa - fullt verð 19.590 kr.
Sótsvart verð: 15.672 kr.





Vertex leggings - fullt verð 15.990 kr.
Sótsvart verð: 12.792 kr.



Oasis Crewe dömu fullt verð 13.990 kr.
Sótsvart verð: 11.192 kr.



Oasis hálfrennd herra fullt verð 14.990 kr.
Sótsvart verð: 11.992 kr.

icebreaker® MERINO

Bolir, leggings, pils, jakkar, úlpur, sokkar, vettlingar, buff, nærföt, skyrtur og húfur.

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.

20% afsláttur af öllum vörum
nema AKU gönguskóm og þurrgöllum

Opnunartími:
í dag 10 - 18
og á morgun
laugardag 11-15

GG·sport

Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram

Smiðjuvegur 8, **Græn gata**, 200 Kópavogi sími: 571 1020 • www.ggsport.is

GG·sport
BYKO



Það er ólýsanlegt að vera á Times Square þegar áramótin ganga í garð en þar safnast gríðarlegur mannfjöldi saman, segir Björg Jónasdóttir flugfreyja. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Í 35 þúsund fetum á jólum

Björg Jónasdóttir flugfreyja hefur oft verið í útlöndum um jól vegna vinnu sinnar. Hún gleymir því seint þegar hún var í háloftunum þegar jólin gengu í garð.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Þegar ég byrjaði að vinna sem flugfreyja árið 1972 þá þróaðist það þannig að ég tók ákvörðun um að vera reglulega úti um hátíðarnar og hef óskað eftir því í gegnum tíðina. Vissulega finnst mér best að vera heima um jólin en ég fer líka út með glöðu geði. Mér finnst gott að vita fyrir fram að sennilega verði ég úti um jólin og get þá skipulagt mig í kringum það. Þegar dætur mínar tvær voru yngri voru þær stundum hjá afa sínum og ömmu um jól á meðan ég var í vinnunni. Það voru ómetanlegar stundir fyrir þau öll," segir Björg með bros á vör.

Í eitt skipti var hún í 35 þúsund feta hæð þegar jólin gengu í garð. „Ég gleymi því aldrei. Ég var með góðum vinkonum í áhöfn á leið til Ameríku. Þegar klukkan sló sex fengum við allar kökk í hálsinn og tár í augun. Við fundum svo sterkt fyrir jólaandanum. Það er öðruvísi tilfinning þegar maður er kominn yfir hafið þegar jólin byrja. Þá fær maður ekki þessa saknaðaratilfinningu heldur gleðst yfir þessum tímamótum."

Björg segir hefð fyrir því að áhafnir geri eitthvað skemmtilegt saman um jólin. „Mér er minnisstætt að eitt sinn þegar ég var í Boston fékk áhöfnin eldhúsið á hótelinu lánað. Við höfðum fengið matarpakka frá Icelandair, sem í var hangikjöt, rauðkál og baunir, Nóa konfekt og vorum með malt og appelsín. Ein flugfreyjan gerði uppstúf á meðan við hin dekkuðum borð og skreyttum í stóru herbergi sem hótelið lánaði okkur. Að máltíð lokinni fórum við í pakkaleik og það var mikið fjör hjá okkur."

Björg segir sérlega gaman að vera í New York um áramót. „Það er ólýsanlegt að vera á Times Square þegar áramótin ganga í garð en þar safnast gríðarlegur mannfjöldi saman. Það er mikil stemning þegar talið er niður í miðnætti og kúlan í turninum látin falla," segir Björg og bætir við að það hafi verið sérstakt að fylgjast með því hvað göturnar voru líka fljótar að tæmast.

Hún hefur líka verið í háloftunum um áramót á leið frá Doha til Filippseyja. „Á miðnætti skáluðum við í Jeddah-kampavíni sem samanstendur af sódavatni og eplasafa. Þá var ég á leið í verkefni í Papúa fyrir Icelandair, en mér finnst ómetanlegt að vinna hjá fyrirtæki sem hugsar jafn vel um sitt starfsfólk og Icelandair," segir hún.

Í kyrrð og ró í sveitinni

Þegar Björg er heima um jól er hún ýmist á heimili sínu í Reykjavík eða í Mývatnssveitinni. „Það er dásamlegt að vera í Mývatnssveit og við höfum verið þar tvisvar um jól. Mikil kyrrð og ró, náttúrufegurðin ólýsanleg. Á Þorláksmessukvöld eru tónleikar í Reykjahlíðarkirkju, þar sem tónlistarfólk úr sveitinni kemur fram. Ég og maðurinn minn, Halldór Þorlákur Sigurðsson, ákváðum að gera hlutina öðruvísi í Mývatnssveitinni en í Reykjavík og skreytum berstrípað birkitré í staðinn fyrir grenitré," segir Björg, Á æskuárunum hafi jólatréð aldrei verið skreytt fyrr en á Þorláksmessukvöld. „Við börnin vorum ekki með í því heldur komum við fram á aðfangadagsmorgni og misstum málið af hrifningu þegar við sáum alla fegurðina. Kveikt var á jólaseríunum klukkan sex þegar jólin voru hringd inn."

Skrautið er tekið upp þegar líða tekur að árlegu skötuboði á heimili Bjargar. „Við höldum vanalega skötuboð viku til tíu dögum fyrir jól. Mér finnst svo þægilegt að halda skötuboðið tímanlega því þá er minna stress og fólk leyfir sér að staldra lengur við. Ég byrja að skreyta heimilið örlítið í kringum það. Á Þorláksmessu fer ég svo í skötuveislu til frænda míns en mér finnst skata æðislega góð. Á mínum ungdómsárum var skata hversdagsmatur," segir Björg.

Fyrsta jólaskrautið, sem er jólasveinn, keypti Björg í New York um 1973 en hann er í miklu uppáhaldi. „Nýlega freistaðist ég til að kaupa jólabúdda, líka í New York."

SPORT 24

Íþróttavöruverslun



Fylgdu okkur á facebook

15-50% afsláttur

Gildir til 2. desember

Öll helstu merkin á einum stað

Það BORGAR sig að líta við hjá okkur !

adidas · NIKE · ENDURANCE ATHLECIA · hummel · PUMA

SPORT24 Miðhrauni 2 Garðabæ

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI

SPORT24 Sundaborg 1 Reykjavík

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16
Sunnudaga Lokað

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr Ford Connect Tourneo 7 manna. Sjálfskiptur. Diesel. Titanium typa með glerþaki ofl. Bíll sem hægt er að leggja sæti niður og sofa í bílnum. Verð aðeins: 4.890.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Kerrur



SLEÐA- EÐA BUGGY KERRA
Ameriskar álkerra með hlíf að framan, skíðaklemmum, 13 tommu dekkjum og sturtupalli.
Kr. 559.000,-
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



Önnur þjónusta



REYKJAVÍK OG AKUREYRI
Aldrei meira bón. Bónleysum og lökkun með nýju slitsterku gólflakki. Gerum við Línólíum dúka og endurlitum þá. Www.parketogmalun.is



REYKJAVÍK OG AKUREYRI
Ryklaus parketslípun í 25 ár. Bestu efnin. Bestu verðin. Www.parketogmalun.is

Keypt & Selt

Til sölu



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Heilsa

Nudd




TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Bernhard notaðir bílar eru fluttir að Vatnagörðum 24

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP Í GÓÐUM NOTUÐUM BÍL
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI



Honda Civic Tourer Lifestyle
Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km., dísel, beinskiptur.
Tilboð kr. 1.990.000
Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda Civic Comfort
Nýskráður 5/2018, ekinn 17 þús.km., bensín, beinskiptur.
Verð kr. 2.690.000
Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda Civic Elegance
Nýskráður 3/2018, ekinn 11 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.990.000
Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda Jazz Trend
Nýskráður 9/2019, ekinn -1 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Tilboð kr. 2.390.000
Allt að 90% fjármögnun í boði

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Vatnagörðum 24 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
Best geymda leyndarmál Kópavogs
Gullnáman

BOLTINN Í BEINNI
LEIKIR HELGARINNAR
LAUGARDAGUR
12:30 Newcastle – Man.City
15:00 Liverpool – Brighton
SUNNUDAGUR
14:00 Norwich – Arsenal
16:30 Man.Utd. – Aston Villa
Boltatilboð



HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19
HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
WWW.CATALINA.IS

ht.is

SVARTUR
FÖSTUDAGUR
ALLT AÐ

50

PRÓSENT AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM!

Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES



LaMarcus Aldridge og DeMar DeRozan hafa ekki náð að halda sigurgöngu San Antonio Spurs áfram síðan Tim Duncan, sem sést hér fyrir neðan, ákvað að láta staðar numið. NORDICPHOTOS/GETTY

Viðvörunarbjöllur hringja í Texas

San Antonio Spurs hefur byrjað tímabilið afar illa í NBA-deildinni og er í hættu á því að missa í fyrsta sinn af úrslitakeppninni á þeim 22 árum sem Gregg Popovich hefur stýrt liðinu. Eftir fína byrjun á tímabilinu hefur lítið gengið síðasta mánuðinn og er erfitt að sjá Popovich galdra fram töfralausn á vandræðum liðsins.



NBA Fara þarf aftur til vormánaðanna 1997 til að finna síðustu úrslitakeppnina í NBA-deildinni sem San Antonio Spurs tók ekki þátt í en það stefnir allt í að 22 ára þátttöku Spurs sé lokið. Velgengni Spurs-liðsins hefur verið með ólíkindum síðustu áratugi og hefur félagið aðeins misst fjórum sinnum af úrslitakeppninni síðan það fluttist til San Antonio árið 1973. Sem dæmi um hversu langt er liðið síðan Spurs tók ekki þátt í úrslitakeppninni var Bill Clinton að hefja aðra stjórnartíð sína sem forseti Bandaríkjanna þegar Spurs missti síðast af úrslitakeppninni en eftir tólf tapleiki í síðustu fjórtán leikjum eru lærisveinar Popovich í nýjum kringumstæðum. Neyðarleg byrjun tímabilsins hjá Golden State Warriors skyggir aðeins á byrjun Spurs sem er komið langleiðina með að tapa jafn mörgum leikjum í vetur (13) og allt tímabilið 2015-16 þegar Spurs tapaði fimmtán leikjum.

Hinn sjötugi Popovich tók við liðinu um mitt tímabil árið 1996 og var því þjálfari liðsins síðast þegar það missti af úrslitakeppninni en þessi sigursælasti þjálfari sögunnar þarf að finna lausn á vandamálum Spurs hið snarasta.

5 Meistaratitla hefur Spurs unnið undir stjórn Popovich. Aðeins Lakers hefur unnið jafn marga titla síðan 1996.

1 Spurs hefur leikið sex sinnum til úrslita og aðeins tapað einu sinni undir stjórn Popovich, gegn Miami Heat vorið 2013.

Tvíburaturnarnir sem byrjuðu gullöldina í San Antonio

Þegar David Robinson kom inn í lið Spurs á haustdögunum 1990 var skyndilega kominn leikmaður sem hægt var að byggja lið í kringum og komst liðið í úrslitakeppnina sjö ár í röð með Robinson sem var yfirleitt titlaður „aðmírállinn“ í fremstu röð. Meiðsli Robinsons og fleiri lykilleikmanna árið 1996 gerði það að verkum að Spurs missti af úrslitakeppninni og hlaut fyrsta valrétt í nýliðavalinu en það reyndist heillaskref. Með fyrsta valrétt tók Spurs hinn unga Tim Duncan sem ásamt Robinson myndaði ógnarsterkt tvíeyki sem var kallað „tvíburaturnarnir“. Saman unnu Robinson og Duncan fyrstu tvo meistaratitlana í sögu félagsins árin 1999 og 2003 en þá lét Robinson staðar numið. Við það tækifæri tóku Tony Parker og Manu Ginobili við keflinu og sáu til þess að Spurs ynni tvo meistaratitla, árið 2005 og aftur 2007.

Spurs átti eftir að vinna einn meistaratitil til viðbótar þegar hinn lítt þekkti Kawhi Leonard skaust fram á sjónarsviðið og Spurs náði að stöðva sigurgöngu Miami Heat-liðsins sem LeBron James leiddi. Þríeykið Duncan, Parker og Ginobili átti enn nóg eftir til að skila góðum sóknarleik en varnarleikur Leonards færði Spurs 4-0 sigur í einvíginu.

Dýrkeypt skipti við Toronto

Í Leonard var Spurs með öflugan leikmann á báðum endum vallarins sem hægt væri að byggja framtíðarlið á og var Spurs fastagestur í úrslitakeppninni næstu árin þrátt fyrir að Duncan léti staðar numið líkt og Manu Ginobili. Næst komst Leonard því að koma Spurs í úrslitin á vordögunum 2017 en meiðsli í fyrsta leik úrslita Vesturdeildarinnar komu í veg fyrir að hann tæki þátt gegn Golden State Warriors sem sópaði Spurs í sumarfrí.

8 Spurs tapaði á dögunum átta leikjum í röð í fyrsta sinn í 23 ár. Nokkrum vikum síðar tók Popovich við liðinu.

22 ár eru liðin síðan San Antonio missti síðast af úrslitakeppninni. Spurs deilir því meti með Philadelphia 76ers frá árunum 1950-1971.

7 Spurs hefur aldrei endað neðar en í 7. sæti á heilu tímabili í Vesturdeildinni undir stjórn Popovich.

Ári síðar voru meiðsli að hrjá Leonard sem lenti í útistöðum við forráðamenn Spurs og krafðist þess að sér yrði skipt frá félaginu. Að lokum tókst Spurs að komast að samkomulagi við Toronto Raptors um að senda Leonard og Danny Green til Kanada í skiptum fyrir DeMar DeRozan til að koma í veg fyrir að Leonard yrði áfram í Vesturdeildinni. Í DeRozan fékk San Antonio fínan leikmann sem var ekki þekktur fyrir afrek sín í úrslitakeppninni og féll Spurs út í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Á sama tíma náði Leonard að leiða lið Raptors að fyrsta meistaratitlinum í sögu félagsins í vor.

Vandræði Spurs hafa haldið áfram á þessu tímabili en eftir fjóra sigurleiki í fyrstu fimm umferðunum gegn lakari liðum deildarinnar hefur liðið nú aðeins unnið sex leiki af nítján, þar af tvo þeirra gegn slakasta liði deildarinnar, New York Knicks. Varnarleikurinn sem var aðalsmerki liðsins hefur hrunið og er lið Spurs við botninn í flestum tölfræðiþáttum þegar kemur að varnarleik. Sóknarleikur liðsins gengur enn eins og vel smurð dísilvél og er liðið í fimmta sæti deildarinnar þegar kemur að tölfræði yfir sóknarleik en varnarleikurinn veldur þjálfarateyminu höfuðverk. „Það er engin töfralausn á þessum vandamálum. Á þessum tíma í fyrra vorum við líka í vandræðum en þá vorum við miðlungslið í vörn. Í ár erum við lélegasta lið deildarinnar í vörn á mörgum sviðum og það er að kosta okkur. Við erum að setja nógu mörg stig til að vinna leiki en það þarf líka að verjast sem er eitthvað sem við erum ekki að gera,“ sagði Popovich, aðspurður út í vandamál liðsins á dögunum.

kristinnpall@frettabladid.is

LAGERHREINSUN


RÝMUM FYRIR ÁRGERÐ 2020

Á ÖLLUM POTTUM















HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1

SÍMI 7772000

HUMAR


NÓG TIL



TÚNFISKUR



OPIÐ LAUGARDAG 10-15



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800





Aron Pálmarsson er lykilleikmaður í uppbyggingu íslenska karlalandsliðsins í handbolta sem stefnir að því að komast í hóp bestu þjóða heims á nýjan leik innan tíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Langt síðan breiddin var jafn mikil

Nú styttist í að Guðmundur Þórður Guðmundsson og þjálfarateymi hans hjá íslenska karlalandsliðinu í handbolta þurfi að skila inn nöfnum þeirra 28 leikmanna sem koma til greina í 16 manna leikmannahóp liðsins á Evrópumótinu sem fram fer í janúar á næsta ári.

HANDBOLTI Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, gæti fengið töluverðan höfuðverk þegar kemur að því að velja leikmannahópinn fyrir Evrópumótið sem fram fer í janúar á næsta ári. Hópurinn sem kemur til greina í liðið hefur stækkað jafnt og þétt síðustu mánuðina og Guðmundur þarf að skilja sterka leikmenn eftir heima.

Fréttablaðið fékk Óskar Bjarna Óskarsson, aðstoðarþjálfara meistaraflokks karla og yfirþjálfara yngri flokka hjá Val, til þess að fara yfir stöðuna hjá landsliðinu og rýna í valið sem fram undan er. Óskar Bjarni segir útlitið gott í aðdraganda mótsins en öflugir leikmenn séu hins vegar að glíma við meiðsli og erfitt að meta hvort þeir verða með.

„Það er langt síðan við höfum haft jafn mikla breidd í landsliðinu og við búum yfir þessa stundina. Þau kynslóðaskipti, sem nauðsynlegt var að fara í í kjölfar þess að liðið sem náði góðum árangri á Ólympíuleikunum árið 2008 og Evrópumótinu 2010 var farið að eldast, eru að ganga í gegn þessa stundina. Við náðum að brúa bilið vel að mínu mati og erum núna með í höndunum leikmannahóp sem er með marga leikmenn í hæsta gæðaflokki og á breiðu aldursbili. Ég held að markviss vinna hjá yngri landsliðunum sem og mikil rækt við B-landsliðið undanfarin ár eigi stóran þátt í því,“ segir Óskar Bjarni um landslagið.

„Þá erum við vel settir hvað það varðar að við erum með leikmenn á besta aldri í öllum stöðum og önnur kynslóðaskipti eins og við höfum verið að ganga í gegnum ekki í sjónmáli. Þess í stað getum við farið að horfa til þess að koma okkur aftur í hóp átta bestu liða heims innan fárra ára. Það er erfitt að setja einhvern tímapunkt á það hvenær það gerist en ég myndi segja að eftir svona tvö ár verðum við komnir á þann stall á nýjan leik. Aron Pálmarsson er svo líklega að spila sinn besta handbolta á ferlinum. Það er gaman að sjá hann vaxa í hlutverki



Óskar Bjarni Óskarsson.

reynslumikils leikmanns í liðinu sem miðlar til yngri leikmanna og nær einkar vel til þeirra inni á vellinum,“ segir hann enn fremur.

Vantar öfluga og hávaxna skyttu

„Við erum með ungan markmann, Viktor Gísla [Hallgrímsson], sem hefur öðlast alþjóðlega reynslu með GOG og hefur grætt mikið á að vera að spila í Meistaradeild Evrópu. Sigvaldi Björn [Guðjónsson] hefur vaxið mikið með Elverum og er að taka stökkið með Hauki Þrastarsyni og fara til Kielce. Það verður gaman að sjá þróun mála hjá þeim en þeir eru í góðum höndum hjá Talant Dujshebaev sem er einn fremsti þjálfari heims.

Janus Daði [Smárason] er að spila frábærlega með Álaborg og bankar hressilega á dyrnar í miðjusveit liðsins, sérstaklega í ljósi meiðsla Gísla Þorgeirs [Kristjánssonar]. Bjarki Már [Elísson] hefur verið að spila vel með Lemgo og Arnór Þór [Gunnarsson] heldur uppteknum hætti með Bergischer,“ segir þessi reynslubolti.

„Þó svo að við eigum marga leikmenn í hæsta gæðaflokki þá er kannski mesta syndin hversu margir þeirra eru miðjumenn. Það væri óskandi að þessir hæfileikar hefðu dreifst betur yfir útilínuna. Það er áhyggjuefni að Ómar Ingi [Magnússon] hefur ekki náð að jafna sig af höfuðmeiðslunum sem hafa verið að plaga hann. Viggó [Kristjánsson] sló reyndar aðeins á þær áhyggjur með góðri frammistöðu í leikjunum gegn Svíum um daginn. Svo finnst mér vanta svolítið hávaxna skyttu með mikla skotógn en Kristján Örn [Kristjánsson] gæti alveg orðið sá leikmaður hjá okkur,“ segir Óskar.

„Við erum með þrjá öfluga varnarmenn, þá Ólaf Gústafsson, Arnar Frey [Arnarsson] og Daníel Þór [Ingason] sem eru að glíma við meiðsli. Í ljósi þess var gott að sjá hversu miklum framförum Sveinn [Jóhannesson] hefur tekið á tíma sínum hjá Sönderjyske. Hann myndaði gott teymi með Ými Erni [Gíslasyni] í þristunum og þeir lofuðu góðu í leikjunum við Svía. Hvað línustöðuna varðar þá stóð Kári Kristján [Kristjánsson] sig vel gegn Svíþjóð. Hann minnti hressilega á sig þar og getur verið gott vopn sóknarlega í vissum leikjum á Evrópumótinu,“ segir hann.

„Við erum með öflug yngri landslið sem stóðu sig vel á þeim mótum sem þau spiluðu á í sumar. Við náðum meira að segja að breikka hópinn í 20 ára landsliðinu sökum fjarveru lykilleikmanna þar og 2000 og 2002 árgangarnir stóðu sig vel. Mér finnst við þurfa að bæta við verkefnum hjá U-15 ára hópnum okkar og sjá til þess að B-landsliðið fari að minnsta kosti á eitt mót á hverju ári,“ segir hann um framtíðina. **hjorvar@frettabladid.is**

Varnarlína Liverpool ekki að sýna sitt rétta andlit á heimavelli

ENSKI BOLTINN Fara þarf aftur til lokaumferðar síðasta tímabils til að finna síðasta leikinn þar sem Liverpool tókst að halda hreinu á heimavelli sínum. Síðan þá hefur Liverpool leikið tíu leiki í öllum keppnum og hleypt inn sextán mörkum. Nú síðast tókst Napoli að finna leiðina fram hjá Alisson Becker í marki Liverpool í 1-1 jafntefli í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu en með sigri hefði Liverpool tekist að tryggja sér sæti í 16-liða úrslitunum. Þess í stað þurfa lærisveinar Jürgens Klopp að ferðast til Salzburg og ná í jafntefli hið minnsta gegn spútnikliði RB Salzburg sem hefur skorað sextán mörk í fimm leikjum í riðlinum til þessa.

Varnarleikur Liverpool gjörbreyttist til hins betra fyrir 23 mánuðum þegar Virgil van Dijk var keyptur fyrir metupphæð frá Southampton. Liðið tók annað skref í rétta átt þegar Alisson var keyptur frá Roma í sumar. Í 38 leikjum á síðasta tímabili í ensku úrvalsdeildinni hélt Alisson 21 sinni hreinu, þar af tólf sinnum á heimavelli. Þá tókst aðeins PSG að skora gegn Liverpool á Anfield á vegferð félagsins að Meistaradeildartitlinum í vor.

Á þessu tímabili hefur varnarleikur Liverpool ekki verið sá sami og hefur liðið aðeins haldið þrisvar hreinu í 22 leikjum í öllum keppnum. Þessir þrír leikir hafa allir farið fram á útivelli, tveir í úrvalsdeildinni gegn Burnley og Sheffield United og svo deildabikarleikur gegn MK Dons.

Staða Liverpool er afar vænleg, liðið er með átta stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og í efsta sæti E-riðils Meistaradeildar Evrópu en ljóst er að Jürgen Klopp þarf helst að finna lausn á vandræðum liðsins í varnarleiknum ef félagið ætlar að gera atlögu að öllum fjórum titlunum sem eru í boði. **– kpt**



Dries Mertens skorar mark Napoli á Anfield í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

bauhaus.is

BAUHAUS®

Black friday

Þú vilt ekki missa af svartasta degi ársins.

Frábær tilboð sem gilda allan daginn!

Opið frá 08:00–19:00

Í DAG ER BLACK FRIDAY!

Black friday
25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GÓLFEFNUM
MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Black friday
30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLALJÓSUM
MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



Black friday
25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PHILIPS HUE LÖMPUM OG LJÓSUM
MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is


Lottó
toppur
nettó
ICELANDAIR
Solla Eiríks
og Daði Freyr
Ólafur Örn
og Marta Carrasco
Eyjólfur Kristján
og Thelma Rut
Jón Viðar
og Malin Agla
Vala Eiríks
og Sigurður Már
Regína Ósk
og Max Petro
Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

Allir Geta Dansað

Vilborg Arna
og Javi Valino

Veigar Páll
og Ástrós

Haffi Haff
og Sophie Louise

Manuela Ósk
og Jón Eypór

BEIN ÚTSENDING
Í KVÖLD
Í OPINNI DAGSKRÁ

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. NÓVEMBER 2019 FÖSTUDAGUR



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Jóhann Sigurðsson

flugumferðarstjóri,
Víkurströnd 8, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeildinni í Kópavogi mánudaginn 25. nóvember.
Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 3. desember kl. 13.

Ingibjörg Steinunn Sigurðardóttir
Berglind María Jóhannsdóttir
Karen Bjarney Jóhannsdóttir
Steinunn Kristín Jóhannsdóttir
Sigurður Jóhann Jóhannsson
Ásgeir Kröyer
Ingvi Steinn Ólafsson
Ásgeir Jónasson
Hannah Pearl Conroy



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gyða Stefánsdóttir

sérkennari,
Þinghólsbraut 53, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 24. nóvember sl.
Útför verður auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

Guðný Jóna Þorbjörnsdóttir

frá Stöð, Stöðvarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 26. nóvember. Útförin auglýst síðar.

Börn, tengdabörn og afkomendur.



†

Okkar ástkæra

Karólína Eiríksdóttir

Eiðistorgi 13, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 12. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þakkir sendum við starfsfólki líknardeildar, HERU og heimahjúkrunar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Rafn Vídalín Friðriksson og Sóley Ösp Vilhjálmsdóttir



†

Elsku pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

Haukur Pálmason

fyrrverandi aðstoðarforstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, áður Rafmagnsveitu Reykjavíkur,

lést 24. nóvember.
Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 4. desember kl. 11.

Anna Soffía Hauksdóttir
Jóhannes Hauksson
Helga Hauksdóttir
Haukur Óskar
Margrét Aðalheiður
Hringur Ásgeir
Hildur Ylfa
Haukur Oddur
Urður
Inga Björg Hjaltadóttir
Hafþór Þorleifsson
Auður Tinna
Friðgeir Ingi
Ívar

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

OKið tileinkað unglingum

OKið nefnist nýtt upplifunarrými fyrir unglinga á aldrinum 12 til 16 ára, sem verður opnað á morgun, laugardag, í Gerðubergi. Það er hið eina sinnar tegundar hér á landi.

Hver einasti fermetri í OKinu er úthugsaður. Þar verður hægt að læra, skapa, fikta, eiga í samtali við aðra og einfaldlega hanga," segir Guðrún Baldvinsdóttir, verkefnastjóri OKsins, nýs upplifunarrýmis fyrir unglinga í 7. til 10. bekk, en ekki aðra aldurshópa. Rýmið er þar sem sýningarsalir Gerðubergs á efri hæðinni voru áður og verður opnað á morgun á vegum Borgarbókasafnsins. „Við verðum með svaka partí milli klukkan 18 og 20. Rapparinn Flóni verður á svæðinu og hæfileikabúnt úr Breiðholtinu með atriði," segir Guðrún og leynir ekki spenningnum.

En hvernig varð OKið til og hver var hvatinn að því? „Upphafið að framkvæmdinni má rekja til þess að við fengum hæsta styrk úr Barnamenningarsjóði í maí – og það hefur verið ansi mikið að gera síðan," segir hún glaðlega. Tekur fram að nafna hennar, Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, sé sýningarstjóri og hún hafi hannað rýmið ásamt þeim Emblu Vigfúsdóttur leikjahönnuði, Tinnu Ottesen leikmyndahönnuði og listakonunni Shu Yi. Svo hafi krakkar í Breiðholti komið á rýnihópafundi og allt hafi verið borið undir þau, bæði teikningar og hugmyndir.


Fyrirkomulag OKsins er að norskri fyrirmynd, að sögn Guðrúnar sem giskar á að margt muni koma unglingunum á óvart. „Verkefnið byggist á stafrænu skáldsögunni Norður eftir danska höfunda sem heita Camilla Hübbe og Rasmus Meisler og komu til Íslands 2016 til að skrifa bók. Þau voru frá upphafi í sambandi við okkur á Borgarbókasafninu og unnu bókina út frá íslenskri náttúru. Sagan byggir á norrænni goðafræði en er um loftslagsbreytingar eins og allt í dag. Bókin er opin á netinu og svo gefur Dimma bókaforlag hana út."

Guðrún segir hönnuðina hafa fengið innblástur úr sögunni Nord og láti hugmyndir úr henni lifna við í OKinu. Þeir sem ekki hafi lesið söguna muni þó ekki taka eftir þeim. „Það eru meiri kveikjur og vísbendingar en eitthvað beint úr sögunni," útskýrir hún og segir mikla tilraunamennsku og tækni einkenna staðinn. Til dæmis sé gagnvirk innsetning eftir Shu Yi. „Hún Shu Yi er búin að búa til ask Yggdrasils, bæði úr birki úr Heiðmörk og lifandi plöntum, svo varpar hún gögnum frá Veðurstofunni um breytingar á sjávarmáli og útblæstri koltvíoxíðs á Íslandi frá 1950 til dagsins í dag og birtir líka spár til 2050. Krakkar þurfa að vinna saman til að fá allar upplýsingar," lýsir Guðrún og tekur líka fram að í salnum sé einnig aðstaða fyrir sviðslistafólk.

Hún segir ákveðna áskorun fyrir starfsfólk Gerðubergs að laða til sín unglingana. „Þeir eru oft sá hópur sem við missum úr bókasafninu. En OKið verður tileinkað ungu fólki um ókomna tíð og þar verður unnið með ýmis þemu, ár í senn." **gun@frettabladid.is**



Guðrún Lilja, Hólmfríður Ólafsdóttir, Shu Yi, Guðrún Baldvinsdóttir og Embla Vigfúsdóttir hafa lagt fram krafta sína í OKið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Svona lítur OKið út á teikningu.



†

Okkar ástkæri

Guðmundur Steinn Magnússon

lést fimmtudaginn 14. nóvember á gjörgæsludeild LSH. Hjartans þakkir fyrir umönnunina á deildinni. Hjartans þakkir fyrir allar kveðjurnar og stuðninginn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Magnús G. Gunnarsson
Jóhann Þór
Steinunn G. Ástráðsdóttir
Þórdís Grímheiður
makar og börn.



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og einlægur vinur,

Árni Þ. Þorgrímsson

fv. flugumferðarstjóri,

sem lést þann 18. nóvember sl., verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 2. desember klukkan 13.

Helga Árnadóttir
Þorgrímur St. Árnason
Eiríka G. Árnadóttir
Ragnheiður Elín Árnadóttir
Árni Árnason
Ásdís María Óskarsdóttir
Þórður M. Kjartansson
Guðjón Ingi Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn
Emilía Ósk Guðjónsdóttir



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elsa Aðalsteinsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 18. nóvember.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á Eir fyrir umönnun og umhyggju.

Gylfi Skúlason
Anna Sigríður Skúladóttir
Svanlaug Inga Skúladóttir
Örn Viðar Skúlason
Aðalbjörg Baldursdóttir
Guðjón Ó. Magnússon
Guðni Arinbjarnar
Ásta Margrét Birgisdóttir
ömmu- og langömmubörn.



†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Jóna Guðjónsdóttir

frá Hesti í Önundarfirði,
Þúfubarði 10, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 17. nóvember. Útför Helgu fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 3. desember kl. 13.00.

Aðstandendur.

acer



ACE-NXH4BED003

CHROMEBOOK FARTÖLVA

59.995 › 39.995

-33% AFSLÁTTUR

ASUS



-21% AFSLÁTTUR

ASU-TURBORTX20606G

TURBO RTX 2060 6GB SKJÁKORT

62.995 › 49.995



-26% AFSLÁTTUR

COR-CA9011150EU

GAMING VOID HEYRNARTÓL

22.995 › 16.995

CORSAIR

SVARTUR FÖSTUDAGUR

RAZER™



-2.000 AFSLÁTTUR

RAZ-RZ0102010100R3G1

DEATHADDER ELITE LEIKJAMÚS

11.995 › 9.995

elgato



-33% AFSLÁTTUR

ELG-10GAM9901

CAM LINK 4K

23.995 › 15.995



-40.000 AFSLÁTTUR

ASU-UX391UAEA011T

ZENBOOK S FARTÖLVA

229.995 › 189.995

ASUS



-30.000 AFSLÁTTUR

ASU-XG258Q

24,5" ROG STRIX SKJÁR

89.995 › 59.995

ASUS



-29% AFSLÁTTUR

STE-64641

APEX 7 MEKANÍSKT LYKLABORÐ

27.995 › 19.995

steelseries



-30.000 AFSLÁTTUR

LG-32GK850F

32" QHD ULTRAGEAR TÖLVUSKJÁR

109.995 › 79.995

LG



-31% AFSLÁTTUR

ASU-TS10B004D

VIVOSTICK TS10 ÖRTÖLVA

28.995 › 19.995

ASUS



-50.000 AFSLÁTTUR

ASU-ZN242GDKCA028T

ZEN AIO SKJÁTÖLVA

219.995 › 169.995

ASUS

EPSON



-43% AFSLÁTTUR

EPS-ETM1120

ECOTANK ET-M1120 PRENTARI

34.995 › 19.995

TAKMARKAÐ MAGN! SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á TL.IS

tl.is

acer



ACE-NHQ5HED009

NITRO 7 LEIKJAFARTÖLVA

249.995 › 199.995

-50.000 AFSLÁTTUR



-28% AFSLÁTTUR

COR-CH9109018ND

K70 MEKANÍSKT LYKLABORÐ

28.995 › 20.995

CORSAIR

TÖLVU LISTINN

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1 °C | 2	-2 °C | 5	-1 °C | 3
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-2 °C | 4	-1 °C | 6	-7 °C | 3

Vestlæg eða breytileg átt 3-8 m/s. Léttskýjað, en þykknar upp um vestanvert landið með deginum. Að mestu skýjað og dálítil él eða slydduél norðan og vestan til, en áfram léttskýjað suðaustanlands. Frost 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum á Austurlandi, en frostlaust við vesturströndina yfir daginn.

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 4	1 °C | 9	3 °C | 8
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 4	0 °C | 4	-5 °C | 6

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 4	-1 °C | 2	-4 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 1	1 °C | 2	-2 °C | 4

LÉTT

	5			9		7	8	4
		2	8			6	9	
	9			5	7		3	
	1						2	
				4	8			9
	6		2		5	8		7
4	7		9			1		
6							4	8
1		5						

MIÐLUNGS

4	6		2			5		
						1		8
			8	5				
				1		7	9	5
8		6			9	4		
1	7			3		8		
7	4	2	5				8	
	8					3	5	
					7		6	


ÞUNG

5		1	8		2		3	
	7	9	1				5	
2								1
		6		2				9
				5				
1	4							2
	8		2				1	
		2			5			
6		5	3	7		9		

Krossgáta

LÁRÉTT
1 afbaka
5 umfram
6 íþróttafélag
8 pára
10 berist til
11 kuldaþel
12 hróp
13 spíra
15 ávöxtur
17 hestasjúkdómur

LÓÐRÉTT
1 ófrægja
2 planta
3 mjaka
4 afhending
7 skekkjast
9 skima
12 snjóelgur
14 þar til
16 bardagi



LÁRÉTT: 1 bjalga, 5 auk, 6 fh, 8 krassa, 10 bt, 11 kal, 12 kall, 13 turn, 15 ananas, 17 spatt.
LÓÐRÉTT: 1 bakbita, 2 jurt, 3 aka, 4 afsal, 7 hallast, 9 skanna, 12 krap, 14 uns, 16 at.

Skák

Gunnar Björnsson

Lombardy átti leik gegn Kramer í New York árið 1957.

1. Bc6! Dxc6? (1. ... Dxa3 2. Hxa3 og lið fellur). **2. Dxf8+! Kxf8 3. He8# 1-0.** Ísey skyr skákhátíðinni lauk í gær á Selfossi. Ítarlega umfjöllun verður að finna í dag á skak.is.

www.skak.is: Skákhátíð á Selfossi.

Hvítur á leik



1	4	7	2	6	8	3	5	9
8	2	5	9	3	7	1	6	4
9	3	6	4	5	1	8	7	2
2	8	4	1	9	5	7	3	6
3	5	9	6	7	4	2	8	1
6	7	1	3	8	2	9	4	5
4	9	8	5	1	3	6	2	7
7	6	2	8	4	9	5	1	3
5	1	3	7	2	6	4	9	8

1	4	8	2	5	6	3	9	7
6	2	7	4	3	9	5	8	1
9	3	5	7	8	1	2	4	6
7	6	2	1	9	5	4	3	8
8	5	1	3	2	4	6	7	9
3	9	4	8	6	7	1	5	2
2	8	9	5	1	3	7	6	4
4	1	3	6	7	8	9	2	5
5	7	6	9	4	2	8	1	3

2	5	8	3	6	9	4	7	1
9	1	6	8	4	7	5	2	3
3	7	4	5	1	2	6	8	9
4	2	9	6	3	8	7	1	5
5	6	7	1	9	4	2	3	8
8	3	1	2	7	5	9	4	6
1	4	3	9	2	6	8	5	7
6	8	2	7	5	1	3	9	4
7	9	5	4	8	3	1	6	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ
er helgarblaðið



Eitruð ást móður og sonar

Mæðginin **Hulda Fríða Berndsen** og **Mikael Torfason** horfðu bæði á feður sína drekka sig í hel og það var ekki fyrr en Hulda, laus undan oki Jehóva, braut múra meðvirkninnar að Mikael fann mömmu sína.

Mætti andúð þegar hún sagði frá



„Áreitnin var ekki í lagi. Stuðningsleysið var ekki í lagi. Skautafélagið brást mér algjörlega og önnur stuðningsfélög líka og nú ÍSÍ sem vill þagga málið niður en ekki leiðrétta það eða veita mér stuðning," segir **Emilía Rós Ómarsdóttir** listskautari sem mætti andúð þegar hún greindi frá áreitni yfirþjálfara síns fyrir rúmu ári.

Fæst við flugvélasmíði



Tómasi Waage veggfóðrarameistara er margt til lista lagt. Mynd af Björk, gerð úr gólfdúk, og snoturt dráttarvélarhús úr eigin hjónarúmi og nágrannanna eru til merkis um það. Nú fæst hann við flugvélasmíði.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BLACK friday

ALLT AÐ

70%

AF VÖLDUM VÖRUM

30%

AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM

Frí heimsending í netverslun ef verslað er fyrir 4.900 krónur eða meira. Verið velkomin í verslun okkar í Smáralind, **tilboðin gilda út mánudaginn 2. desember** eða á meðan birgðir endast.

panduro®

draumaverslun föndrarans

Smáralind

Sálumessan öll

Óperukórinn flytur sálumessur Mozarts og Verdis undir stjórn Garðars Cortes. Hann stefnir síðan saman kórum eldri borgara.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það verður mikið að gera hjá Garðari Cortes og félögum í næstu viku.

Sálumessur Mozarts og Verdis verða fluttar af Óperukórnum í Reykjavík, Sinfóníuhljómsveit og einsöngvurum undir stjórn Garðars. Requiem Verdis verður í Norðurljósasal Hörpu, þriðjudaginn 3. desember klukkan 19.30. Requiem Mozarts verður flutt á miðvikudag, 4. desember, í Langholtskirkju. Húsið verður opið frá 23.50 og tónleikarnir hefjast 00.30.

„Óperukórinn hefur í mörg ár flutt Requiem Mozarts upp úr miðnætti, á dánarstundu tónskáldsins. Þannig viljum við heiðra minningu Mozarts og sömuleiðis þeirra tónlistarmanna íslenskra, sem fallið hafa frá á árinu. Við gerum þetta á hverju ári, lesum upp nöfn látinna og kveikjum á kerti í minningu hvers og eins," segir Garðar Cortes.

Handbragð Mozarts

Nokkur breyting er nú á flutningnum frá fyrri árum. „Öll þessi ár höfum við sleppt þremur köflum úr Sálumessunni: Sanctus, Benedictus og Agnus Dei. Ástæðan er sú að álitið hefur verið að Mozart hafi ekki komið nálægt því að semja þá heldur séu þeir verk nemanda hans, Süssmayr. Ég hef verið að lesa mér til og sé að bent er á að handbragð Mozarts sé að finna í öllum köflunum. Þessir kaflar halda sér því núna og er þetta í fyrsta sinn sem við flytjum messuna alla," segir Garðar.

Um Sálumessu Verdis segir Garðar: „Þegar tónskáldið Rossini dó fékk Verdi ýmis fræg ítölsk tónskáld í lið með sér til að setja saman messu tileinkaða Rossini. Sjálfur samdi Verdi síðasta kaflann. Þessa messu átti að flytja ári seinna en þegar til kom reis upp ágreiningur meðal tónskáldanna. Messan var lögð til hliðar og gleymdist. Hún fannst svo ekki fyrr en fyrir einhverjum árum. Þegar ljóðskáldið Alessandro Manzoni dó ákvað Verdi að búa til sálumessu fyrir hann og notaði sinn hluta úr messunni um Rossini sem uppistöðu. Þannig varð Verdi-sálumessan til."

> **ÞESSIR KAFLAR HALDA SÉR ÞVÍ NÚNA OG ER ÞETTA Í FYRSTA SINN SEM VIÐ FLYTJUM MESSUNA ALLA.**

> **VIÐ GERUM ÞETTA Á HVERJU ÁRI, LESUM UPP NÖFN LÁTINNA OG KVEIKJUM Á KERTI Í MINNINGU HVERS OG EINS.**

Óperukórinn er ekki eini kórinn sem Garðar mun stjórna á næstunni því hann stjórnar Karlakór Kópavogs, sem verður með jólatónleika sunnudaginn 8. desember í Digraneskirkju klukkan 17.00. Þá hefur Garðar stefnt saman kórum eldri borgara af höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Selfossi og Akranesi. Þeir koma saman á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu, sunnudaginn 1. desember, klukkan 16.00. „Þarna verða 300 eldri borgarar á sviði og munu stilla saman lúna strengi, rifja upp gömlu uppáhaldslögin og syngja af hjartans list í þessu nýreista söngmusteri allra íslenskra listamanna hver sem kennitalan kann að vera. Þetta verður frábær upplifun fyrir alla," segir Garðar.



Það er sannarlega nóg að gera hjá Garðari Cortes við kórstjórn á aðventunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spegill tíðaranda

BÆKUR

Halldór Ásgrímsson, ævisaga

★★★☆☆


Guðjón Friðriksson

Útgefandi: Mál og menning/Forlagið
Fjöldi síðna: 668

Ævisaga Halldórs Ásgrímssonar, eftir Guðjón Friðriksson sagnfræðing er komin út hjá Máli og menningu. Eins og við er að búast af höfundi er það mikið rit og ríkulega myndskreytt. Fyrir utan að vera merkur fræðimaður í sinni grein er Guðjón Friðriksson prýðilega ritfær og lesturinn er því fremur átakalaus. Á sömu lund verður lesandinn að nálgast ritið með það í huga að höfundur þess er sagnfræðingur og heldur þar til haga fjölmörgum staðreyndum og upplýsingum sem eru fróðlegar, en ekki öldungis nauðsynlegar til að draga upp mynd af viðfangsefninu. Öðrum þræði er bókin spegill þess tíðaranda þegar Halldór var uppi og fléttar höfundur inn atriðum úr samtímanum sem rifjast upp fyrir þeim lesendum sem komnir eru yfir miðjan aldur og rámar í sitthvað af því sem þar er lýst.

Í upphafi er lýst í bókinni því fólki sem að Halldóri stóð, uppruna hans og æsku á Vopnafirði. Kaupfélagsstjóranum og þingmanninum, afa Halldórs og nafna og ömmu Halldórs, Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, er lýst og farið um þau lofsamlegum orðum eins og reyndar á við um flest skyldmenni Halldórs sem við sögu koma. Föður Halldórs, Ásgrími, eru gerð vinsamleg skil og sama á við um Guðrúnu Ingólfsdóttur, móður Halldórs, og systkin.

Tengsl þessa fólks við Framsóknarflokkinn og kaupfélögin í landinu eru sem rauður þráður í gegnum fyrri hluta bókarinnar og blasir við lesandanum að uppeldi Halldórs og aðstæður allar leiddu til þess að hann fetaði þá braut sem síðar varð, þó hann hafi ekki stefnt að því upphaflega.



Í bókinni er vikið að átökum og deilum innan Framsóknarflokksins á ýmsum tímum og ætti sá hluti bókarinnar að milda áhuga þeirra sem hafa áhuga á frama í pólitík.

Einn merkasti hluti bókarinnar er sá sem fjallar um setu Halldórs í stóli sjávarútvegsráðherra. Í hans tíð var lögum um fiskveiðistjórnun breytt og kvótakerfi tekið upp. Það gekk ekki átakalaust og bókin lýsir snerrum sem Halldór tók um málefni sjávarútvegs, allt frá hagsmunum smábátaeigenda til fjölþjóðlegrar hvalveiðideilu.

Ævi Halldórs er um margt merkileg. Hann var nálægur eða beinlínis þátttakandi í mörgum málum sem áttu sinn þátt í að færa íslenskt samfélag í það horf sem við sem nú lifum þekkjum og teljum sjálfsagt. Lýsingar á aðdraganda og framvindu mála munu mörgum þykja fróðlegar og ýmsu er þar haldið til haga sem ýmist er gleymt eða ekki var vitað. Bókin verður því að einhverju leyti heimild um þessa tíma þegar fram líða stundir. Nægir þar að nefna einkavæðingu ríkisfyrirtækja á borð við Íslenska aðalverktaka, málefni Pósts og síma, einkavæðingu ríkisbanka og fleira.

Í heild verður að segja að bókin er löng og ítarleg og því skýtur upp hvort ekki hefði mátt gera hana úr garði þannig að ítarlegum lýsingum og ummælum væri sleppt eða styttar verulega án tjóns. Lætur að þessu leyti nærri að hún sé fremur sagnfræðirit þó það kunni ekki að hafa verið ætlan höfundar. **Jón Þórisson**

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð ævisaga en virkar stundum fremur sem sagnfræðirit en ævisaga.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

BRAUN 25%

bodum 25%

15%
OFN
944 188 169
AEG

110.000 kr. afsl.
SAMSUNG
VERÐ ÁÐUR 359.900,-
NÚ 249.900,-
Q70 QLED 2019
65"
SAQE65Q70RATXXC

25%
949 597 378
AEG HELLUBORÐ

55" VERÐ ÁÐUR 259.900,- NÚ 179.910,-

75" VERÐ ÁÐUR 519.900,- NÚ 415.920,-

SAMSUNG
ÞVOTTAVÉLAR
AWW80J5426EW/EE
VERÐ EGO BUBBLE 7KG ÁÐUR 74.900,- NÚ 59.920,-
EGO BUBBLE 8 KG VERÐ ÁÐUR 79.900,- NÚ 63.920,-
SAWW70J5486MW/EE

SAMSUNG
KÆLISKÁPAR
USA HVÍTUR VERÐ ÁÐUR 189.900,- NÚ 149.641,-
21,20%
SARS50N3403WW/EE
SARB3VRS100SA/EE
SARB3VRS100WW/EE
30%
STÁL VERÐ ÁÐUR 104.900,- NÚ 73.430,-
HVÍTUR VERÐ ÁÐUR 99.900,- NÚ 69.930,-

AEG
ÞVOTTAVÉL
HT914 913 404
AEG
ÞURRKARI
VERÐ ÁÐUR 109.900,- NÚ 93.415,-
7KG 1200SN VERÐ ÁÐUR 99.900,- NÚ 84.915,-
HT916 098 539

SAMSUNG
VERÐ HÁFUR ÁÐUR 119.900,- NÚ 79.900,-

AEG
SKAFT RYKSUGA
30%

NIVONA
BAUNA 20%
KAFFIVÉLAR

Tefal
POTTAR OG PÖNNUR 30%

staub
ELDFÖST MÓT
40%

25%
SAHW-Q96R/XE
SOUNDBAR Q96R ATMOS
SOUNDBAR
VERÐ ÁÐUR 199.900,- NÚ 149.925,-

brabantia
20%

EKKI MISSA AF STÆRSTU TILBOÐSVEISLU ÁRSINS !

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
Greiðslukjör

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





Hið myndræna hefur ratað í bækurnar, segir Steinunn G. Helgadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hinn góði endir sögupersónu

Ný skáldsaga Steinunnar G. Helgadóttur er Sterkasta kona í heimi. Blandar saman léttleika og harmi í sögu um systkini.

Skáldsagan Sterkasta kona í heimi eftir Steinunni G. Helgadóttur fjallar um systkinin Gunnhildi og Eið sem eru mjög samrýmd en fara ólíkar leiðir í lífinu. Eiður verður friðsamur hugsjónamaður en Gunnhildur, sem býr yfir líkamlegum ofurkröftum, verður vinsæll líksnyrtir.

Spurð af hverju hún hafi ákveðið að skrifa bók um konu sem býr yfir líkamlegum ofurstyrk segir Steinunn: „Ég hef alltaf verið spennt fyrir öllum sem gera eitthvað sem á að vera ómögulegt. Á tímabili var ég mjög upptekin af Houdini en svo sá ég heimildarmyndina um Reyni sterka Leósson og skildi hvað þessi karl var lítið spennandi í samanburði við Reyni. Um kvöldið skrifaði ég fyrstu setninguna í bókinni og ákvað að söguhetjan yrði kona. Það breytti öllu, því kona með ofurkrafta notar þá öðru vísi en karl með ofurkrafta og hún lærir fljótt að vera ekki að flíka þeim.

Gunnhildur og Eiður alast upp við fremur erfiðar aðstæður og eru aðskilin þegar móðir þeirra deyr. Umhverfið ætlast til að þau séu á ákveðinn hátt en hvorugt passar í þau form. Hann, þessi friðarins maður sem hann er, verður forsprakki í tætingslegum hópi aðgerðasinna, fyrst og fremst kannski vegna þess að hann er mjög vel máli farinn og lítur vel út. Hún verður líksnyrtir vegna þess að hún vill að allar sögur endi vel. Það er sama hvað hefur gengið á í lífi þeirra einstaklinga sem hún snyrtir, hún sér til þess að endirinn verður góður.“

Flökkusögur dagsins

Í bókinni kynnist lesandinn sögu þeirra látnu einstaklinga sem Gunnhildur snyrtir. „Þær sögur hugsa ég sem flökkusögur dagsins í dag en ýki þær nokkuð. Það dembast yfir okkur fréttir og upplýsingar af öllu tagi og maður reynir að skoða málin betur en kemst sjaldan til botns í þeim, það getur verið erfitt að sjá hvað er satt og hvað er lygi. Allt er svo mikið á yfirborðinu og oft verður maður bara að láta sér nægja að hafa gaman af því sem flýtur þar.“

Í bókinni blandar Steinunn saman léttleika og því harmræna. „Svona er lífið og það er erfitt að lýsa því öðru vísi,“ segir hún og bætir við: „Talandi um Houdini, þá virðist líf hans hvorki hafa verið neitt sérstaklega fyndið né harmrænt og því óttalega ómerkilegt miðað við líf Reynis sterka þar sem við höfum gríska harmleik í gúmmískóm og lopapeysu. Þar er alvöru harmur en það er samt margt fyndið í þeirri sögu.“

Myndræn sýn

Steinunn, sem er bæði rithöfundur og myndlistarkona, er spurð hvort hin myndræna sýn hljóti ekki að endurspeglast í bókum hennar. „Jú, og ég átta mig æ betur á því. Facebook rifjar stundum upp gömul verk sem ég hef gert í myndlist og þá sé ég að þar hef ég verið að vinna mikið með orð og setningar, stundum klætt heilu rýmin með þeim og látið sýningargestum eftir að skapa myndirnar innra með sér. Hið myndræna hefur svo ratað í bækurnar og er þar sterkur þáttur.“

KONA MEÐ OFURKRAFTA NOTAR ÞÁ ÖÐRU VÍSI EN KARL MEÐ OFURKRAFTA OG HÚN LÆRIR FLJÓTT AÐ VERA EKKI AÐ FLÍKA ÞEIM.

Stórskáldið kom með lausnina

Nú á dögunum kom út mappa með plakötum af kápum sígildra íslenskra bóka á vegum útgáfunnar Crymogeu. Sögur á vegg, eins og mappan heitir, inniheldur átta bókarkápur í stærðinni A4 sem henta til að setja í ramma eða hengja vafningalaust á vegg. Ein af kápunum er af Dalalífi Guðrúnar frá Lundi. Dalalíf var fyrsta útgefna verk Guðrúnar og kom út árið 1946 þegar Guðrún var 59 ára. Á næstu árum kom út eitt bindi á ári uns þau urðu fimm. Öll bindin skarta sömu kápumynd. Þeir sem haldið hafa nafni Guðrúnar á lofti, erfingjar hennar og fræðimenn, hafa hins vegar ekki verið vissir um hver höfundur þessarar myndar er. Ákveðið var hins vegar að hafa kápuna á Dalalífi með í pakkanum í von um að það yrði til að varpa ljósi á málin.


Eftir umfjöllun í fjölmiðlum þar sem skorað var á þá sem hefðu vitneskju um málið að setja sig í samband við útgáfuna kom lausnin á gátunni smám saman í ljós. Um miðjan 5. áratuginn voru tveir upprennandi listamenn, báðir fæddir og uppaldir á Sauðárkróki, komnir til Reykjavíkur til að afla sér menntunar, þeir Hannes Pétursson skáld og Jóhannes Geir listmálari. Hannes hefur staðfest að Jóhannes Geir hafi sagt sér þá að hann hefði málað myndina framan á Dalalífi. Bróðir Jóhannesar, Stefán Jónsson, auglýsingateiknari og arkitekt, rak teiknistofu í Reykjavík um þetta leyti og Jóhannes fékk stundum verkefni hjá bróður sínum og segir Hannes að þannig hafi þetta komið til.



Bækur Guðrúnar frá Lundi njóta enn vinsælda meðal þjóðarinnar.

Hannes hefur staðfest að Jóhannes Geir hafi sagt sér þá að hann hefði málað myndina framan á Dalalífi.

Jóhannes Geir fæddist 1927 og lést 2003. Hann var aðeins 19 ára þegar hann gerði kápumyndina og hafði vart hafið formlegt listnám en sama ár og Dalalíf kom út, 1946, hóf hann nám í Handíða- og myndlistaskólanum. Jóhannes Geir var einkum kunnur á seinni árum fyrir málverk sín af atburðum Sturlungu. Er augljós svipur með þeim verkum og Dalalífskápunni. – kb



Hannes Pétursson skáld.

VOXEN

VOXEN.IS
TÍSKUVÖRUVERSLUN FYRIR KONUR
Í STÆRÐUM 14-32 / 42-60

20-40% afsláttur
af öllum vörum í verslun og á vefverslun voxen.is

Föstudag til mánudags

VOXEN

Black
Friday
Weekend

Black Friday Weekend opnunartími

Föstudagur	11-18
Laugardagur	11-16
Sunnudagur	11-16
Mánudagur	11-18

VOXEN.IS • ÁRMÚLI 15 • Sími 552 2230

Veganvörur
á góðu verði í Bónus

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



898 kr./227 g

Beyond Meat Veganborgarar
Frosnir, 2 stk., 227 g



298 kr./300 g

Anamma Veganvörur
Bollur, hakk og snitsel, frosið, 300 g



298 kr./450 g

Ardo Blómkáls Grjón
Frosið, 450 g

NÝTT Í BÓNUS



498 kr./350 g

Anamma Vegan Pizza
2 teg., 350 g



259 kr./190 g

Anamma Vegan Pizza
2 teg., 190 g



159 kr./100 g

ES Valhnetukjarnar, 100 g
ES Möndlur, 100 g
ES Heslihnetur, 100 g

Kerti og karamellur
í jólakransinn



1kg

979 kr./1 kg

Walkers Karamellur
1 kg



359 kr./stk.

Bic Mega-Lighter
Kveikjari



998 kr./pk.

Energizer Max Rafhlöður
AA eða AAA, 20 stk.

Brunatími
4-5 klst.



195 kr./2 stk.

Hansa Útikerti
2 stk.

Brunatími allt að
36 klst.



139 kr./stk.

Hansa Leiðiskerti
með loki



198 kr./stk.

Kubbakerti
10x6 cm, rautt eða hvítt.



298 kr./stk.

Kubbakerti
10x7 cm, rautt eða hvítt.



398 kr./stk.

Kubbakerti
15x7 cm, rautt eða hvítt.

Verð gildir til og með **1. desember** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

STJÖRNU GRÍS

Purusteik



1.298 kr./kg

SG Grísapurusteik
Úr síðu, ferskt



2.998 kr./kg

ÍL Hátíðar Hangikjöt
Birkireykt, úrbeinað

SAMA VERÐ UM LAND ALLT



Nýtt
3 tegundir

1.598 kr./kg

ÍL Veislu Lambalæri
Ferskt og kryddað, 3 tegundir



279 kr./400 g

KW Pipardropar
400 g



279 kr./400 g

Bónus Piparkökur
400 g



198 kr./200 g

Gunz Kókostoppar
200 g



225kr.
flaskan

898 kr./pk.

Coca-Cola og Coca-Cola Zero
Kippa, 4 x 2 lítrar



98 kr./500 ml

UpGrade Íþróttadrykkur
500 ml, 4 teg.



159 kr./330 ml

Egils Malt og Appelsín
330 ml



Kók í gleri

129 kr./330 ml

Coca-Cola í gleri
venjulegt og Zero, 330 ml

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Far niður ... fjandans limur

TÓNLEIKAR

★★★½☆

Verk eftir Hjalta Nordal, Þorkel Nordal og Jón Nordal

Hallgrímskirkja
Sunnudaginn 24. nóvember

Flytjendur: Dómkórinn í Reykjavík, Björn Steinar Sólbergsson, Frank Aarnink, Hávarður Tryggvason, Inga Rós Ingólfsdóttir og Tinna Þorsteinsdóttir
Einsöngvarar: Harpa Ósk Björnsdóttir og Jón Svavar Jósefsson
Stjórnandi: Kári Þormar

Særingamaðurinn, The Exorcist, er ein magnaðasta hrollvekja allra tíma. Á Netflix er að finna heimildarmynd eftir sama leikstjóra, William Friedkin, sem fjallar um raunverulegar andasæringar. Þær virðast talsvert saklausari en í skáldskapnum og eru að minnsta kosti mjög frábrugðnar Umbót eftir Hjalta Nordal, en verkið var flutt í Hallgrímskirkju á sunnudaginn. Umbót byggir á einhverju orðljótasta særingakvæði sem um getur, Snjáfjallavísum hinum síðari. Jón lærði Guðmundsson orti þær í viðureign við einstaklega illskeyttan draug. Kvæðið samanstendur af formælingum: „Far niður, fýla, fjandans limur og grýla ... Fúll fjandans bolur ...“


Hjalti og Þorkell Nordal.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Of einsleitt

Tónlistin var flutt af Dómkórnum og nokkrum hljóðfæraleikurum, en Kári Þormar stjórnaði. Í takt við kvæðið var músíkin brjálæðisleg, ómstríð og fráhrindandi. Auðvitað er ekkert að því, listaverk eiga síður en svo að vera alltaf sæt og huggu-leg. Vandamálið hér var að ekkert gerðist annað en skrækir í kórnum og barsmíðar hljóðfæraleikaranna, án merkjanlegrar stígandi. Fyrir bragðið var tónlistin aðeins hávaði, það vantaði í hana einhvers konar framvindu og dýpt. Hún var of einsleit. Þess ber þó að geta að Hjalti, sem er ungur að árum, er enn að læra, og krafturinn í tónmálinu bendir að minnsta kosti til þess að hann sé efnilegt tónskáld.

Heillandi dulúð

Þorkell Nordal átti hina tónsmíðina fyrir hlé. Hún bar nafnið Orðfæri, og var mun skáldlegri en hin fyrri. Sveimkennt andrúmsloft í upphafi var grípandi, og orð á stangli sem ómuðu eins og úr fjarlægð, voru heillandi dulúðug. Kaflar verksins voru fjórir, og í síðustu tveimur söng kórinn meira „hefðbundið“. Það var ekki alveg eins spennandi, laglínurnar voru aldrei það bitastæðar að tónlistin kæmist á flug. Helsti galli verksins var samt að organistinn, Björn Steinar Sólbergsson, þurfti að gefa kórnum tóninn í byrjun kafla þrjú og fjögur, sem eyðilagði stemninguna. Af hverju gat Þorkell ekki bara samið millispil sem hefði tengt kaflana betur og verið tóngjöf í leiðinni?

Í ágætu jafnvægi

Eftir hlé var komið að Jóni Nordal, afa tónskáldanna á fyrri hluta tónleikanna. Fluttir voru Óttusöngvar að vori. Meginuppistaðan í textanum er Sólhjartarljóð eftir Matthías Johannessen, sem er innblásið af Sólarljóðum, en einnig kemur hefðbundinn kaþólskur messutexti við sögu. Óttusöngvar eru sá hluti tíðabæna sem beðnar eru snemma morguns, og eftir því er tónlistin full af andakt og helgi. Hún er mjög víðfeðm, allt frá dökkum ómstríðum yfir í dáleiðandi hendingar, ákaflega fagrar. Hér loksins gat Dómkórinn sýnt hvað í honum býr, söngurinn var í ágætu jafnvægi, tær og þéttur, tilfinningaþunginn og innilegur. Einsöngvararnir, þau Harpa Ósk Björnsdóttir sópran og Jón Svavar Jósefsson kontratenór, stóðu sig prýðilega, frammistaða þeirra var örugg og markviss í hvívetna. Hljóðfæraleikurinn var sömuleiðis snyrtilegur og heildarmyndin sterk. Bravó.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Tónlistin var misáhugaverð, verk Jóns Nordal stóð upp úr.



Ljósaskiltið Velkomin er verk eftir Katrínu I. Jónsdóttur Hjördísardóttur.

Ljósabasar Nýlistasafnsins

Í desember taka fulltrúar Nýlistasafnsins höndum saman og efna til listaverkabasars í Nýlistasafninu þar sem listaverk yfir 50 listamanna verða til sölu. Verkin eru jafn fjölbreytileg og þau eru mörg en eiga það öll sameiginlegt að tengjast ljósi á skapandi hátt: Verk um ljós, verk sem lýsa, ljósainnsetningar, neonljós, kertaljós, ljósmyndir, huglæg ljós og áfram má telja. Markmiðið er að lýsa upp skammdegið.

Basarinn fer fram í húsakynnum Nýlistasafnsins í Marshallhúsinu dagana 1.–22. desember. Fjölbreyttir viðburðir fyrir fólk á öllum aldri verða haldnir á meðan á basarnum stendur, meðal annars bókakynning, föndurvinnustofur fyrir yngstu kynslóðina og vínylhlustunarpartí.

Ljósabasar Nýló er fjáröflunarviðburður til stuðnings Nýlistasafninu. Nýlistasafnið, eða Nýló eins og safnið er nefnt í daglegu tali, er listamannarekið safn og sýningarrými. Markmið Nýló er að varðveita og sýna samtímalist og vera vettvangur fyrir tilraunir og alþjóðlega umræðu um myndlist. Nýló hefur verið einn helsti vettvangur fyrir samtímalist á Íslandi og á einstakt safn verka eftir íslenska og alþjóðlega listamenn frá sjötta áratugnum til dagsins í dag. **– kb**



ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR

BLACK FRIDAY

Á STEMA BASIC 750

Stema Basic 750

99.999 kr.

~~134.900~~

Ásafl er umboðs- og þjónustuaðili Stema á Íslandi

Kíktu við!

netgíró

Ásafl ehf.
Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði
Sími: 562 3833
Opið 8:30 – 17 virka daga
asafl@asafl.is

ÁSAFL
asafl.is


Sívinsæl Aðventa Gunnars



Þessi bók Gunnars er því til í dag á um 20 tungumálum og selst enn vel.

Saga Gunnars Gunnarssonar um eftirleitir Benedikts og fylgdarliðs hans á öræfum uppi hefur fylgt þjóðinni í 80 ár. Aðventa er bók sem kemur inn á metsölulistana ár hvert í desember og er gefin út á nýjum tungumálum enn þann dag í dag. Nú nýverið kom bókin út í Frakklandi hjá Zulma forlaginu sem gefur meðal annars út Auði Övu Ólafsdóttur, Andra Snæ Magnason og Einar Má Guðmundsson. Þessi bók Gunnars er því til í dag á um 20 tungumálum og selst enn vel en hún kom fyrst út árið 1936.

Það er orðin hefð að lesa Aðventu upphátt víða um land í desember og hefur sá siður teygt sig til annarra landa. Í sendiráði Íslands í Berlín verður hún til að mynda lesin 3. desember á þýsku. En hér heima ríður Ferðafélag Akureyrar á vaðið með upplestur 1. desember. Þá munu fjórir lesarar skipta með sér lestri á sögunni að Strandgötu 23 á Akureyri og hefst lesturinn kl. 14. Gunnarsstofnun og Rithöfundasamband Íslands fylgja svo í kjölfarið viku síðar, 8. desember, með lestri í húsum skáldsins að Skriðuklaustri í Fljótsdal og Dyngjuvegi 8 í Reykjavík. Að þessu sinni mun Gunnar Björn Gunnarsson, afkomandi skáldsins, lesa á Dyngjuvegi en fyrir austan verður það Benedikt Karl Gröndal, leikari sem les. Á báðum stöðum hefst lesturinn kl. 13.30.



Þessi mynd eftir Eyborgu Guðmundsdóttur verður á uppboðinu.

Tvöfalt listmunauppboð

Fold uppboðshús stendur fyrir tvöföldu listmunauppboði mánudaginn og þriðjudaginn 2. og 3. desember. Uppboðin hefjast kl. 18 báða dagana en um 200 verk verða boðin upp. Sýning á verkunum stendur yfir í húsnæði Gallerísins við Rauðarárstíg.

Að þessu sinni ber til tíðinda að stórt olíumálverk eftir Georg Guðna frá 2001 verður boðið upp en afar sjaldgæft er að verk eftir þennan eftirsótta listamann séu boðin til sölu. Þá verður boðið upp verk eftir annan eftirsóttan myndlistarmann sem kemur nær aldrei í sölu, strangflatarabstraktmynd eftir Eyborgu Guðmundsdóttur en yfirlitssýning á verkum hennar var sett upp á Kjarvalsstöðum fyrr á þessu ári og vakti mikla athygli.

Mikill fjöldi annarra abstraktverka er boðinn upp og þar á meðal tvö glæsileg verk eftir Braga Ásgeirsson, annað frá 1957 en hitt frá 2007, ásamt verkum eftir Karl Kvaran, Óla G. Jóhannsson, Jón Engilberts og Svavar Guðnason svo eitthvað sé nefnt.

Frumherjar íslenskrar myndlistar eiga sinn sess á uppboðinu en boðin verða upp fín verk eftir þá. Má þar nefna vatnslitamynd frá Suðursveit eftir Ásgrím Jónsson frá 1907, glæsilega mynd af fólki í lautarferð eftir Þorvald Skúlason, mynd frá Akureyri eftir Kristínu Jónsdóttur auk verka eftir Jóhann Briem og Gunnlaug Blöndal. Þá verða boðin upp sex verk eftir Jóhannes Kjarval.

Boðin verða upp nokkur verk eftir Karólínu Lárusdóttur, Hring Jóhannesson, Barböru Árnason og stórt olíumálverk eftir Jónas Viðar, einnig Hafstein Austmann en sex verk verða boðin upp eftir hann, þar á meðal stór og einkar glæsileg abstraktmynd.

Einnig verða boðin upp verk eftir starfandi listamenn og má þar nefna Þorra Hringsson, Huldu Vilhjálmsdóttur, Harald Bilson, Pétur Gaut, Soffíu Sæmundsdóttur og Jakob Veigar.



Kristján Þórður Hrafnsson hefur lengi verið heillaður af kveðskap Jóns Helgasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Eins og falleg íslensk vetrarbirta

Dagskrá á sunnudag í tilefni af nýrri útgáfu á ljóðasafni Jóns Helgasonar sem hefði orðið 120 ára í ár. Kristján Þórður Hrafnsson ræðir þar um braglist Jóns.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Jónsvaka Helgasonar verður haldin í Veröld – húsi Vigdísar nú á sunnudag, 1. desember, kl. 14.00. Tilefnið er ný útgáfa af ljóðasafni hans og að 120 ár eru liðin frá fæðingu þessa merka skálds og fræðimanns. Kristján Þórður Hrafnsson, Bergsveinn Birgisson, Sigríður Halldórsdóttir og Þórunn Björnsdóttir munu ræða um Jón, skáldskap hans og fræði. Hljómsveitin Hundur í óskilum leikur lög við texta Jóns.

Kristján Þórður mun tala um braglist Jóns. „Hann er að mínu viti einn mesti bragsnillingur íslenskrar tungu. Það sem mér finnst sérstaklega heillandi er hvernig hann notar þríliðinn, það er að segja braglið sem er þrjú atkvæði og yrkir þannig langar ljóðlínur eins og í kvæðinu Í Árnasafni. Mér finnst líka mjög hrífandi hvernig hann notar þríliðinn í sonnettum, bæði frumortum sonnettum og líka sonnettum sem hann þýðir. Þá lætur hann stundum skiptast á í sömu ljóðlínunni tvíliði og þríliði. Bragsnilld Jóns gefur kvæðum hans kliðmýkt og áhrifamikinn hljóm.

Hið kjarnmikla orðfæri Jóns er líka afar heillandi. Hugsunin er meitluð og skörp og myndmálið mjög skýrt. Mér finnst ljóð Jóns stundum vera eins og falleg íslensk vetrarbirta.“



Jón Helgason skáld og fræðimaður.

> **HONUM ER LÍKA MJÖG HUGLEIKIÐ HIÐ INNRA LÍF MANNESKJUNAR, ÞAÐ SEM LIFIR Í HUGA MANNESKJUNNAR ÞÓTT MARGT BREYTIST.**

Hryggð yfir hverfulleika

Spurður um inntak kvæðanna segir Kristján Þórður: „Það má segja að sú kennd sem ríkir í ljóðum hans sé ákveðin hryggð yfir hverfulleika lífsins og forgengileika alls, en maður skynjar samt mjög sterklega ást hans á tungumálinu, skáldskapnum og náttúrunni. Mér finnst svo fallegt hvernig hann talar um í kvæðinu Í Árnasafni að fýsnin til fróðleiks og skrifta geti lyft huganum úr dustinu. Honum er líka mjög hugleikið hið innra líf manneskjunnar, það sem lifir í huga manneskjunnar þótt margt breytist. Þó að mjög víða í kvæðum hans sé að finna hugsanir um fánýti og fallvaltleika þá er skáldskapur hans líka stundum mjög innilegur, sérstaklega þegar hann yrkir um minningar, bernskuna og liðna tíð.

Svo má ekki gleyma því að þótt Jón sé alvarlegt skáld þá eru mörg kvæði hans létt og skemmtileg. Hann er mikill húmoristi, eins og sést til dæmis í kvæðinu Á afmæli kattarins sem ég held alveg sérstaklega upp á. Svo verður að geta þess að Jón var alveg frábær ljóðaþýðandi og þar nýtur sín smekkvísi hans og vald yfir tungumálinu og bragnum.“

Dýrgripur fyrir alla

Kristján Þórður segist hafa heillast af kveðskap Jóns um leið og hann eignaðist kvæðasafn hans frá árinu 1986 skömmu eftir útgáfu þess. „Ég hef verið hugfanginn af skáldskap hans síðan. Þessi bók hefur fylgt mér mjög lengi og ég les í henni reglulega. Mér finnst alveg sérstakt gleðiefni að nú sé búið að endurútgefa kvæðasafn hans þannig að skáldskapur hans, bæði frumort ljóð og þýðingar, sé aðgengilegur nýjum lesendum. Kvæðasafn Jóns Helgasonar er dýrgripur fyrir alla þá sem unna íslenskri tungu og skáldskap.“

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 38. STARFSÁR

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2019



7. DES. LAUGARDAGUR KL. 18 OG 8. DES. SUNNUDAGUR KL. 16

Hrífandi og hátíðleg jólastemmning í fagurlega skreyttri kirkjunni!



Mótettukórinn, Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju og úrvalslið einsöngvara flytja Messías eftir Georg Friedrich Händel undir stjórn Harðar Áskelssonar á aðventu í ár. Messías er eitt háleitasta og fegursta verk tónlistarsögunnar. Flutningur á Messíasi er hátíðarviðburður sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Flytjendur:

Mótettukór Hallgrímskirkju
Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

Stjórnandi:
Hörður Áskelsson




Konsertmeistari:
Tuomo Suni






Einsöngvarar:
Herdís Anna Jónasdóttir sópran
David Erler kontratenór
Martin Vanberg tenór
Jóhann Kristinsson bassi

Aðgangseyrir:
9.900 kr. svæði A
(úrvalssæti fremst í kirkjunni)
6.900 kr. svæði B (öll önnur sæti)

20. DES. FÖSTUDAGUR KL. 12

JÓLIN KOMA!

Kammerkórinn Schola cantorum flytur fjölbreytta jólasöngva og jólasálma

Schola cantorum syngur inn jólin á stemmningsfullum hádegistónleikum, þar sem eftirvænting, fögnuður og friður jólanna ræður ríkjum. Heitt súkkulaði í suðursal að tónleikunum loknum.

Flytjendur: **Schola cantorum**, **kammerkór Hallgrímskirkju** og einsöngvarar úr röðum kórfélaga. Stjórnandi: **Hörður Áskelsson**

Aðgangseyrir: 3.000 kr.





Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

30. DES. MÁNUDAGUR KL. 20
31. DES. GAMLÁRSDAGUR KL. 16

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

2 trompetar og orgel



Hátíðartónlist fyrir 2 trompeta og orgel eftir Vivaldi, Bach, Albinoni o fl.




Tveir afburða ungir íslenskir trompetleikarar koma nú frá New York og París til að færa okkur hátíðarstemmningu áramótanna í samleik við Klais- orgelið í annað sinn, en þeir heilluðu áheyrendur með glæsilegum leik sínum um síðustu áramót.

Einir vinsælustu tónleikar ársins eru nú haldnir í 27. sinn!

Flytjendur: **Baldvin Oddsson** trompetleikari, **Jóhann Nardeu** trompetleikari og **Björn Steinar Sólbergsson** orgelleikari við Hallgrímskirkju.

Aðgangseyrir: 3.500 / 4.000 kr.

Menntamálaráðuneytið · Reykjavíkurborg · HALLGRÍMSKIRKJA

Miðasala í Hallgrímskirkju og á **midi.is**

listvinafelag.is · motettukor.is · scholacantorum.is

Nærbrók Kristjáns IX

Nærbuxnanjósnararnir er ný barnabók eftir Arndísi Þórarinsdóttur. Segir hjarta og erindi verða að vera til staðar í barnabókum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



„Mér fannst freistandi að segja fleiri sögur af þessum persónum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nærbuxnanjósnararnir eftir Arndísi Þórarinsdóttur er framhald af Nærbuxnaverksmiðjunni sem kom út í fyrra og fjallar um sömu persónur, Gutta og Ólínu. „Gutti er svolítið meðvirkur, prúður drengur sem þolir ekki neitt vesen. Ólína er skvetta sem dregst að öllu veseni,“ segir Arndís. „Í fyrri bókinni stóð til að rífa nærbuxnaverksmiðjuna en vinunum tókst að koma í veg fyrir það og í staðinn var opnuð samfélagsmiðstöð, Rumpurinn. Í framhaldsbókinni eru Gutti og Ólína aðalspaðarnir í þessari samfélagsmiðstöð en nýráðinn húsvörður hendir þeim út. Þau brjótast inn og sjá að eitthvað einkennilegt er á seyði, ýmislegt er horfið, þar á meðal mikilvæg nærbrók frá konungskomunni 1874 sem var sérsaumuð fyrir Kristján IX. Gamalmenni sem hefur haldið þarna til er gufað upp og sömuleiðis kanína sem nýverið hefur eignast unga. Svo Gutti og Ólína leggja af stað með kanínuungann Svölu Björgvins til að rannsaka málið,“ segir Arndís.

Borgaraleg óhlýðni

Spurð af hverju hún hafi ákveðið að skrifa framhaldsbók segir hún: „Ég var komin með sögusvið og persónur sem voru í skemmtilegu samspili. Mér fannst freistandi að segja fleiri sögur af þessum persónum frekar en að finna upp hjólið. Ég skynja líka að krökkum finnst gaman að hitta aftur gamla kunningja.“

> ÉG HEF FRÉTT AF BÖRNUM SEM LESA BÓKINA YFIR MORGUNMATNUM OG BÖRNUM SEM NEITA AÐ FARA AÐ SOFA Á KVÖLDIN AF ÞVÍ ÞAU VILJA LESA."

Bókin er nýkomin út en Arndís hefur þegar fengið góð viðbrögð. „Það að blanda saman prakkaralegu fyrirbæri eins og nærbuxum og virðulegu fyrirbæri eins og löngu dauðum kóngi kitlar krakka. Ég hef frétt af börnum sem lesa bókina yfir morgunmatnum og börnum sem neita að fara að sofa á kvöldin af því að þau vilja lesa. Bókin hefur því valdið borgaralegri óhlýðni á einhverjum heimilum, sem er hið besta mál.“

Hjarta og erindi

Þegar Arndís er spurð hvað henni finnist verða að vera til staðar svo barnabók virki svarar hún: „Hjarta og erindi. Börn bregðast við skemmtilegum karakterum, áhugaverðu sögusviði og húmor en ef erindið er ekkert þá fellur allt hitt um sjálft sig og lesandinn man ekki eftir bókinni viku eftir að hafa lesið hana.“

Hún segist vera komin með byrjun á bók númer þrjú. „Sjö ára sonur minn, aðstoðarmaður minn, veit svo alveg hvað á að gerast í bók númer tíu! Hann er upphafsmaðurinn að öllu saman. Þegar hann var fimm ára spurði ég hann hvernig sögu hann vildi lesa. Hann sagði að sagan ætti að vera um vélmenni sem gæti skotið nærbuxum. Ég stóðst ekki mátið að reyna að verða við þessari ósk og úr varð Nærbuxnaverksmiðjan.“

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

29. NÓVEMBER 2019

Tónlist

Hvað? Sálmasöngur við orgelleik
Hvenær? 17.00-17.30
Hvar? Dómkirkjan í Reykjavík
Flytjendur eru söngkonan Guðbjörg Hilmarsdóttir og organistinn Kári Þormar. Aðgangur er ókeypis.

Orðsins list

Hvað? Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar
Hvenær? 13.00-16.00
Hvar? Kaldalón í Hörpu

Hvað? Áhrif ríkisfjármála á norska hagkerfið
Hvenær? 14.00
Hvar? Sölvhóll, fundarherbergi í Seðlabankanum
Frummælandi: Arnaldur Sölvi Kristjánsson, sérfræðingur hjá norska fjármálaráðuneytinu.



Sýning á náttúrurlífsmyndum Jóns Baldurs Hlíðberg verður opnuð í Litla galleríi við Strandgötu í Hafnarfirði.

Hvað? Uppljómun. Dulræn reynsla föður eftir lát sonar
Hvenær? 20.00
Hvar? Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Björn Hjálmarsson, barna- og unglingageðlæknir, heldur erindi sem er opið öllum áhugasömum.

Myndist

Hvað? Sýningin Augnablik
Hvenær? 18.00-20.00
Hvar? Litla gallerý, Strandgötu 19, Hafnarfirði
Þversnið af verkum Jóns Baldurs Hlíðberg síðustu 30 ár, fuglar, fiskar, fornverur og örlítil upplifun af flóru landsins. Hann verður á staðnum við opnun.

Dans

Hvað? Tangó praktika og milonga
Hvenær? 21.00-24.00
Hvar? Kramhúsið, Skólavörðustíg
Argentínskur tangó dunar. Dj er Hlynur og gestgjafar Sigríður & Hlynur. Opni tíminn ókeypis, milongan 1.000 kr.

Morðin á berklahælinu

BÆKUR

Hvítidauði
★★★½☆
Ragnar Jónasson

Útgefandi: Bjartur
Fjöldi síðna: 380



Ragnar Jónasson er einn þeirra íslensku glæpasagnahöfunda sem hafa getið sér gott orð fyrir glæpasögur sínar á erlendri grund auk þess sem hann nýtur mikilla vinsælda hérlendis. Í nýjustu bók sinni, Hvítidauði, sýnir Ragnar að hann nær óðum betri tökum á þessu formi með haglega fléttaðri sögu.

Glæpurinn sem um ræðir er framinn árið 1983. Hjúkrunarfræðingurinn Tinna mætir alltaf fyrst á morgnana í vinnuna á berklahælið og því verður það hennar hlutskipti á rigningarmorgni að koma að líki samstarfskonu sinnar sem greinilega hefur verið myrt. Það er þó bara byrjunin og atburðirnir á berklahælinu verða örlagavaldar í lífi bæði starfsmanna þar, lögreglufólksins sem rannsakar málið og síðast en ekki síst afbrotafræðingsins Helga sem þjátíu árum síðar velur sér þessa atburði sem efni í lokaritgerð og tekur því upp þráð rannsóknarinnar að nýju.

Berklar eru skelfilegur sjúkdómur og er nafn bókarinnar dregið af þeim en sjúkdómurinn var oft kallaður hvítidauði vegna þess fölva sem lagðist yfir sjúklingana. Berklarnir, berklahælin sem stofnuð voru og það samfélag sem þar var hefur orðið ýmsum að sagnaefni, meðal annars hefur Arnaldur Indriðason gert þessu efni góð skil í sínum bókum. Þrátt fyrir nafn þessarar bókar er hún ekki um berklana sjálfa nema að litlu leyti þó vissulega komi þeir við sögu enda gerast glæpirnir á berklahæli.

Hvítidauði kemur við á þremur tímaskeiðum, um miðja öldina, árið 1983 og svo 2012, sem ekki tengjast öll í fljótu bragði en fléttast fimlega saman að lokum og fléttan er langt frá því að vera fyrirsjáanleg heldur tekur söguþráðurinn nokkrar óvæntar beygjur áður en lausnin er í sjónmáli.

Inn í söguna fléttast svo gamlir kunningjar úr fyrri bókum Ragnars, lögreglukonan Hulda Hermannsdóttir og samstarfsmenn hennar, þó þau séu frekar í bakgrunni í þessari bók en sá hluti sögunnar sem gerist 2012 skarast einmitt við atburði í annarri bók Ragnars þar sem Hulda er í aðalhlutverki. Þá er einnig snert á ýmsum samfélagsmálum eins og alkóhólisma, heimilisofbeldi og einmanaleika sem er sívaxandi vandamál í nútímasamfélagi.

Hvítidauði er ljómandi glæpasaga, persónugalleríið fjölbreytt og mannlegt og vel haldið utan um þræði. **Brynhildur Björnsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Spennandi og vel fléttuð glæpasaga.

HAVE A MERRY KEXMAS



JÓLAMATSEÐILL 2019

FORRÉTTIR

Kex graflax
Með dill, blönduðum pipar, avocado sneið, rifinni piparrót og jurtamajónesi.

Ristaður rauðrófuhummus
Ásamt súrdeigsbrauði og pistasíuhnetum.

Nautatartar
Með blönduðum sveppum, ferskum brómberjum og sólskokkaflögum.

AÐALRÉTTIR

Steiktur Lax
Með sítrónudressingu, regnbogagulrótum, rósmarín og blönduðum sveppum.

Lambalæri
Með blönduðum sveppum og brúnni piparsósu.

MEÐLÆTI

Sykurbrúnaðar kartöflur.
Smælki með jurtum.
Karamelliserað rauðkál með ristuðum hesli- og pekanhnetum.
Grilluð pera með hunangsmarineringu.
Salat.

EFTIRRÉTTIR

Omnom Súkkulaðimús
Með kanilmulningi, ferskum hindberjum og bláberjum.

Vanilluís
Með kanilmulningi, ferskum hindberjum og bláberjum.

5.990 kr.-
Matseðillinn gildir fyrir 10 manns eða fleiri

KEX HOSTEL • SKÚLAGATA 28 • 101 REYKJAVIK
TEL +354 561 60 60 • WWW.KEXHOSTEL.IS
EVENTS@KEXHOSTEL.IS

KEX

Kósíkvöld á RÚV



Í kvöld kl. 19.45

Skemmtiþáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Þátttakendur etja kappi í taugatrekkjandi stöfunarkeppni, sérhannaðri útgáfu af hengimanni og fleiri þrautum.



Í kvöld kl. 20.40

Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Brakandi fersk tónlistaratriði og ómissandi innslög Berglindar Festival koma landsmönnum í helgarstemninguna.

RÚV okkar allra

DAGSKRÁ

Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Gettu betur 1987 FA - ML
13.40 Stöðvarvík
14.05 Hvað hrjáir þig?
14.45 Séra BrownFather
15.30 Söngvaskáld Egill Ólafsson Í fyrsta þættinum syngur Egill Ólafsson nokkur lög og spjallar við hlustendur. Egil þarf ekki að kynna fyrir landsmönnum. Hann hefur um árabil fengist við alls konar tónlist með hljómsveitum sínum Spilverki þjóðanna, Þursaflokknum og Stuðmönnum, og hefur sungið tangó, klassík og fleira og fleira með hinum og þessum. En Egill hefur líka gefið út nokkrar sólóplötur með tónlist sinni og kannski verður það eitthvað af þeim toga sem hann syngur í þættinum.
16.20 Ofurheilar - Ofsahræðsla
16.50 Fyrir alla muni - Bréfin Í þessum þætti eru skoðuð gömul bréf sem fundust nýlega og geta mögulega varpað nýju ljósi á marga af merkustu mönnum Íslandssögunnar.
17.20 Landinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.28 Tryllitæki Maxat
18.36 Græðum - Nýtni Hvað verður um allt það sem við hendum í ruslið, hvað verðum um gamla dótið okkar þegar við hættum að nota það, eða fötin okkar þegar þau eru orðin of lítil, af hverju eru sumir hlutir bara einnota? Er allt sem heitir einnota í alvöru bara einnota? Inga María Eyjólfsdóttir ætlar að svara þessum spurningum í samvinnu við Umhverfisstofnun. Krakkar: Guðni Steinar Guðmundsson og Guðmundur Breki Guðmundsson.
18.40 Krakkavikan
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Kappsmál
20.40 Vikan með Gísla Marteini
21.25 Á vit draumanna
22.10 Barnaby ræður gátuna - Deyjandi list
23.40 Raging Bull Naut í flagi Óskarsverðlaunamynd frá árinu 1980 í leikstjórn Martins Scorsese sem segir frá lífi hnefaleikakappans Jake LaMotta. Skapofsi hans kemur að góðum notum innan hringsins og gerir LaMotta að meistara í sinni grein, en eyðileggur hægt og rólega líf hans utan hringsins. Aðalhlutverk: Robert De Niro, Cathy Moriarty og Joe Pesci. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
01.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.30 Spanish Ladies Open Útsending frá Spanish Ladies Open á Evrópumótaröð kvenna.
10.30 Alfred Dunhill Championship Bein útsending frá Alfred Dunhill Championship á Evrópumótaröðinni.
15.30 Nedbank Golf Challenge Útsending frá Nedbank Golf Challenge á Evrópumótaröðinni.
20.00 Spanish Ladies Open Bein útsending frá Spanish Ladies Open á Evrópumótaröð kvenna.
23.00 Alfred Dunhill Championship

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Family Guy
14.15 The Voice US
15.00 Top Chef
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 Will and Grace
19.45 Man with a Plan
20.10 The Voice US
21.40 Puncture
23.20 Rocky 5
01.00 The Late Late Show
01.45 The First
02.35 Mayans M.C.
03.35 Kidding
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Skyndibitinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Bítlatónlist á íslensku og ensku - fyrri þáttur
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Hús úr húsi
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 A League of Their Own
12.55 The Mercy
14.35 Mark Felt. The Man Who Brought Down the White House
16.20 A League of Their Own
18.30 The Mercy
20.15 Mark Felt. The Man Who Brought Down the White House
22.00 Skyscraper
23.45 The Driftless Area
01.20 Life
03.00 Skyscraper

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.20 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Famous In Love
10.10 The New Girl
10.30 Jamie's Quick and Easy Food
10.55 Planet Child
11.40 Atvinnumennirnir okkar
12.10 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
13.00 'Tis the Season for Love
14.25 Home alone 2. Lost in New York
16.25 Margra barna mæður
16.55 Seinfeld
17.20 Mom
17.40 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Allir geta dansað Önnur þáttaröð þessara frábæru skemmtiþátta sem sýndir eru í beinni útsendingu og eru byggðir á hinum geysivinsælu þáttum Dancing With the Stars.
20.55 X-Factor Celebrity
22.15 Borat
23.40 The Interview
01.30 Renegades
03.15 Crossfire Spennumynd frá 2016 um Samönthu Harrison sem þarf að takast á við lífið eftir að hún snýr aftur frá Írak eftir að hafa sinnt skyldu sinni í þjóðvarðaliði Bandaríkjanna.

STÖÐ 3

19.10 The Middle
19.35 The Last Man on Earth
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 The Simpsons
21.15 American Dad
21.40 Shrill
22.10 Euphoria
23.00 Lýðveldið
23.25 Friends
23.50 The Middle
00.15 The Last Man on Earth
00.40 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

06.30 Braga - Wolves
08.10 Feyenoord - Rangers
09.50 Celtic - Rennes
11.30 Arsenal - Frankfurt
13.10 Astana - Manchester United
14.50 Njarðvík - Haukar Útsending frá leik í Dominos deild karla.
17.00 La Liga Report Upphitunarþáttur fyrir leikina í spænsku úrvalsdeildinni.
17.30 Evrópudeildarmörkin
18.20 Keflavík - Fjölnir Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
20.10 Stjarnan - KR Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
22.10 Dominos Körfuboltakvöld karla Leikirnir í Dominos deildinni gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
23.50 Swansea - Fulham Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

STÖÐ 2 SPORT 2

19.40 Swansea - Fulham Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

HÚSASMIÐJAN

blómaval



KOLSVARTA TILBOÐSBLAÐIÐ Á HUSA.IS

38 BLAÐSÍÐUR AF GEGGJUÐUM TILBOÐUM

KOLSVARTUR

FÖSTUDAGUR

20-40%

SERÍUR OG JÓLALJÓS

Opið til kl. 21 í Skútuvogi til jóla

-33% AFSLÁTTUR

AMARYLLIS RIDDARASTJARNA Í POTTI

1.990 KR.

~~2.990 KR.~~

-25% AFSLÁTTUR

JÓLASÝPRIS 3 STÆRÐIR VERÐ FRÁ:

599 KR.

~~799 KR.~~

25% AFSLÁTTUR JÓLASKRAUT

FYRIR AÐVENTUNA

LIFANDI GRENI

499 KR.

~~599 KR.~~

-50% AFSLÁTTUR

JÓLASTJARNA STÓR OG FLOTT

999 KR.

~~1.990 KR.~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana. Gildir ekki af „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar eða tilboðsvörum. Gildir 29. nóvember á meðan birgðir endast.

Makita

Makita verkfæri

25% afsláttur

DEWALT

DeWalt verkfæri

25% afsláttur

Gervijólatré

25% afsláttur

STANLEY

Stanley loftpressur

30% afsláttur

FLETTU SJÁÐU FLEIRI TILBOÐ

Skoðaðu öll tilboðin í bæklingnum á husa.is

Tilboðin gilda til miðnættis í vefverslun meðan birgðir endast



HÚSASMIÐJAN

blómaval

Mörg þúsund tilboð, aðeins í dag í Húsasmiðjunni

Á meðan birgðir endast

KOLSV



-36% AFSLÁTTUR

BORVÉL 18V
+ 100 FYLGIHLUTIR

28.795 KR.

~~44.995 KR.~~

5247080

HiKOKI



-40% AFSLÁTTUR

HNÍFASETT
Í STANDI, 8 STK.


5.994 KR.

~~9.990 KR.~~

2001874

BerlingerHaus

SPARAÐU 15.00 KR.



ÞURRKARI
7 KG, BARKALAUS

54.990 KR.

~~69.990 KR.~~

1835643

Electrolux

-50% AFSLÁTTUR



TAKMARKAÐ MAGN

BORVÉL 12V
+ 100 FYLGIHLUTIR

9.995 KR.

~~19.945 KR.~~

5245566

BLACK+ DECKER

Electrolux



BRAUÐRIST
FYRIR 2 SNEIÐAR

5.390 KR.

~~8.990 KR.~~

1840204

-40% AFSLÁTTUR



GEORGE FORMAN
FITNESS GRILL

4.893 KR.

~~6.990 KR.~~

1841110

-30% AFSLÁTTUR

KLIKKAÐ VERÐ



ÞVOTTAVÉL
7 KG, 1200 SN., A+++

49.990 KR.

~~59.990 KR.~~

1805436

Electrolux

-30% AFSLÁTTUR



BLANDARI
1,5 LTR., 450W

7.900 KR.

~~11.285 KR.~~

1840155

Electrolux

-40% AFSLÁTTUR



RYKSUGA
CLASSIC

9.594 KR.

~~15.990 KR.~~

1805299

Electrolux




Pottar og pönnur
30% afsláttur



Bökunarvörur
30% afsláttur



Blöndunar- og hreinlætistæki
25% afsláttur



Parket og flísar
25-40% afsláttur



Matarstell, glös og hnífapör
30% afsláttur



Hreinsiefni og áhöld
30% afsláttur

www.husa.is

Tilboðin eru líka í vefverslun Húsasmiðjunnar á husa.is

Tilboðin gilda til miðnættis í vefverslun meðan birgðir endast



KOLSVARTA TILBOÐSBLAÐIÐ Á HUSA.IS

38 BLAÐSÍÐUR AF GEGGJUÐUM TILBOÐUM

Opið til 21:00 alla daga til jóla í Skútuvogi

SVARTUR FÖSTUDAGUR



PÖNNUSETT
3 STK., I-ROSE
6.290 KR.
~~10.490 KR.~~
-40% AFSLÁTTUR
2002807
BerlingerHaus



KAFFIVÉL
12 BOLLA MEÐ TÍMASTILLI
-30% AFSLÁTTUR
4.830 KR.
~~6.900 KR.~~
1841178



BORVÉL 18V
SETT MEÐ 3 RAFHLÖÐUM
-40% AFSLÁTTUR
19.945 KR.
~~34.995 KR.~~
5151104
STANLEY



VERKFÆRASKÁPUR
5 SKÚFFUR, 62,5X46X88 CM
-38% AFSLÁTTUR
24.995 KR.
~~39.995 KR.~~
5024492
NEO TOOLS



FJÖLNOTAVÉL
300W, SAGAR OG PÚSSAR
-40% AFSLÁTTUR
10.795 KR.
~~17.995 KR.~~
5245980
BLACK+DECKER



VEGG- OG LOFTAMÁLNING
9 LTR.
5.995 KR.
~~10.395 KR.~~
-42% AFSLÁTTUR
7119784



GUFUSTRAUJÁRN
4.193 KR.
~~5.990 KR.~~
-30% AFSLÁTTUR
1829273
Electrolux



ELDHÚSTÆKI
FERRO ZUMBA
-50% AFSLÁTTUR
6.995 KR.
~~13.990 KR.~~
7810100
FERRO

TAKMARKAÐ MAGN


Black Friday sérvara, aðeins í boði á meðan birgðir endast í **Skútuvogi, Grafarholti og vefverslun.** Þessi vara verður ekki fáanleg aftur.



Skoðaðu fleiri **Philips Hue** vörur í netblaðinu

BLACK FRIDAY SÉRVARA
HUE START ALMENN, HVÍT 9,5W, E27.
11.795 KR.
6166746
PHILIPS
hue personal wireless lighting


Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl, úrval getur verið mismunandi milli verslana. Gildir ekki af „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar eða tilboðsvörum. Gildir 29. nóvember á meðan birgðir endast.



Ryksugur
30% afsláttur



Kaffivélar og brauðristar
30% afsláttur



Black+Decker verkfæri
30% afsláttur



Verkfæratöskur
30% afsláttur



Nilfisk háþrýstidælur
30% afsláttur



Hikoki verkfæri
25% afsláttur

Skoðaðu öll tilboðin á husa.is

Ath. úrval getur verið misjafnt milli verslana



www.husa.is



Ferðin var í samstarfi við veitingastaðin KO.RE og Atli Snær, eigandi og aðalkokkur staðarins, matreiddi kóreskan mat með grænlensku ívafi fyrir gesti sem fannst ekki ónýtt að fá heitan og vel kryddaðan og mat í köldu norðrinu.



Erpur og Dj Moonshine hljóðmaður með meiru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Erpur á Grænlandi

Snapchat: babarinn
Instagram: slakibabarinn

Rapparinn **Blaz Roca** lagði land undir fót nú í haust og fór til Grænlands, þar sem hann skemmti. Með honum í för var veitingamaðurinn Atli Snær, sem rekur staðinn KO.RE í Mathöllinni á Granda.

Blakkát geta verið misgáfuleg eins og þjóðin veit nú þegar alltof vel. Hressandi birtingarmynd er að plana utanlandsferðir eftir einn, eða tuttugu og einn, en svo hálfa leiðina út á Keflavíkurflugvöll hljómar Magaluf og Bene ekkert svo vel. Iceland Air Connect flýgur hins vegar frá Reykjavíkurflugvelli beint til Grænlands, fríhöfn og allt," segir rapparinn Erpur Eyvindarson, einnig þekktur sem Blaz Roca.

„Ísland er búið að vera heitasti áfangastaður ferðalanga heimsins núna í nokkur ár en almennt eru ferðamenn að sækja norður. Grænland á þannig framtíðina fyrir sér en ballið er rétt að byrja, þegar nýi alþjóðaflugvöllurinn og þjóðvegurinn verða reddí á allt eftir að breytast," segir Erpur.

„Í dag ferðast menn um þetta risavaxna land með þyrlum, bátum og snjófarartækjum, lítill túrismi þannig séð. Svo það er sérstaklega spennandi að skella sér núna. Túristarnir fatta það bráðum, hérna á Íslandi til dæmis borga menn tugi þúsunda til að skoða sílamáva og veiða ufsa en þegar maður fer rétt út fyrir byggðarlög Grænlands sér maður þvílíkar ófreskjur; rostunga, ísbirni og haugana af stórhvelum."

Hann segir Nuuk vera frekar nútímalega.

„Þarna getur þú keypt ferska exótíska ávexti, kókoshnetur og einhverja veislu og næsta búð við hliðina grænjar þig með alls konar hvalkjöti og sauðnauti," segir Erpur.

„Snjósleðar og mótorhjól eru reyndar bönnuð innan borgarmarka og þú sérð fleiri Porsche heldur en hundasleða, en engu að síður mjög frábrugðið og spennandi. Við vorum sem sagt með matar og menningar pop-up, Blaz-Roca rapp festival og KO.RE setti kóreskan götumat sinn í grænlenskan búning, var með hreindýr og selkjöt við gríðarlega ánægju heimamanna," segir Erpur.

„Við fylltum þarna skemmtistaðinn Manhattan og létum íslenskar Kópavogsrímur föndra við mannskapinn. Við gerum það sama núna um helgina í Færeyjum á hinum hálf íslenska Sirkus í Þórshöfn. Það verða með okkur rapparar af svæðinu og hráefnið verður það líka, eflaust grindhvalur og pysjuvængir með kimchi."

Næsti þátturinn af Landanum á RÚV verður mikið til undirlagður af Grænlandsævintýri þeirra Erps og félaga.

„Svo verða frændur okkar í Færeyjum í sviðsljósinu þessa helgi, fólk getur fylgst með Instagramminu minu og Snapchatti. Atlantic Airways flýgur reyndar frá Keflavíkurflugvelli en fyrir vikið er flugið sneggra, enda þota sem um ræðir, en ekki hugguleguspaðarellurnar sem ferja mann til Grænlands."

steingerdur@frettabladid.is



Markús og Erpur í Grænlandsför sinni.



Erpur segir tíma til kominn að fólk hætti að fara til sólarlanda í ölæði þegar vel og beint liggur við að skreppa yfir til nágranna okkar Grænlendinga.



Erpur kynntist auðvitað frábæru fólki á norðurslóðum.

ILVA

LITRÍKUR

SVARTUR FÖSTUDAGUR

29. NÓVEMBER - 2. DESEMBER

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Sparaðu allt að **70%**

AF VÖLDUM VÖRUM

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.

Lotus **49.950**

SPARAÐU 49.950



ALLIR LOTUS SÓFAR **50%**

LOTUS SÓFI. 3ja sæta sófi með bláu eða ljósgráu áklæði.
L217 cm. 99.900 kr. **NÚ 49.950 kr. SPARAÐU 49.950 kr.**

RELIEF GLÖS Sparaðu **60%**



RELIEF
Whisky glös - 4 í pk. 2.995 kr. **Nú 1.198 kr.**
Glös með handfangi - 4 í pk. 2.995 kr. **Nú 1.198 kr.**
Kampavínsglös - 4 í pk. 2.995 kr. **Nú 1.198 kr.**
Karafla 0,7L. 7.995 kr. **Nú 3.198 kr.**

NÚ **14.950** **50%**



HYPE STÓLL. Blátt eða vínrautt velúr.
29.900 kr. **Nú 14.950 kr.**

ÖLL JÓLAVARA Sparaðu **40%**



ÖLL UMAGE LJÓS Sparaðu **30%**



PASSION MATARSTELL Sparaðu **70%**



PASSION MATARSTELL
Matardiskur Ø28 cm. 1.695 kr. **Nú 508 kr.**
Hliðardiskur Ø23 cm. 1.295 kr. **Nú 388 kr.**
Kanna með handfangi. 995 kr. **Nú 298 kr.**

NÚ **2.970** **70%**



STOOL KOLLUR. Natur með brúnu Suede sæti eða svartur bambusstóll. 9.900 kr. **Nú 2.970 kr.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Með djúpa ástríðu fyrir jólaþorpum

Ólafur Hlynur Guðmarsson, verslunarmaður á Selfossi, er óumdeilanlega eitt mesta jólabarn landsins. Hann hefur hannað sín eigin jólaþorp í tíu ár og nú í haust lét hann til skarar skríða og opnaði sína eigin jólaverslun.

Eftir nokkurra ára búsetu á mölinni í Reykjavík flutti Ólafur í sumar með fjölskyldunni til Selfoss. Þar unir þessi 41 árs gamli sunnlenski sveitapiltur, frá bænum Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi, hag sæinum vel í endalausu jólaskapi. Kona hans er Hanna Sigga Unnarsdóttir og eiga þau saman þrjár dætur, 15 ára, 3 ára og 18 mánaða.

„Ég hef unnið í verslunum í 20 ár, sem sölumaður eða á lager," segir Ólafur. „Ég hef einnig þjálfað knattspyrnu í 20 ár og þar af fimm ár í Danmörku. Nú hafa þeir skór farið á hilluna og jólaskórnir komnir fram."

Í september opnuðu Ólafur og Hanna verslunina Heimilið og jólin á Selfossi, en þar selja þau jólavörur, heimilisvörur og húsgögn.

Í um 10 ár hefur Ólafur byggt jólaþorp á heimilinu, með upplýstum húsum, snjó og fólki. „Þetta byrjaði allt með einu húsi. Fyrsta húsið sem ég eignaðist var reyndar svona míní-hús þar sem ég pantaði vitlaust á netinu," segir hann en Ólafur pantar öll sín hús hjá ameríska netverslunum. „Ég er búinn að vera mikið á flakki vegna vinnu og þar sem fjölskyldan er á víð og dreif um landið var það dálítið heillandi að setja saman þorp sem tæki á móti mér þegar ég vakna eða kem heim."

Jólaþorpið í ár er nú þegar orðið stórt og iðar að lífi og jólaanda. Aðspurður hversu mikil vinna það sé að setja upp þorp af þessari stærðargráðu segir Ólafur það taka um tvær vikur.

„Ég hef ekki enn þá sett upp allt þorpið mitt þar sem ég á meira en hundrað hús og er með tvær litlar sem finnst gaman að fikta. Í ár höfum við því húsin í þeirri hæð að þær geta aðeins horft en ekki snert," segir hann og brosir. „Við byrjum alltaf á því að ákveða hvaða stað þorpið fær á heimilinu og þá sjáum við hversu stórt við getum haft það. Svo röðum við húsunum á gólfið og veljum þau hús sem við viljum hafa."

Gerð jólaþorpsins í ár var auðveldari en áður að sögn Ólafs, því að í gegnum verslun sína gátu þau keypt botna, bakgrunn og fylgihluti. Í ár var ákveðið að þemað yrði fjallaþorp. „Við eigum líka lest. Ég sé fyrir mér að þegar stelpurnar verða eldri munum við nota stórt svæði fyrir þorpið og látum lestina keyra í kringum það. Einnig myndum við setja upp fjöll fyrir aftan með húsum í hlíðunum. Þá yrði þetta skemmtilega lifandi þorp," segir Ólafur með tilhlökkun.

Ólafi er annt um jólaþorpin og viðurkennir að hafa sýnt stjórnsemi við uppsetninguna. „Ég er svo smámunasamur að það getur verið erfitt að leyfa öðrum að koma að þessu. En þegar ég hef sett þorpið upp þá fá elsta stelpan og frúin á heimilinu að setja sitt mark á það," segir hann. „Í framtíðinni sé ég samt alveg fyrir mér að það verði nokkurs konar fjölskylduviðburður að setja upp þorpið. Það verður meira lifandi og sérstakt þegar allir fá að koma með sín blæbrigði."

Víkur nú talinu að jólaverslun-inni. „Ég er mikið jólabarn. Við vildum vinna sjálfstætt og við eitthvað sem okkur þætti skemmtilegt að gera. Þess vegna varð jólabúð fyrir valinu," segir hann.

Vörurnar sem Ólafur notar í þorpin selur hann nú í nýju verslun-inni. Hann segir að hingað til hafi verið mjög erfitt að fá landslagið og ýmsa aukahluti hér á landi. „Þegar maður hefur þetta landslag þá þarf maður ekki að vera að vesenast með frauðplast eða sand eða steina."



Ólafur hefur gert jólaþorp í tíu ár en á eftir að nota öll húsin sín 100 í einu.







Ólafur eignaðist fyrsta jólahúsið fyrir einhvers konar öfugsnúið jólakraftaverk þegar hann pantaði það fyrir mistök á netinu. Það klúður hefur heldur betur dregið gleðilegan dilk á eftir sér þar sem hann hefur í áratug reist mismunandi jólabæi með tilstandi sem er að verða fjölskylduhefð.



FJÖLSKYLDAN ER AÐ VENJAST ÞVÍ AÐ ÞETTA ÞARF AÐ FÁ SINN TÍMA OG SINN STAÐ Á HEIMILINU.

Fyrstu jólin eru nú brátt að hefjast hjá búðareigendunum og búast má við miklum erli, gleði og stemningu. „Hjá flestum ná jólin því besta út úr manni. Þú eyðir tíma með fjölskyldunni og leggur þig fram við að gleðja aðra," segir Ólafur. „Hugsaðu þér bara, ef við gerðum það allt árið."

Ólafur er augljóslega ekki einn af þeim sem kvarta þegar jólaskraut er sett upp í nóvember eða látið hanga fram yfir þrettándann, garga þegar jólalögin heyrast utan desembermánaðar. „Ef ég fengi að ráða þá væri þorpið mitt uppi allt árið. En núna fer það upp í september eða október og ég tek það niður í febrúar. Það er bara svo gaman að hafa þorpið uppi í rökkrinu."

Aðspurður um hvort fjölskyldan hafi alltaf skilning á ástríðu hans fyrir jólaþorpinu og plássinu sem það tekur segir Ólafur það vera í ferli. „Fjölskyldan er að venjast því að þetta þarf að fá sinn tíma og sinn stað á heimilinu."

kristinnhaukur@frettabladid.is

PIER

NÚ 99.900
sparaðu 90.000 kr.



MANHATTAN sófi. Velúr áklæði. 220x90x77 cm. ~~189.900 kr.~~ Nú 99.900 kr.

BLACK FRIDAY

HÚSGÖGN
20-50%
AFSLÁTTUR

JÓLAVÖRUR
30-70%
AFSLÁTTUR

KERTI OG ILMIR
50%
AFSLÁTTUR

MYNDIR
50%

ALLAR VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR

SÓFAR
20-50%
AFSLÁTTUR

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

www.pier.is

Þetta tilboð gildir 29. nóv - 2. des. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

KORPUTORG
LAU OG SUN 12-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SELFOSS
LAU 10-18 SUN 12-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30



Frægir á ferð og flugi

ÞUNGAROKK Í SVARTHVÍTU

Þungarokkskóngurinn Ozzy Osbourne söng á American Music Awards sem fram fór í Microsoft-höllinni í Los Angeles. Þar sló hann ekki beint á létta strengi. Hafði þá þunga en sló í gegn eins og yfirleitt þegar Guðfaðir rokksins kemur fram.

Jólin eru á næsta leiti og þá skríður fræga fólkið úr skel sinni til að sýna sig og sjá aðra. Opna jólahátíð, syngja á verðlaunahátíð eða dæma eina slíka eins og sjónvarpskóngurinn Simon Cowell. Ljósmyndarar Getty sofa ekki á verðinum frekar en fyrri daginn og myndavélar þeirra eru alltaf einum smelli frá snilld.



GOÐSAGNAR HÁI HESTUR

John Legend skellti dömunni sinni Lunu á háhest á götum New York. Fátt betra en skemmtilegur háhestur. Móðirin, Chrissy Teigen, fylgist með úr fjarska í stórkostlegri kápu.



SJÓNVARPSKÓNGURINN

Simon Cowell ásamt eiginkonu sinni Lauren Silverman eftir að hafa dæmt í Celebrity X Factor í LH2 stúdíóinu í London. Þau skelltu sér út að borða eftir þáttinn og brostu framan í heiminn. Þá á heimurinn að brosa til baka.

PRINSINN Í HEIMSÓKN

Karl Bretaprins hefur verið í heimsókn á Solomoneyjum þar sem hann hefur notið gestrisni heimamanna. Þeir sýndu honum meðal annars stríðsdans og veiðitæki sín sem vöktu forvitni prinsins.





PARTÍGOSAR

Dwayne Johnson og Danny DeVito sátu blaðamannafund á hóteli í Cabo í Mexíkó þegar þeir fréttu af brúðkaupsveislu á næstu hæð. Þeir flautuðu blaðamannafundinn af og skelltu sér í veisluna og skemmtu sér konunglega. Brúðhjónin voru allavega ánægð.



VAMPÍRUJÓL

Sjálf Sarah Michelle Gellar, sem gerði garðinn frægan sem vampírubaninn Buffy var mætt til að opna jólaþorp í Kaliforníu. Söng þar og dansaði ásamt sveinka og Fik-Shun. Ekkert víst að það hafi klikkað.



LÆKNADRAMA Í NBA

Ellen Pompeo, sem túlkar Meredith Grey í læknadramanu Grey's Anatomy, skellti sér á NBA leik ásamt Spike Lee og Jackson Lee. Sá þar grannaslag New York Knicks og Brooklyn Nets og skemmti sér vel. Ekkert drama að þessu sinni.



HITINN KALLAR Á VATN

Hilary Duff fór út að labba í hitanum. Fékk sér vatn. Lítið meir um það að segja.



FERSKA LOFTIÐ

Leikkonan stórkostlega Selma Blair skellti sér í göngutúr um götur Los Angeles. Blair hefur minnkað við sig vinnu að undanförnu en stutt er síðan hún tilkynnti að hún væri með MS-sjúkdóminn.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

33%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í VERSLUNINNI*

AÐEINS FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, HARÐPARKETI O.FL.

*Gildir frá verðlistaverði

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Tarkett PORCELANOSA VENIS EQUIPE imola KERAMA MARAZZI Tweber UZIN codex RAIMONDI BERRY ALLOC

Dramatíseraðir krúnuleikar Windsoranna


Konungsfjölskyldan stæði tæpast undir vinsældum The Crown ef höfundarnir poppuðu persónur og atburði ekki ítrekað upp þannig að þættirnir ákaflega sannfærandi sögufölsun þar sem öll atburðarásin hvílir á raunverulegum atburðum og ekki er allt sem sýnist.

Netflix fann konunglega gullnámu í The Crown. Þriðja þáttaröðin er brakandi fersk milli tannanna á fólki og vinsældirnar eru slíkar að sú fjórða er handan við hallarhornið og þá munu heldur betur æsast krúnuleikar þegar Díana prinsessa, Sarah Ferguson og Margaret Thatcher storma á sviðið og atburðir færast stöðugt nær okkur í tíma.

Langlífi þáttanna er í raun, eins og hjá Elísabetu sjálfri, skrifað inn í genamengi þeirra þar sem perversjónir, klaufagangur afkomenda Elísabetar, með reglulegu tilfinningalegu uppnámi í höllinni, leggja grunninn að framhaldsþáttum hraðar en hægt er að kvikmynda þá.

Kannski eigum við eftir að fá að sjá Obama knúsa litlu ömmustrákana hennar Díönu í náinni Netflix-framtíð? Munu foreldrar Meghan tromma upp við hirðina? Eigum við kannski eftir að slást í för með Andrési prins í heimsókn til höfuðperra ríka og fræga fólksins, Jeffrey Epstein? Möguleikarnir eru endalausir.

toti@frettabladid.is



Þögult pönk

Með örfáum undantekningum skautar The Crown alveg fram hjá tónlistarmenningarsögulegum stórbyltingum í Bretlandi sem endurómuðu um gervalla heimsbyggðina.

David Bowie fékk þó sitt augnablik undir lok þriðju seríu þegar Anna prinsessa brunar á kaggaanum sínum til Buckingham-hallar með Starman í botni. Virðingarvert en hvernig er hægt að sniðganga Bítlana, líta fram hjá Stones og láta eins og pönkið og Sex Pistols hafi ekki snúið öllu á hvolf með því að leika undir silfurafmæli drottningarinnar með því að garga God Save The Queen með eftirminnilegum tilþrifum?



Prins pervertanna

Andrés prins hefur lagt sitt þunga lóð á vogarskálar gremju móður sinnar og hefur heldur bætt í ef eitthvað er í seinni tíð. Eins og fífl hefur hann með perversjónum og hroka sennilega verið útlægur ger úr höllinni. Hann fitjaði upp á sitt konunglega trýni í fyrra þegar hann tjáði sagnfræðilegum ráðgjafa þáttanna að hann myndi aldrei horfa á The Crown. Sennilega eins gott hans vegna en við erum alveg til í að fá að sjá meira af skandalasögunni endalausu sem hann hefur skrifað sjálfum sér á lífsleiðinni.







Klámvísukvöld í Hvíta húsinu

Fólk þarf ekki að hafa neina sérstaka yfirburðaþekkingu á bresku konungsfjölskyldunni til þess að átta sig á að Windsorarnir eru ekki eins áhugaverðir og þeir eru í The Crown. Líklega er Filippus drottningarmaður kaldlyndur, svipljótari en Voldemort og fádæma orðheppinn þegar hann er í skepnuskapi, sá eini þeirra sem gæti spjarað sig hjálparlítið sem persóna í skáldskap.

Sukklíf og helsjúkt hjónaband Margrétar prinsessu hefur einnig með smá kryddi reglulega kippt þáttunum upp um einn gír eða svo. Og aldrei hefur hún verið hressari en í þriðju seríu þar sem Helena Bonham-Carter glansar í hlutverki hennar.

Hún og sá endalaust vanmetni leikari Clancy Brown, sem Lyndon B. Johnson, forseti Bandaríkjanna, eru burðarbitar eins besta og umtalaðasta þáttar nýju seríunnar þegar Margrét mætir til kvöldverðar í Hvíta húsinu.

Þrátt fyrir ströng fyrirmæli frá Betu, stóru systur, um að hún eigi að bera sig konunglega sleppir hún fram af sér beislinu, fer með klámvísur, gerir lítið úr John Kennedy og heillar Johnson upp úr skónum, opnar lánalínu og bjargar efnahag Bretlands.

Frábær þáttur og skemmtileg saga en því miður algert kjaftæði byggt á staðreyndum. Peter Morgan, þáttarstjórnandi The Crown, hefur viðurkennt að hafa skellt skáldafáknum á skeið í þessum þætti og búið til hliðarveruleika þar sem Margrét ryður út úr sér klámvísum, smellir kossi á forsetann og snýr heim sem hetja.

Hún mætti vissulega til kvöldverðar í Hvíta húsinu, ásamt eiginmanninum Snowdon lávarði og í dagbók Hvíta hússins var fært til bókar að forsetinn hefði dansað umtalsvert þetta kvöld, við flestar konur á staðnum og hefði gengið heldur seint til náða.

Óskir bresku ríkisstjórnarinnar um lánafyrirgreiðslu voru ekki á dagskrá prinsessunnar. Ekkert frekar en sá gagnkvæmi skilningur sem á að hafa myndast milli varaforseta Kennedys og varadrottningar Elísabetar. En hafa skal það sem betur virkar.



Ekki alveg Júlía og Rómeó

Eins og frægt er orðið hafði Camilla Shand, síðar Parker-Bowles, hernumið hjarta Prinsins af Wales löngu áður en hann kvæntist lafði Díönu Spencer þrátt fyrir yfirlýsingar um að hann væri ekki alveg viss um merkinu þess að vera ástfanginn.

Þessi frumástarsaga prinsins er ýkt hressilega í The Crown þar sem Karl og Camilla verða ígildi Rómeó og Júlíu sem Mountbatten lávarður, frændi hans, og amma hans, Elísabet drottningarmóðir, gengu úr skugga um að fengju ekki að njótast og fleyttu Camillu í hjónaband með sperrileggnum Parker-Bowles.

Þetta gengur ekki alveg upp þar sem Mountbatten og drottningarmóðirin voru svarnir óvinir sem hefðu seint gengið í slíkt bandalag. Ást Karls á Camillu eins og hún birtist í þáttunum kviknaði áður en kynni þeirra hófust síðla árs 1972.



Svartur föstudagur

Fjöldi spennandi tilboða um
helgina í verslunum Vodafone.

Kynntu þér málið á vodafone.is

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

vodafone

SR
STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR KYNNIR:



JÓLA FJÖR

með Bergrúnu Írisi

Frábær jólaskemmtun fyrir alla fjölskylduna!

1. desember
Kl. 17.00
Silfurberg



STJÓRNANDI OG ÚTSETJARI
Haukur Gröndal

GESTASÖNGVARI
Ragnheiður Gröndal

Von á barni og skemmtistað

Herra Hnetusmjör gefur út lagið Þegar þú blikkar, í dag, en það er gert með engum öðrum en Björgvini Halldórssyni. Hann á von á barni í febrúar og er andlit skemmtistaðar sem verður opnaður á næstunni.

Fyrst fékk ég hugmynd að viðlagi, jólalagi. Ég fór beint upp í stúdíó þar sem ég átti pantaðan tíma með Þormóði Eiríkssyni. Lagið er sem sagt framleitt af honum og Magnúsi Jóhanni Ragnarssyni. Ég sagði við hann að við værum að fara að gera jólalag. Þetta var of gott viðlag til að sleppa því. Þegar við vorum búnir að semja viðlagið og fyrsta erindið fórum við spjalla saman. Ég er náttúrlega alveg rosalega mikill aðdáandi Bó, ég fékk þannig tónlistarlegt uppeldi," segir rapparinn geðþekki Herra Hnetusmjör.

> **ÞETTA VERÐUR EINS OG AÐ KOMA INN Í HAUSINN Á MÉR. ALLT MJÖG ÝKT, GULL OG VESEN.**

> **FÓLK GETUR FARIÐ UPP Á SVIÐ OG TEKIÐ EITT LAG, SEM ER ALGENGT HJÁ FULLUM RÖPPURUM NIÐRI Í BÆ.**

Mikill aðdáandi

Hann segist hafa verið vinur hans á Facebook og ákvað að taka af skarið og senda honum lagið.

„Honum leist vel á þetta og var mjög til í að vera með í laginu. Við drifum þetta í gang. Svo hentar þetta ótrúlega vel líka út af því að ég er gestur á jólatónleikunum hans. Ég er alveg ógeðslega mikill aðdáandi hans," segir hann.

Áður en hugmyndin að laginu spratt fram var Herra Hnetusmjör fenginn til að taka þátt í jólatónleikum Björgvins Halldórssonar.

„Ég veit ekki alveg af hverju hann fékk mig. Við höfðum einu sinni hist áður, það var baksviðs á einhverri árshátíð. Hann þekkir afa minn og pabba minn. Þannig að hann vissi aðeins hver ég er. Ég held að hann hafi ekki vitað hve mikill aðdáandi ég er, ég hef sagt í viðtölum núna í eitt og hálft ár að ég sé búinn að gera lag með öllum sem mig langar að gera lag með, nema Björgvini Halldórssyni. Ég er búinn að gera lag með Hugin, Erpi og Frikka Dór, núna Bó og núna get ég lagt mækinn á hilluna," segir Herra Hnetusmjör hlæjandi.



Herra Hnetusmjör stendur á margföldum tímamótum. Hann á von á barni og skemmtistað í fangið og hefur loksins gert lag með sjálfum Bó.

Barn og skemmtistaður

Í febrúar á Herra Hnetusmjör von á sínu fyrsta barni, og því er hann á fullu í stúdíóinu til að eiga inni efni til að gefa út, svo kærastan og barnið geti átt hug hans allan í febrúar.

„Ég er að vinna á fullu núna svo ég geti verið algjörlega heima með barninu, svo ég geti dælt út tónlist sem er þá búið að gera."

Það er mikið í gangi hjá Herra Hnetusmjöri, það er ekki bara barn á leiðinni heldur líka skemmtistaður.

„Það er ekki búið að opna, það myndi ekki fara fram hjá neinum. Staðurinn heitir 203 eftir póstnúmerinu á Vatnsenda."

En hverjir eru með honum í þessum nýja skemmtistað?

„Það eru þöglir fjárfestar. Þetta er á tveimur hæðum, fyrir ofan Kebab-húsið. Ég mun vera duglegur að mæta þegar færi gefst en staðurinn er algjörlega eftir því sem ég sækist sjálfur í. Þetta verður eins og að koma inn í hausinn á mér. Allt mjög ýkt, gull og vesen," segir Árni.

Leikherbergi á 203?

Mætir hann þá með konuna og barnið í febrúar?

„Jú, það verður leikherbergi," segir hann og hlær.


Staðurinn verður opnaður á næstu vikum en Herra Hnetusmjör segir mikla áherslu lagða á að það sé gaman að koma fram þar.

„Það er gott hljóðkerfi, ekki bara fyrir þá sem eru að dansa heldur líka fyrir þá sem eru að koma fram. Það eru mónitorar á sviðinu sem er ekki algengt. Ég vildi setja þetta þannig upp að það væri mjög auðvelt fyrir fólk að koma fram algjörlega fyrirvaralaust. Fólk getur farið upp á svið og tekið eitt lag, sem er algengt hjá fullum röppurum niðri í bæ," segir hann og hlær.

Lagið Þegar þú blikkar kemur út í dag og hægt er að nálgast það á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



Toppskórinn

BLACK FRIDAY
27. NÓV.-4. DES.

LÁGMARK 50% AF ÖLLUM SKÓM

SMÁRATORGI, KÓPAVOGI

Opið virka daga	11.00-18.00
Laugardaga	11.00-18.00
Sunnudaga	12.00-18.00

VÍNLANDSLEIÐ, GRAFARHOLTI

Opið virka daga	11.00-18.00
Laugardaga	11.00-18.00
Sunnudaga	12.00-17.00

Skór.is
netverslun

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi
Outlet Grafarholti

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM







25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM



25%
AFSLÁTTUR
SKÍÐADEILD







SKÍÐA-OG
BRETTABÚNAÐURINN
ER Í SMÁRALIND

BJARTUR FÖSTUDAGUR

Í ÚTILÍF

25% AFSLÁTTUR

ENDURANCE ATHLECIA

UNDER ARMOUR

NB

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR



Árna Helgasonar

Disney-lúrar

Sex ára dóttir skrifaði nokkrar línur á blað um daginn til að lýsa föður sínum. Ég átti von á því að þarna yrði kveðinn upp einhvers konar stóri dómur um mína skapgerð, kosti og galla, áskoranir og horfur. Nokkurs konar jafningjamat líkt og tíðkast í atvinnulífinu. Útkoman var hins vegar önnur og nákvæmari. Það fyrsta sem henni datt í hug að skrifa var að faðir hennar sé duglegur að sækja pitsu en sofni alltaf þegar leigð sé mynd.

Greiningin er út af fyrir sig hárrétt. Föstudagskvöld á heimilinu eru í föstum skorðum. Um sjöleytið fer fjölskyldufaðirinn og sækir pitsu, sem er soðin ýsa nútímans. Í minni æsku voru það stórtíðindi þegar foreldrar mínir féllust á að setja öll sín gildi til hliðar og bjóða upp á heimsenda lágmenningarpitsu í staðinn fyrir ofsoðinn fiskinn sem hélt annars í okkur lífinu. Pitsur eru hins vegar orðnar svo hversdagslegar að beita þarf aga til að fá börnin til að klára.

Eftir að pitsuátinu lýkur leigir fjölskyldan mynd sem ég horfi á af athygli fyrstu 10 mínúturnar þar til ég sofna svefni hinna réttlátu, líkt og dóttir mín benti á. Undir miðbik myndarinnar er stuggað við mér og óskað eftir því að ég sæki snakk og eftir atvikum drykki. Öllu þessu sinni ég af samviskusemi, skila mér svo aftur þegar vel er liðið á myndina, dotta aðeins til viðbótar en næ svo lokamínútunum. Miðbik flestra Disney-mynda eru því í fullkominni þoku fyrir mér en (Höskuldarviðvörun) þar sem þær enda allar vel hef ég komist upp á lagið með að skálda í eyðurnar.

Á atvinnulífsmáli yrði lýsingin á mér líklega á þá leið ég sé ungmiðaldra maður með mikla þjónustugetu en uppsafnaða svefnþörf.

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM
SKILYRÐISLAUST

ORKAN

BLACK FRIDAY.

Við erum með svolítið sérstakt í versluninni í dag.



Pantaðu bæklinginn okkar á hastens.com



Hästens rúm mun opna augun þín fyrir verðmætum fullkomins svefns. Það er handsmíðað alla leið, úr fullkominni blöndu náttúrulegra hráefna. Þú munt finna muninn. Allan sólarhringinn.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Föstudaginn 29. nóvember 10–22
www.betrabak.is

Betra BAK



BARA Í DAG
FÖSTUDAGINN
29. NÓVEMBER

OPIÐ TIL KL. 22.00

BLACK FRIDAY

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*











UNDRI
HEILSUINNISKÓR

5 zones

BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG



* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, ekki af vörum á jóla- eða afmælisverði og ekki af vörum frá Hästens.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Allar verslanir opnar til kl. 22 í kvöld
www.betrabak.is

Betra BAK

BLACK FRIDAY

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
ALLTAF OPIN

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*



Í TILEFNI DAGSINS
KOLSVARTUR **TIMEOUT**

30% AFSLÁTTUR STÓLL OG SKEMILL

Svart Fantasy leður, svört eik og svartir fætur.
Stóll, fullt verð: 269.900 kr.
Skemill, fullt verð: 69.900 kr.

STÓLL MEÐ SKEMLI

BLACK FRIDAY SÉRTILBOÐ
237.860 kr.

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, ekki af vörum á jóla- eða afmælisverði og ekki af vörum frá Hästens.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Allar verslanir opnar til kl. 22 í kvöld
www.betrabak.is

Betra BAK